

# Greinargerð

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2014

Samþykkt í borgarstjórn 3. desember 2013



**Reykjavíkurborg**



## Efnisyfirlit

### Umfjöllun

Inngangur borgarstjóra .....	1
Forsendur fjárhagsáætlunar 2014 .....	3
Meginniðurstöður .....	18
Kynjuð fjárhags- starfsáætlunargerð.....	31
Reglur um gerð fjárhagsáætlunar.....	32

### Svið

Íþrótt- og tómstundasvið .....	42
Menningar- og ferðamálasvið.....	50
Skóla- og frístundasvið.....	62
Umhverfis- og skipulagssvið .....	77
Velferðarsvið .....	86
Skrifstofur miðlægrar stjórnslu .....	94
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar .....	103
Bílastæðasjóður .....	108
Sameiginlegur kostnaður .....	110
Framlög til B hluta fyrirtækja.....	111
Ný upplýsingakerfi .....	113

### B-hluta fyrirtæki

Faxaflóahafnir .....	118
Félagsbústaðir.....	120
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....	124
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.....	126
Strætó bs. ....	128
Sorpa bs. ....	
Orkuveita Reykjavíkur .....	

# INNGANGUR BORGARSTJÓRA

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar leggur nú fram sína fjórðu fjárhagsáætlun. Hún endurspeglar sóknarhug á öllum sviðum. Reykjavík er góður áfangastaður fyrir ferðamenn enda fjölgar þeim ár frá ári og gott orðspor borgarinnar berst um allan heim. Reykjavík er eftirsóknarverð borg að búa í og getur vel við unað hvað varðar fjölda íbúa og aldurssamsetningu þeirra. Hlutfall fólks á vinnufærum aldri, 18-66 ára er 67% borgarbúa og hlutfall íbúa á aldri 18-45 ára er 43%. Borgarbúum fjölgar og sérstaklega er ánægjulegt að sjá að barnafjölskyldum fjölgar. Í skipulagsmálum er markvisst unnið að því að nýta þau tækifæri sem felast í þéttari byggð. Mikil þörf er á íbúðarhúsnæði í borginni, einkum leiguíbúðum miðsvæðis. Til þess að mæta þessu hafa verið lagðar fram tillögur um nýja húsnæðisstefnu og aukið frambod vel staðsettra leigu- og búseturéttaríbúða. Markmiðið er að auka fjölbreytni á húsnæðismarkaði, vinna að félagslegum fjölbreytileika í hverfum borgarinnar og stuðla að því að fleiri geti keypt sér húsnæði á viðráðanlegu verði í samræmi við nýja húsnæðisstefnu og nýtt Aðalskipulag Reykjavíkur.

Mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa nýtt aðalskipulag fyrir borgina og kynna það, auk margra deiliskipulagsverkefna vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Gert er ráð fyrir háu framkvæmdastigi á vegum Reykjavíkurborgar á næsta ári og að fjárfestingar muni nema 8,4 milljörðum. Það mun skapa aukin atvinnutækifæri fyrir verktaka, iðnaðarmenn og verkafólk. Framtíðarsýn hefur verið mörkuð með samspili nýs aðalskipulags og nýrrar atvinnustefnu fyrir Reykjavík. Gert er ráð fyrir vaxandi framkvæmdum einkaaðila í borginni vegna hótél- og íbúðabygginga og má ætla að framkvæmdastig verði talsvert hærra en undanfarin ár. Hins vegar dregur úr áformuðum framkvæmdum á vegum ríkisins í borginni miðað við fyrirbyggjandi frumvarp að fjárlögum.

Velferðarmálin eru að sönnu mikilvægustu verkefni sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg verji 22 milljörðum til þeirra á árinu 2014 eða 31% af heildarútgjöldum Aðalsjóðs. Enda þótt efnahagshrunið sem varð á árinu 2008 heyri á vissan hátt sögunni til eru borgarbúar enn að glíma við afleiðingar þess sem birtist m.a. í vaxandi þunga á heimili margra Reykvíkinga sem hafa ekki enn fengið atvinnu en misst réttinn til atvinnuleysisbóta. Einnig hjá ungu fólki sem aldrei hefur fengið tækifæri á vinnumarkaði til að sýna hvað í því býr. Þetta ástand birtist í hærri fjárhæðum sem þarf að verja til fjárhagsaðstoðar og velferðarmála, en einnig í auknum fjármunum sem verja á til að skapa þessum einstaklingum tækifæri til aukinnar virkni og atvinnu.

Pegar litið er til frumvarps ríkisstjórnarinnar til fjárlaga virðist hún ætla að draga sig út úr mikilvægum vinnumarkaðsaðgerðum eins og *Liðsstyrk* sem hefur verið samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og atvinnurekenda. Verði það niðurstaðan mun staða atvinnulausra Reykvíkinga verða bágbornari en áður og atvinnutækifæri þeirra færri. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar mun beita sér fyrir því að þegar verði hafinn undirbúningur að vinnumarkaðsaðgerðum á árinu 2014 með þátttöku ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja er taki föstum tókum um þann vanda sem við blasir. Lögð verður sérstök áhersla á úrræði fyrir ungt fólk 18-24 ára og þá sem vilja vinna en hafa verið utan vinnumarkaðar lengur en fjögur ár. Þessir hópar ungs fólks þurfa á meiri stuðningi að halda en aðrir. Aðstæður til aðgerða eru nú betri en undanfarin ár þar sem gert er ráð fyrir meiri hagvexti.

Málefni fatlaðs fólks voru færð frá ríki til sveitarfélaganna árið 2011. Eins og við var búist hefur þjónustan aukist og batnað. Á árinu sem er að líða hóf borgin tilraunaverkefni með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) en ríkið styður það verkefni með 20% kostnaðarþátttöku. Gert er ráð fyrir áframhaldi á þessu tilraunaverkefni á næsta ári. Eftir um tveggja ára rekstur á þjónustu við fatlað fólk liggur fyrir að tekjur sem áttu að fjármagna verkefnið standa ekki undir útgjöldum þrátt fyrir augljós samlegðaráhrif. Brýnt er því að ríkið tryggi fulla fjármögnun á þessari mikilvægu þjónustu.

Skólamálin eru fyrirferðarmikil í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eins og undanfarin ár enda eru grunnskólarnir, leikskólarnir og frístundaheimilin lykilstofnanir í nútíma þjóðfélagi. Gert er ráð fyrir að 38,6 milljörðum verði varið til stofnana skóla- og frístundamála á næsta ári en það er um 52% af heildarútgjöldum Aðalsjóðs borgarinnar. Skóla- og frístundastarf leggur með heimilunum grunninn að mótun og velgengni næstu kynslóða. Árangurinn í þessu starfi birtist meðal annars í jákvæðum niðurstöðum viðhorfskannana ár eftir ár.

Þrátt fyrir þrönga stöðu í fjármálum hafa í þessari fjárhagsáætlun verið settar inn auknar fjárveitingar til að mæta auknum útgjöldum, m.a. til sérkennslu. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur á kjörtímabilinu lagt áherslu á að leita tækifæra til að gera reksturinn hagkvæmari en nú eru stigin nokkur skref í þá átt til þess að hægt sé að auka fjármagn til nýsköpunar og framfara í skólasterfinu. Þetta verður áframhaldandi verkefni á næstu árum þrátt fyrir að í þessari áætlun sé ekki gert ráð fyrir frekari breytingum að sinni.

Samantekið verður varið tæpum 61 milljarði til velferðarmála, grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 sem er 83% af útgjöldum Aðalsjóðs.

Í þessari fjárhagsáætlun verður, eins og í tengslum við fjárhagsáætlanir síðustu tveggja ára, opnað fyrir aukna lýðræðislega aðkomu borgarbúa að því að forgangsraða smærri nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum með hverfapottum. Samráðsvefurinn *Betri Reykjavík* verður notaður til að taka við hugmyndum frá íbúum um þessi verkefni. Er þau hafa verið kostnaðarmetin verður þeim stillt upp svo borgarbúar megi kjósa um þau í rafrænni bindandi kosningu. Þá er unnið að samþættingu mannréttindastefnu og fjármálastefnu borginnar með innleiðingu á kynjaðri fjárhagsáætlunargerð og fyrir dyrum stendur að innleiða árangursmiðaða fjárhagsáætlunargerð til að tryggja hagkvæma meðferð og ráðstöfun fjármuna borgarinnar.

Fjármálastjórn borgarinnar einkennist af ábyrgð, aðhaldi og stefnufestu. Nýjar fjármálareglur sveitarfélaga knýja á um að jöfnuði sé náð milli reglubundinna tekna og gjalda yfir hvert þriggja ára tímabil og að það takist að lækka hlutfall skulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum á næstu tíu árum þannig að það verði ekki hærra en 150%. Aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur frá 2011 hefur staðist ef frá er talin seinkun í sölu eigna utan kjarnastarfsemi, en Orkuveitan gegnir lykilhlutverki í því að ná ofangreindum markmiðum. Allt bendir til þess að bæði Orkuveitan og samstæðan í heild sinni nái jafnvægi og ásættanlegu skuldahlutfalli á allra næstu árum.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar hefur ákveðið að halda álagningarhlutfalli fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði á árinu 2014 óbreyttu í 0,2% og lóðarleigu sömuleiðis 0,2%. Þessi álagningarhlutföll eru áfram með því allra lægsta sem gerist á landinu. Leikskólagjöld og gjöld vegna skólamáltíða verða einnig áfram með því lægsta á landinu.

Reykjavík er frábær borg. Ódýr og góð þjónusta borgarinnar laðar stöðugt fleira fólk til höfuðborgarinnar. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2014 er sóknaráætlun sem jafnframt endurspeglar ábyrga fjármálastjórn.



# FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2014

## Helstu þjóðhagsforsendur

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 28. júní sl.

Þjóðhagslegar forsendur Hagstofuspár	2012	2013	2014
Einkaneysla	2,7	1,9	3,0
Samneysla	-0,2	0,5	0,0
Fjármunamyndun	4,4	-3,6	14,1
Atvinnuvegafjárfesting	8,6	-14,3	13,4
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	6,9	23,7	25,9
Fjárfesting hins opinbera	-17,0	20,9	0,2
Þjóðarútgjöld, alls	1,9	0,5	3,8
Útflutningur vöru og þjónustu	3,9	2,3	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	4,8	0,2	4,5
Verg landsframleiðsla	1,6	1,7	2,7
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	6,3	6,6	5,5
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-4,9	-1,0	-3,4
Viðskiptajöfnuður, án innlánsstofnana í slitameðferð, % af VLF	0,8	1,2	0,0
Vísitala neysluverðs	5,2	3,5	3,0
Gengisvísitala	2,4	-0,6	0,6
Raugengi	0,6	1,9	1,0
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	5,8	4,8	4,5
Launavísitala	7,8	5,5	5,6
Alþjóðlegur hagvöxtur	0,8	1,0	1,9
Alþjóðleg verðbólga	2,2	1,7	1,8

Aðrar mikilvægar forsendur	2013	2014
Íbúafjöldi í Reykjavík 1. janúar	119.764	121.034
Atvinnuleysishlutfall í Reykjavík*	5,9%	5,6%
Breyting á vinnumagni**	0,7%	1,3%
VNV innan árs	3,2%	2,5%

\* Gert ráð fyrir að atvinnuleysi í Reykjavík verði 1,1% hærra en á landinu öllu.

\*\* Gert er ráð fyrir að vinnumagn í Reykjavík aukist í samræmi við aukningu á landsvísu.

## Ytri skilyrði

Mikil óvissa er enn eitt árið um framvindu efnahagsmála á alþjóðavettvangi. Evrusvæðið sem óumdeilanlega er eitt mikilvægasta viðskiptasvæði Íslendinga glímir við skuldavanda lykilríkja. Evrópusambandsríkin hafa náð saman um aðgerðir sem virðast duga til að skapa nauðsynlega tiltrú á fjármálamörkuðum. En lítið þarf út af að bera til að bakslag komi og skuldakreppan gæti magnast á ný með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Fylgst er náið með því hvernig leiðtogum Evrópusambandsríkja, Seðlabanka Evrópu og Framkvæmdastjórn ESB tekst til að skapa ákveðna tiltrú á lausnir efnahagsvandans.


Þá gætir vaxandi vantrúar á dollarann og bandaríska peninga- og fjármálastjórn. Alríkisstofnanir voru lokaðar um tíma vegna deilu þings og framkvæmdavalds um fjárlög og sjúkratryggingalög. Evrópuþjóðir, Japanir og Kínverjar hafa hvatt Bandaríkjamenn til að sýna ábyrgð gagnvart dollaranum og heiminum sem á mikið undir bandarískri peninga- og fjármálastjórn. Líklegt þykir að málamiðlanir verði fundnar áður en skaðinn fyrir bandarískt þjóðarþú, með miklum afleiddum áhrifum á heimsbúskapinn, verður of stór. Alþjóðabankinn hefur bent á að meðan skuldakreppan heldur áfram að breiðast út megi búast við löngu óstöðugleikatímabili í heimshagkerfinu. Hvetur bankinn evruríkin til að einbeita sér að aðgerðum sem auka framleiðni og langtímahagvöxt fremur en að bregðast stöðugt við daglegum markaðssveiflum á fjármálamörkuðum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur undanfarið einnig vakið athygli á mikilvægi þess að efla hagvöxt og taka lengri tíma í aðlögun opinberra fjármála en hingað til hefur verið stefna sjóðsins. Hagvaxtarspár OECD og AGS gera ráð fyrir nokkrum hagvexti í hagkerfum heimsins en einkum utan Evrópu og Bandaríkjanna og þá helst í Kína, Indlandi og Brasilíu. Batnandi hagvaxtarhorfur eru taldar vera í Bandaríkjunum, Japan og þróunarríkjum. Spáð er tæplega 2% hagvexti meðal helstu viðskiptalanda Íslands á næsta ári.

Við þessar aðstæður hefur aðgengi íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana að erlendu lánsfé reynst afar takmarkað og Ísland hefur verið skilgreint af lánshæfisfyrirtækjum sem áhættusamt svæði, ýmist með skírskotun til útkljáðra skuldaskila „gömlu bankanna“, ábyrgða og skuldastöðu ríkisins og/eða með tilvísun í gjaldmiðilinn og takmarkanir á gjaldeyrismörkuðum. Þá er ljóst að neyðarlögin frá 2008 hafa haft neikvæð áhrif á erlenda lánveitendur og þeirra gætir enn.

## Helstu hagspár um hagvöxt, einkaneyslu og fjárfestingar

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 28. júní sl.

Hagstofan gerir ráð fyrir að hagvöxtur ársins 2013 nemi 1,7% en í þjóðhagsspá í júlí 2012 gerði Hagstofan ráð fyrir 2,5% hagvexti. Hagstofan gerir í júní sl. ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði 2,7% sem er heldur lægra en í þjóðhagsspá í júlí 2012. Íslandsbanki spáði því í október 2013 að hagvöxtur á árinu 2013 yrði 2,6% sem er mun meiri hagvöxtur en aðrir greiningaraðilar gera ráð fyrir en spáin fyrir 2014 er svipuð spám Hagstofu, Seðlabanka, OECD og AGS. Spá ASÍ frá júlí sl. sker sig hins vegar úr hvað varðar hagvaxtarspá næsta árs og gerir aðeins ráð fyrir 1,5% hagvexti.




Tiltölulega litlar breytingar á hagvexti endurspeglar í raun miklar breytingar á þjóðarhag. Eins og kemur betur fram hér á eftir skipta forsendur (spár) um fjármunamyndun miklu máli varðandi mat ofangreindra aðila á þróun hagvaxtar. Á undanförunum árum hefur gengið illa að spá einmitt um fjármunamyndun og mun verr en að spá um hagvöxt.

Tvær atvinnugreinar hafa mikil áhrif á þróun hagvaxtar. Annars vegar sjávarútvegur en ætla má að fiskveiðistefna undanfarinna ára skili sér í vaxandi stofnstærðum og veiðiheimildum á næstu árum. Almennt gera spár ráð fyrir að helstu hagkerfin taki við sér á árinu 2014 og reiknað er með að hagvöxtur þeirra verði á bilinu 1,5%-2,0%. Hárvöruverð er næmt fyrir hagsveiflum og reikna má með hækkandi útflutningsverði sjávarafurða á næstu misserum með batnandi hag í helstu viðskiptalöndum. Einnig eru merki um áframhaldandi vöxt í ferðamannageiranum og Ísland virðist höfða til æ stærrí hóps erlendis. Lágt gengi íslensku krónunnar á hér vafalaust sinn þátt. Miklar fjárfestingar eru áformaðar í hótélum og annarri tengdri starfsemi í þessari grein.


Hagvaxtarspár Hagstofu hafa gjarnan sótt afl sitt í spár um þróun einkaneyslu annars vegar og fjárfestingar hins vegar. Megindrífkrafturinn að baki hagvexti á Íslandi hefur undanfarin ár verið einkaneysla enda hefur fjármunamyndun verið afar lítil frá efnahagshruninu 2008. Spá um einkaneyslu á árinu 2013 byggði aðallega á væntingum um aukinn kaupmátt launa og ráðstöfunartekna. Þróun einkaneyslu á árinu 2013 var undir væntingum Hagstofu og er það skýrt með minni kaupmætti launa, minni útgreiðslu séreignarsparnaðar, lægri bótageiðslum en ætlað var og þess að skuldavandi heimilanna dregur úr einkaneyslu.

Nú gerir Hagstofan ráð fyrir að einkaneysla á árinu 2014 aukist um 3% á móti 1,9% 2013 og byggir sú spá einkum á væntingum um aukinn kaupmátt launa í kjölfar komandi kjarasamninga. Það er mat Fjármálaskrifstofu að gangi spá Hagstofu eftir um launabreytingar og fjármunamyndun séu að öðru óbreyttu líkur á meiri verðbólgu og minni aukningu kaupmáttar launa en spá Hagstofu gerir ráð fyrir. Þá má benda á að miklar launahækkanir geta líka dregið úr fjárfestingum. Hagstofan setur þann varnagla við sína spá að skuldavandi heimilanna geti dregið úr væntri aukningu einkaneyslu. Spár Seðlabanka, OECD og AGS eru svipaðar spá Hagstofu um vöxt einkaneyslu 2014 en spá ASÍ frá júlí sl. sker sig úr og gerir aðeins ráð fyrir 1,5% aukningu einkaneyslu 2013 og 1,7% aukningu 2014.






Eins og áður segir hafa fyrirætlunir um fjárfestingar, sérstaklega fjárfestingar í orku- og stóriðjugeira, haft mikil áhrif á spá Hagstofu og annarra greiningaraðila um hagvöxt. Hagstofan gerði ráð fyrir því árið 2013 að fjármunamyndun myndi aukast um 5,3% árið 2013 en nú er talið að hún dragist saman um 3,6%. Þar vegur þungt að talið er að atvinnuvegafjárfesting dragist saman um 14,3% sem einkum er rakið til minni stóriðjufjárfestinga en ætlað var. Hagstofan spáir um 14,1% aukningu í fjármunamyndun og 13,4% aukningu í atvinnuvegafjárfestingum árið 2014. Að baki liggja m.a. áform um uppbyggingu orkuvera Landsvirkjunar, uppbyggingu á Bakka vegna kísilvers og byggingu álvers í Helguvík. Þá skipta fjárfestingar í íbúðarhúsnæði miklu máli í fjármunamynduninni. Gert er ráð fyrir að þær aukist um 23,7% á árinu 2013 og um 25,9% á árinu 2014. Mikil umframeftirspurn er um þessar mundir eftir íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu en á endanum ræður kaupmáttur launa, lánaskilmálar og úrlausn á skuldavanda heimilanna miklu um tímasetningar á þessum fjárfestingum.



Eins og myndin hér að ofan sýnir eru spár Hagstofu og OECD um fjármunamyndun keimlíkar. Spá ASÍ er talsvert bjartsýnni og virðist byggja á því að mjög miklar orku- og stóriðjuframkvæmdir einkenni atvinnuvegafjárfestingar strax á næsta ári (32,9%) en jafnframt miklar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. Í þeirri spá er þó gert ráð fyrir meiri samdrætti á árinu 2013 en í spá Hagstofu.

## Gengi, verðlag, vextir og laun


Í þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir styrkingu krónunnar á árinu 2013 en í raun veiktist krónan í upphafi árs m.a. vegna versnandi viðskiptakjara, uppkaupa Landsbanka á gjaldeyri og þungra afborgana af erlendum lánum. Síðan tók við ákveðinn styrkingarferill sem m.a. tengist stefnumarkandi aðgerðum Seðlabanka að freista þess að ná meiri gengisstöðugleika með virkri þátttöku á gjaldeyrismarkaði. Reiknað er með nokkuð stöðugu gengi út þetta ár. Á heildina lítið er engu að síður talsverð gengissveifla innan ársins. Samtímis því að gengi krónunnar á árinu 2013 hefur enn verið lágt í sögulegu samhengi stríða útflutningsgreinar við versnandi afurða-verð og takmarkaðan sjávaraflla. Spáð er að gengið veikist lítillega á árinu 2014. Ljóst er að þegar kemur að því að fjármagnshöft verða afnumin eða takmörkuð að miklu leyti mun koma til umtalsverðrar lækkunar gengis a.m.k. til skemmri tíma lítið þótt hér sé engu spáð um tímasetningar á því.



Sterkt samhengi er á milli innflutningsverðs og launa annars vegar og verðlags hins vegar. Gengi íslensku krónunnar endurspeglar síðan aðlögun íslenska hagkerfisins að umheiminum. Áætlað er að vísitala neysluverðs hækki á árinu 2014 um 3% og á yfirstandandi ári um 3,5%. Íslendingar eru mjög háðir innfluttum vörum og verðlagsbreytingar á þeim m.a. fyrir tilstilli gengisbreytinga ganga yfirleitt beint í gegnum hagkerfið. Í alþjóðlegum spám er gert ráð fyrir lítilri verðbólgu í helstu viðskiptalöndum Íslands og spá Hagstofu gerir eins og áður segir ráð fyrir litlum gengisbreytingum. Áhrifin á verðbólgu hérlendis verða m.v. þessar spár fyrst og fremst af innlendum uppruna.

Hagstofan spáir 5,6% hækkun launavísitölu á árinu 2014. Með einföldun má gera ráð fyrir að fyrirtæki landsins fjármagni þessa launahækkun annars vegar með hækkun verðs á vöru og þjónustu og hins vegar með framleiðniaukningu. Þar sem Hagstofan spáir aðeins 3% verðlagshækkun 2014 verður augljóslega að koma til umtalsverðrar framleiðniaukningar. Að öðrum kosti verða fyrirtæki að mæta auknum launakostnaði annaðhvort með minni framlegð eða með enn frekari verðhækkunum á vörum og þjónustu. Ekki er spáð fyrir um framleiðniaukningu í þjóðhagsspá Hagstofunnar en í spá Íslandsbanka frá október sl. er gert ráð fyrir að framleiðni vinnuafis aukist um 1,5% árið 2014. Miðað við þetta þykir ólíklegt að hækkun launa um 5,6% valdi aðeins 3% verðbólgu, að því gefnu að þróun verðlags á árinu ráðist fyrst og fremst af innlendum aðstæðum eins og áður segir.

Á meðfylgjandi mynd er sýnt samspil framleiðni, verðlags og launa árin 2013 og 2014. Hér ber að athuga að Hagstofan spáir í júní sl. 3,5% hækkun á vísitölu neysluverðs á árinu 2013. Því virðast launahækkunir ársins 2013 að fullu skýrðar með framleiðniaukningu og verðlagshækkunum eins og meðfylgjandi mynd ber með sér. Hins vegar vantar talsvert upp á að það sama gildi um spár fyrir árið 2014.



Svo virðist sem fjármálamarkaðir meti verðbólguhorfur hagstæðar um þessar mundir, þrátt fyrir að framundan séu kjarasamningar á öllum vinnumarkaðnum. Óhætt er að segja að mikil óvissa ríki um niðurstöður þeirra og þar með um allt er varðar þróun verðlags og gengis á árinu 2014.

Miklar launahækkningar geta jafnframt dregið úr áformum um fjárfestingar sem eru skilyrði fyrir aukinni tekjusköpun í hagkerfinu.

Líklegt er að stýrivextir verði áfram háir hér á landi vegna veiks gjaldmiðils og óstöðugleika hagkerfisins. Stýrivextir hafa bein áhrif á lán banka hjá Seðlabanka en virka yfirleitt strax á aðra vexti. Við vaxandi óvissu í jaðarhagkerfi er tilhneigingin sú að bilið breikki á milli innláns- og útlánsvaxta.


Ekki liggur fyrir formleg spá um þróun (stýri-)vaxta 2014 eða næstu árum en í síðustu ákvörðun peningastefnufundar er vikið að því að þörf kunni að vera á stýrivaxtahækkun reynist launahækkningar verða of miklar í komandi kjarasamningum.

## Íbúapróun og atvinnuástand


Íbúar Reykjavíkur voru 119.764 hinn 1. janúar 2013 en voru á sama tíma 2012 um 118.814 og hafði þannig fjölgað um 950 manns milli ára. Karlar í upphafi ársins voru 59.351 en konur 60.413. Erlendir ríkisborgarar voru í upphafi ársins 9.550 og hafði þeim fjölgað á milli ára um 430 manns en alls voru brottfluttir umfram aðflutta í Reykjavík 50 manns árið 2012 en voru 937 árið 2011. Gert er ráð fyrir að íbúar borgarinnar verði 121.034 hinn 1. janúar 2014 og fjölgi á milli ára um 1,1%. Hagstofan spáir ekki sérstaklega fyrir um þróun mannfjölda í Reykjavík þannig að hér er fylgt landsspá.

Gert er ráð fyrir að vinnumagn (full ársverk) aukist um 1,3% á milli ára 2013 og 2014 í Reykjavík í samræmi við landsspá Hagstofu.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar jókst atvinnuleysishlutfallið í Reykjavík umfram landshlutfallið hratt eftir árið 2008 og varð hvað mest um 2,2 prósentustigum umfram landshlutfallið um miðbik ársins 2011. Frá 2011 hefur hins vegar dregið úr atvinnuleysi í Reykjavík og er það nú um 0,8%-stigum umfram landshlutfallið miðað við stöðuna á 2. ársfjórðungi 2013. Í þessari umfjöllun og á meðfylgjandi mynd hafa gögn um atvinnuleysi verið árstíðaleiðrétt þannig að í hverjum fjórðungi er sýnt meðaltal atvinnuleysis síðastliðið ár.



Svæðisbundin þróun fjölda starfandi í fullu starfi og hlutastarfi segir svipaða sögu yfir sama tímabil miðað við samþærilega meðhöndlun á ársfjórðungsgögnum. Frá 2007 til 2011 dróst fjöldi starfandi í Reykjavík saman um rúmlega 10% eða um 7.600 manns samanborið við um 3% fækkun starfandi á landsvísu. Sérstaka athygli vekur að á sama tímabili jókst fjöldi starfandi í Kraganum um 4%. Í samanburði milli fyrri árs helminga 2011 og 2013 hefur dregið verulega úr slaka í fjölda starfandi meðal þeirra sem eru með lögheimili í Reykjavík en samkvæmt vinnnumarkaðsrannsókn Hagstofu hefur starfandi Reykvíkíngum fjölgað um tæp 3.000 eða um 5% yfir tveggja ára tímabil.



## Skatttekjur

Skattlagningu borgarinnar er settur rammi með lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Skiptast skattar í útsvar og fasteignaskatta.

### Útsvar

Mat á útsvarstekjum Reykjavíkurborgar árið 2014 fylgir forsendum þjóðhagsspár Hagstofunnar um þróun launavísitölu og vinnumagns. Samkvæmt þjóðhagsspá hækkar launavísitala um 5,6% árið 2014 og vinnumagn eykst um 1,3%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði áfram 14,48% og að tímabundin heimild til fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar verði ekki framlengd á árinu 2014.

Samkvæmt þessum forsendum er áætlað að útsvarstekjur borgarinnar verði um 57.267 mkr árið 2014. Þar af eru nettótekjur vegna álagningar ársins 2013, skattbreytinga og niðurfærslu langtímaútsvarskrafna áætlaðar 1.461 mkr. Að frádregnum framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 6.802 mkr vegna grunnskóla og málefna fatlaðs fólks er gert ráð fyrir að nettó útsvarstekjur borgarinnar verði um 50.465 mkr. Miðað við endurskoðaða áætlun ársins 2013 hækka útsvarstekjur milli ára um 3,4%.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir helstu áhættuþættir vegna útsvarstekjuspár fyrir 2014, tilgreint áhættustig og fjárhæðir í húfi að öðrum þáttum óbreyttum. Sýnd eru sérstaklega áhrif 1% lækkunar launavísitölu og 1% minnkunar vinnumagns á útsvarstekjur.

Áhættur tengdar útsvarstekjum			
Áætlaðar nettó tekjur 2014	Áhættuþættir	Áhættustig (talsverð eða mikil áhætta)	Fjárhæð í húfi að öðrum þáttum óbreyttum
50.465 mkr	Þróun launavísitölu	Mikil áhætta	1% lækkun á launavísitölu minnkar útsvarstekjur um <b>405 mkr.</b>
	Þróun vinnumagns	Mikil áhætta	1% minnkun vinnumagns minnkar útsvarstekjur um <b>520 mkr.</b>
	Nettótekjur vegna álagningar fyrra árs, skattbreytinga og niðurfærslu	Talsverð áhætta	Óvissa er metin á um <b>500 mkr.</b>

### Fasteignaskattar

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði verði óbreytt á milli ára eða 0,2% af fasteignamati. Ennfremur er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis standi í stað á milli ára og verði einnig 0,2% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65% af fasteignamati og af opinberu húsnæði 1,32% sem eru hámarksálagningarhlutföll. Þá er gert ráð fyrir að lóðarleiga vegna atvinnu- og opinbers húsnæðis verði óbreytt eða 1% af fasteignamati lóðar.

Áætlað er að tekjur Aðalsjóðs vegna fasteignagjalda, það er fasteignaskatta og lóðarleigu, nemi 13.935 mkr árið 2014 og aukist um 702 mkr á milli ára m.v. áætlun 2013. Gert er ráð fyrir óbreyttu magni eigna miðað við maí 2013. Þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta Aðalsjóðs og Eignasjóðs, þ.e. greiðslna fasteignaskatta og lóðarleigu vegna fasteigna borgarsjóðs, nema nettó tekjur A-hluta af fasteignagjöldum 12.598 mkr. Nettó aukning m.v. áætlun 2013 nemur 562 mkr.

## Gjaldskrártækjur (þjónustutækjur)

Gjaldskrár Reykjavíkurborgar vegna þjónustutækna munu að mestu vera óbreyttar miðað 2013 í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 14. nóvember 2013 um að hætta við áformaðar gjaldskrárhækkunar í öllum helstu þjónustuflokkum borgarinnar, s.s. vegna leikskóla, skólamáltíða í grunnskólum, frístundaheimila, bókasafns-skírteina, sundlaugakorta og þjónustu Velferðarsviðs. Samþykktina má rekja til þeirrar viðleitni borgaryfirvalda að greiða fyrir gerð kjarasamninga og skapa forsendur fyrir minni verðlagshækkunum og meiri kaupmáttaraukningu en ella á árinu 2014. Í greinargerð með tillöggunni sem samþykkt var kom fram að þetta ætti ekki við um allar gjaldskrár borgarinnar, enda bæri hluta þeirra samkvæmt lögum að standa undir kostnaði af viðkomandi þjónustu. Náist samstaða um átak til að sporna við víxlverkun launa- og verðlagshækkana geta gjaldskrár borgarinnar staðið óbreyttar út næsta ár. Gagni forsendur sem stefnt er að hins vegar ekki eftir getur Reykjavíkurborg þurft að taka gjaldskrár til endurskoðunar á síðari hluta ársins 2014.

Leiðarljós fyrir gjaldskrárstefnu borgarinnar eru eftirfarandi:

- A) Að gjaldskrár borgarinnar verði sanngjarnar og að borgarbúar njóti hagkvæmni stærðar Reykjavíkur, þar sem við á.
- B) Að þjónustugjöld verði aldrei hærri en sá kostnaður sem fellur til við að veita þjónustuna. Kostnaðarpáttaka íbúanna verði gagnsæ og raunkostnaður við þjónustupætti verði ávallt aðgengilegur.
- C) Að gjaldskrár verði endurskoðaðar einu sinni á ári, hið minnsta.
- D) Að afslættir verði samræmdir, einfaldir og taki eins og kostur er tillit til þeirra sem minnst bera úr býtum.

Að öðru leyti er vísað í samantekt yfir gjaldskrár borgarinnar sem lögð var fram með frumvarpi að fjárhagsáætlun.

## Almennar húsaleigubætur

Í stjórnartíð síðustu ríkisstjórnar stóð til að gjörbreyta bótakerfinu vegna húsnæðis á árunum 2013-2015 þannig að í stað vaxtabóta og almennra húsaleigubóta kæmu svokallaðar húsnæðisbætur. Þessar bætur yrðu jafnt greiddar til þeirra sem ættu og leigðu húsnæði og væru að öllu leyti fjármagnaðar af ríkissjóði. Um leið áttu sérstakar húsaleigubætur að færast alfarið á hendur sveitarfélaga.

Í upphafi árs 2013 tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um almennar húsaleigubætur sem var hugsuð sem fyrsta skref í átt að nýju kerfi. Reglugerðin fól í sér talsvert rýmri rétt til húsaleigubóta en áður; bæði var grunnfjárhæð almennra húsaleigubóta hækkuð alls um 4.000 krónur á mánuði og reglum um skerðingu vegna tekna var breytt þannig að samanlagðar tækjur heimilismanna mega nú vera nærri helmingi meiri en áður.

Í bréfi frá Jöfnunarsjóði til framkvæmdarstjóra sveitarfélaga (dags. 7.2.2013) kom fram að ríkissjóður myndi bera allan kostnaðarauka sem hlytist af þessum breytingum vegna ársins 2013. Með tilvísun til þess fékk Jöfnunarsjóður sérstakt viðbótarframlag upp á 1.000 mkr í fjárlögum ársins 2013. Áhrifin urðu þau að árið 2013 var endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta hækkað í 64% en áður hafði það verið 54%.

Áætlun á útgjöldum borgarinnar vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014 er háð mikilli óvissu.

Í fyrsta lagi er óvíst hvernig húsnæðisbótakerfið þróast á næstu árum en áætlun 2014 gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi.

Í öðru lagi liggur ekki fyrir hversu mörg heimili eiga nú rétt á almennum húsaleigubótum vegna reglugerðar nr. 1205/2012 sem áttu hann ekki áður og gætu bæst í hóp þeirra sem nýta sér húsaleigubætur árið 2014.

Í þriðja lagi er í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 gert ráð fyrir sama 1.000 mkr viðbótarframlagi til Jöfnunarsjóðs og árið 2013 vegna breytinga á reglum um húsaleigubætur. Í áætlun 2014 er því gert ráð fyrir að endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs verði áfram 64%, enda má hlutfallið ekki verða minna ef skuldbinding Reykjavíkurborgar vegna almennra húsaleigubóta á ekki að aukast frá 2012. Ákvörðun um endurgreiðsluhlutfallið liggur engu að síður ekki formlega fyrir sem skapar ákveðna óvissu.

Út frá framangreindum forsendum er áætlað að Reykjavíkurborg greiði út 2.115 mkr í almennar húsaleigubætur árið 2014. Að frádreginni endurgreiðslu Jöfnunarsjóðs (64%) er gert ráð fyrir að nettó útgjöld borgarinnar vegna almennra húsaleigubóta verði 761 mkr árið 2014.

Miðað við áætlun 2013 aukast útgjöld milli ára um 9,9%. Um þriðjungur þessarar hækkunar skýrist af því að grunnfjárhæð almennra húsaleigubóta var hækkuð á seinni hluta árs 2013 og því verða útgreiðslur til heimila á fyrri hluta árs 2014 hærri en á sama tíma árið 2013. Að öðru leyti stafar hækkunin af því að gert er ráð fyrir fjölgun á leigumarkaði og að áhrifa reglugerðar nr. 1205/2012 muni enn gæta árið 2014 þannig að fleiri heimili nýti sér almennar húsaleigubætur sökum rýmri réttar en áður.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir helstu áhættuþættir vegna áætlunar um almennar húsaleigubætur 2014, tilgreint áhættustig og fjárhæðir í húfi að öðru óbreyttu. Sínd eru sérstaklega áhrif lækkunar á framlögum Jöfnunarsjóðs úr 64% í 54% og áhrif þess að heimilum sem njóta bóta fjölgi um 5%.

Áhættur tengdar almennum húsaleigubótum			
Áætluð nettó útgjöld 2014	Áhættuþættir	Áhættustig (talsverð eða mikil áhætta)	Fjárhæð í húfi að öðrum þáttum óbreyttum
761 mkr	Breytt fyrirkomulag húsnæðisbótakerfis	Mikil áhætta	Áhrif óþekkt.
	Endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs	Talsverð áhætta	Lækki endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs úr 64% í 54% aukast nettó útgjöld um 212 mkr.
	Fjöldi heimila með bætur vegna rýmri réttar til húsaleigubóta	Talsverð áhætta	Fjölgi heimilum með bætur um 5% umfram áætlun aukast nettó útgjöld um 38 mkr.

### Sérstakar húsaleigubætur

Eins og kom fram hér á undan voru uppi áform um að færa sérstakar húsaleigubætur alfarið á ábyrgð sveitarfélaga. Mikil óvissa er um þróun húsnæðisbótakerfisins til næstu ára en í forsendum fjárhagsáætlunar 2014 er gert ráð fyrir að fyrirkomulag sérstakra húsaleigubóta verði óbreytt. Jafnframt er gert ráð fyrir að endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs verði 60% eins og verið hefur.

Samkvæmt þessum forsendum er áætlað að Reykjavíkurborg greiði út 331 mkr í sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði árið 2014, sem er 7,0% aukning miðað við áætlun 2013. Jafnframt er gert ráð fyrir að borgin greiði út 595 mkr í sérstakar húsaleigubætur í Félagsbústöðum, sem er sama upphæð og áætluð var 2013 því gert er ráð fyrir föstu framboði leiguíbúða. Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslu úr Jöfnunarsjóði (60%) er gert ráð fyrir að samanlögð nettó útgjöld Reykjavíkurborgar vegna sérstakra húsaleigubóta verði 370 mkr árið 2014.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir helstu áhættuþættir vegna áætlunar um sérstakar húsaleigubætur 2014, tilgreint áhættustig og fjárhæðir í húfi að öðru óbreyttu. Sínd eru sérstaklega áhrif þess að heimilum sem njóta bóta fjölgi um 5%.

Áhættur tengdar sérstökum húsaleigubótum			
Áætluð nettó útgjöld 2014	Áhættuþættir	Áhættustig (talsverð eða mikil áhætta)	Fjárhæð í húfi að öðrum þáttum óbreyttum
370 mkr	Breytt fyrirkomulag húsnæðisbótakerfis	Mikil áhætta	Áhrif óþekkt.
	Fjöldi heimila með bætur	Talsverð áhætta	Fjölgi heimilum með bætur um 5% umfram áætlun aukast nettó útgjöld um 19 mkr.

## Fjárhagsaðstoð

Í september 2013 voru alls 1.116 Reykvíkingar á atvinnuleysisskrá sem gætu klárað rétt sinn til atvinnuleysisbóta á síðustu mánuðum ársins 2013 eða á árinu 2014. Auk þess hafa 406 Reykvíkingar tekið þátt í atvinnuátaksverkefninu Liðsstyrk á árinu og velflestir þeirra hafa klárað atvinnuleysisbótarétt sinn. Vegna þessara einstaklinga er útlit fyrir að talsverð aukning verði á fjölda notenda fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg árið 2014.

Við mat á fjölda einstaklinga sem klára atvinnuleysisbótarétt og fá framfærslu hjá Reykjavíkurborg í kjölfarið eru notaðar eftirfarandi forsendur:

- 1) Gert er ráð fyrir að milli mánaða hætti rúm 4% Reykvíkinga á atvinnuleysisskrá að nýta atvinnuleysisbótarétt sinn, t.d. vegna þess að þeir fara í nám, í starf eða flytja á brott. Hlutfallið byggir á greiningu á þróun fjölda Reykvíkinga á atvinnuleysisskrá milli mánaða síðastliðið ár.
- 2) Samkvæmt greiningu á Reykvíkingum sem kláruðu atvinnuleysisbótarétt um síðustu áramót voru 60% þeirra einhleypir og á vinnualdri, en í langflestum tilfellum eiga aðrir ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Gert er ráð fyrir að sama hlutfall eigi við um hópinn sem klárar bótarétt sinn út árið 2014, en jafnframt er gert ráð fyrir að önnur 15% hópsins eigi ekki rétt á framfærslu af öðrum ástæðum. Því er miðað við að 45% þeirra sem klára atvinnuleysisbótarétt út árið 2014 eigi rétt á og fái fjárhagsaðstoð til framfærslu.
- 3) Gert er ráð fyrir að meðalfjöldi mánaða sem einstaklingarnir verða á fjárhagsaðstoð árið 2014 sé 6,1 mánuður fyrir þá einstaklinga sem koma á fjárhagsaðstoð í ársbyrjun. Þetta er meðalfjöldi mánaða sem nýir notendur í hópi sjúklinga á fjárhagsaðstoð árin 2010-2012 fengu framfærslu fyrstu 12 mánuði eftir að þeir komu á fjárhagsaðstoð. Sjúklingahópurinn varð fyrir valinu því hann er sá hópur á framfærslu sem á erfiðast með að fóta sig á vinnumarkaði og gert er ráð fyrir að það sama gildi um Reykvíkinga sem hafa fullnýtt atvinnuleysisbótarétt sinn.
- 4) Af þeim Reykvíkingum sem fengu tímabundna ráðningu hjá borginni í tengslum við atvinnuátaksverkefnið Vinnandi veg hafa 25% fengið áframhaldandi ráðningu. Þrátt fyrir að hér sé aðeins um að ræða ráðningar á vegum borgarinnar er gert ráð fyrir að 25% allra Reykvíkinga sem taka þátt í verkefninu Liðsstyrk fái starf að loknu verkefninu.

Að þessum forsendum gefnum munu 357 Reykvíkingar af atvinnuleysisskrá og 137 einstaklingar úr Liðsstyrk nýta sér fjárhagsaðstoð árið 2014. Þegar tekið hefur verið tillit til vænts fjölda mánaða á fjárhagsaðstoð árið 2014 má jafna þessum fjölda við um 218 ársnotendur, þ.e. 218 notendur með framfærslu í heilt ár.

Í ágúst sl. var skipaður starfshópur sem átti m.a. að kanna hvernig gera mætti notendum fjárhagsaðstoðar kleift að sjá sér farboða án fjárhagsaðstoðar. Hópurinn þróaði aðgerðaáætlun sem fólst aðallega í styrkingu virkniráðgjafar, auknu umfangi Atvinnutorgs, auknum stuðningi við sjúklinga á fjárhagsaðstoð og sumarátaki fyrir námsmenn á framfærslu. Í fjárhagsáætlun 2014 er gert ráð fyrir að aðgerðaáætlunin gangi eftir í öllum atriðum.

Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar árið 2014 eru háð verulegri óvissu.

Í fyrsta lagi er óvíst hvernig grunnfjöldi á framfærslu breytist milli ára.

Í öðru lagi er óvissa um forsendur 1)-4) í tengslum við áætlaðan fjölda þeirra sem klára atvinnuleysisbótarétt sinn og fá styrk til framfærslu. Mikill skortur er á gögnum um þessi atriði, til dæmis:

- Samsetningu hópsins sem gæti fullnýtt klárað bótarétt sinn út árið 2014 (t.d. aldur, kyn, hjúskaparstaða).
- Sögulega tilfærslu af atvinnuleysisskrá yfir á fjárhagsaðstoð.
- Árangur af atvinnuátaksverkefnum.

Til að afla þessara upplýsinga hefur verið leitað eftir leyfi Persónuverndar til að samkeyra grunna Vinnuálagstofnunar, Velferðarsviðs og Þjóðskrár Íslands. Einnig er brýnt að endurskoða skráningu og gagnasöfnun í tengslum við fjárhagsaðstoð og atvinnuátaksverkefni á vegum borgarinnar til að áætlanagerð og greining verði áreiðanlegri.




Í þriðja lagi er óvíst hver árangurinn verður af fyrrnefndri aðgerðaáætlun. Viðamesti þáttur hennar snýr að hópi sjúklinga á fjárhagsaðstoð og er gert ráð fyrir að áætlaðar aðgerðir leiði til umtalsverðrar fækkunar í þeim hópi árið 2014. Auk þess er gert ráð fyrir að árangurinn náist hratt eða á fyrri hluta ársins 2014. Mikil óvissa er um þessar forsendur sökum þess að ekki hefur áður verið ráðist í slíkar aðgerðir vegna sjúklinga á fjárhagsaðstoð og að stór hluti þess hóps glímur við vímuefna- og/eða geðrænan vanda. Mikilvægt er að grannt sé fylgst með stöðu aðgerðaáætlunar á fyrstu mánuðum ársins og brugðist sé við því ef árangur er ekki í samræmi við væntingar.

Án tillits til aðgerða eru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar metin á 3.996 mkr árið 2014, þar af 3.304 mkr vegna framfærslustyrkja. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að aðgerðaáætlun minnki þessi útgjöld um 340 mkr og að þau verði þá 3.656 mkr árið 2014, þar af 2.964 mkr vegna framfærslustyrkja.


Á árunum eftir efnahagshrun versnaði ástandið á vinnumarkaði í Reykjavík talsvert umfram ástandið á landinu í heild og í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Frá 2007 til 2010 fækkaði starfandi Reykvíkingum í fullu starfi og hlutastarfi um 13,5% á meðan fjöldi starfandi dróst saman um 5,7% á landsvísu og jókst um 0,7% í Kraganum. Vinnumarkaðurinn í Reykjavík hefur tekið nokkuð við sér síðan þá en frá 2007 til 2012 var samdráttur í fjölda starfandi Reykvíkinga enn 4 prósentustigum umfram samdráttinn á landsvísu og 6 prósentustigum umfram Kragann.

Próun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi							
	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting frá 2007
Allt landið	177.500	179.100	168.000	167.400	167.400	169.300	-8.200
Reykjavík	71.100	69.900	62.500	61.500	62.600	65.000	-6.100
Hbs án Reykjavíkur	46.000	47.000	46.500	46.300	46.200	44.800	-1.200
Höfuðborgarsvæðið	117.000	117.000	108.800	107.600	108.600	109.500	-7.500
Próun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi, uppsöfnuð hlutfallsleg breyting frá 2007							
Allt landið	0,0%	0,9%	-5,4%	-5,7%	-5,7%	-4,6%	
Reykjavík	0,0%	-1,7%	-12,1%	-13,5%	-12,0%	-8,6%	
Hbs án Reykjavíkur	0,0%	2,2%	1,1%	0,7%	0,4%	-2,6%	
Höfuðborgarsvæðið	0,0%	0,0%	-7,0%	-8,0%	-7,2%	-6,4%	
Hlutdeild af árlegum fjölda starfandi á landsvísu							
Reykjavík	40,1%	39,0%	37,2%	36,7%	37,4%	38,4%	
Hbs án Reykjavíkur	25,9%	26,2%	27,7%	27,7%	27,6%	26,5%	
Höfuðborgarsvæðið	65,9%	65,3%	64,8%	64,3%	64,9%	64,7%	

Samhliða þessari próun hafa útgjöld Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar stórukist, eins og myndin að neðan ber með sér.



Á meðfylgjandi mynd eru þessi útgjöld sett í samhengi við útsvarstekjur og sýnt hve stórum hluta útsvarstekna hvers árs hefur þurft að verja í fjárhagsaðstoð.



Árið 2014 er útlit fyrir að útgjöld Reykjavíkurborgar vegna fjárhagsaðstoðar hafi allt að því fjórfaldast frá 2007 og allt að því þrefaldast sem hlutfall af útsvarstekjum. Á sama tímabili hafa tekjustofnar sveitarfélaga hins vegar ekki verið endurskoðaðir til að mæta þessari útgjaldaaukningu. Mikilvægt er að komið verði á viðræðum milli ríkis og Reykjavíkurborgar með það að augnamiði að borginni verði bætt þessi stóru aukningu útgjöld og til að mæta auknum framfærslukostnaði vegna þeirra sem klára rétt til atvinnuleysisbóta út árið 2014.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir helstu áhættuþættir vegna áætlunar um útgjöld til fjárhagsaðstoðar á árinu 2014, tilgreint áhættustig og fjárhæðir í húfi að öðru óbreyttu. Sýnd eru sérstaklega áhrif þess að notendum fjölgi og meðalfjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð aukist.

Áhættur tengdar fjárhagsaðstoð			
Áætluð útgjöld 2014	Áhættuþættir	Áhættustig (talsverð eða mikil áhætta)	Fjárhæð í húfi að öðrum þáttum óbreyttum
Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar 2014 eru metin <b>3.996 mkr.</b>	Árangur aðgerðaáætlunar sem á að hjálpa framfærslunotendum að sjá sér farða án fjárhagsaðstoðar	<b>Verður metið þegar endanleg aðgerðaáætlun liggur fyrir</b>	Verður metin þegar endanleg aðgerðaáætlun liggur fyrir.
Vegna aðgerðaáætlunar er gert ráð fyrir að útgjöldin lækki um 340 mkr.	Breyting á grunnfjölda notenda fjárhagsaðstoðar milli ára	<b>Mikil áhætta</b>	Aukist grunnfjöldi á fjárhagsaðstoð um 50 notendur umfram áætlun aukast útgjöld um <b>75 mkr.</b>
Í frumvarpi er því gert ráð fyrir að útgjöld til fjárhagsaðstoðar nemi <b>3.656 mkr.</b>	Hlutfall sem fær fjárhagsaðstoð af þeim sem klára rétt til atvinnuleysisbóta	<b>Mikil áhætta</b>	Aukist hlutfall sem fær fjárhagsaðstoð af þeim sem missa bótarétt úr 45% í 60% aukast útgjöld um <b>120 mkr.</b>
	Fjöldi mánaða þeirra einstaklinga sem klára bótarétt á fjárhagsaðstoð 2014	<b>Mikil áhætta</b>	Aukist meðalfjöldi mánaða þessara einstaklinga á fjárhagsaðstoð um einn mánuð árið 2014 aukast útgjöld um <b>75 mkr.</b>

## Lífeyrisskuldbinding

Mat á áfallinni lífeyrisskuldbindingu í bókum Aðalsjóðs hefur á undanförunum árum verið fært sem nettó lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs samkvæmt tryggingafræðilegu uppgjöri. Á móti skuldbindingunni hefur verið færð núvirt verðmæti skuldabréfa sem Reykjavíkurborg fékk við sölu á hlut í Landsvirkjun í lok árs 2007.

Metin lífeyrissjóðsskuldbinding Aðalsjóðs breytist í samræmi við forsendur um lífaldur, örorku og launaþróun. Við mat á gjaldfærslu lífeyrissjóðsskuldbindingar vegna ársins 2012 reyndist áfallin lífeyrissjóðsskuldbinding Aðalsjóðs samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt nema um 40.519 mkr. Á móti kom verðmæti skuldabréfs vegna sölu á hlut í Landsvirkjun sem metið var á 26.158 mkr. Þegar tekið hefur verið tillit til lífeyrissgreiðslna á árinu 2012 að fjárhæð 1.289 mkr og upphafsstöðu í ársbyrjun 12.749 mkr þá er mismunur til gjaldfærslu 2.901 mkr.

Tafla: Lífeyrisskuldbinding

í mkr	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Metin lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs	-38.866	-41.354	-40.078	-38.806	-40.715	-40.519
Skuldabréf vegna Landsvirkjunar	23.937	28.504	29.806	29.262	27.948	26.158
<b>Samtals skuldbinding Aðalsjóðs</b>	<b>-14.929</b>	<b>-12.850</b>	<b>-10.272</b>	<b>-9.542</b>	<b>-12.767</b>	<b>-14.361</b>
<i>Breyting skuldbindinga á milli ára</i>						
Staða í ársbyrjun	-38.658	-14.929	-12.850	-10.272	-9.542	-12.749
Greiddur lífeyrir á árinu, inngreiðslur	24.807	943	1.046	1.100	1.174	1.289
Samtals	-13.851	-13.985	-11.804	-9.172	-8.369	-11.460
<b>Tekjufærsla/gjaldfærsla ársins</b>	<b>-1.078</b>	<b>1.136</b>	<b>1.532</b>	<b>-370</b>	<b>-4.398</b>	<b>-2.901</b>

Í mati fjármálaskrifstofu er gert ráð fyrir að áfallin lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs á árinu 2014 aukist um sem nemur hækkun á launatöxtum starfsmanna Reykjavíkurborgar á árinu og er þá miðað við hækkun launavísitölu skv. forsendum áætlunar. Þannig má ætla að lífeyrisskuldbinding borgarsjóðs aukist að öðru óbreyttu um 2.564 mkr á árinu.

Á móti lífeyrisskuldbindingu standa eignir lífeyrissjóðsins, þ.á.m. skuldabréfaeign vegna sölu á Landsvirkjun árið 2007, en virði þessarar eignar hreyfist með ávöxtunarkröfu HFF34 skuldabréfaflokksins á markaði. Nánar tiltekið getur núvirði eignar lækkað þegar ávöxtunarkrafa er lág á markaði og hækkað þegar ávöxtunarkrafan er há. Í þessu samhengi ber að nefna að ávöxtunarkrafan hefur lækkað mikið á undanförunum árum sem að öðru jöfnu eykur gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar enn frekar. Þetta gerðist árin 2010-2012 þegar bókfært virði eigna var fært niður um 3.648 mkr vegna þess að ávöxtunarkrafa á HFF34-flokknum lækkaði og lengra var gengið á líftíma lána. Einnig þarf að hafa í huga að verðbólga hefur jákvæð áhrif á núvirt bókfært verð skuldabréfsins þar sem nafnverð síðustu greiðslu bréfanna ásamt fjölda greiðslna sem eftir standa eru notuð sem grunnur til núvirðingar.

Í áætlun 2014 er gert ráð fyrir að virði skuldabréfs vegna Landsvirkjunar standi í stað á milli árunna 2013 og 2014 og felur það í sér að gert er ráð fyrir að gólfínu sé náð á árinu 2013 í lækkan ávöxtunarkröfu viðmiðunarflokksins HFF34.

## Fjárlög

### Málefni fatlaðs fólks

Jöfnunarsjóður áætlað að almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks muni nema 3.739 mkr árið 2013 og er þá leiðrétting vegna útsvarsstofns 2011 meðtalin. Samkvæmt fjárlögum er stefnt að því að þáttur mældrar útgjaldaþarfar (SIS mat) verði 80% við úthlutun úr sjóðnum á næsta ári. Breyttar reglur um úthlutanir sjóðsins hafa ekki litið dagsins ljós og ekki er unnt að sjá fyrir um áhrif þeirra á það fé sem borgin fær til ráðstöfunar sem skapar mikla óvissu við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Þá er gert ráð fyrir að sérstök framlög vegna málaflokksins falli niður á fjárlögum ársins 2014 en þau nema á þessu ári um 856 mkr. Samkvæmt upplýsingum Jöfnunarsjóðs er stefnt að því að mæta þessum breytingum með hækkun útsvarshlutfalls vegna málefna fatlaðs fólks úr 1,2% í 1,24% og gert ráð fyrir að 0,04%-stigs aukningin renni óskipt til Jöfnunarsjóðs sem þá fengi 0,99% í stað 0,95%. Áfram verður þó skv. Jöfnunarsjóði gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum vegna NPA á næsta ári, 170 mkr.<sup>1</sup> Talið er að með þessari tilfærslu vanti enn 200-300 mkr upp á að málaflokkurinn fái sömu fjárhæð 2014 og hann fær 2013 að öðru óbreyttu.

### Tryggingagjald

Ráðgert er (i) að lækka atvinnuþryggingagjald um 0,6%-stig, þ.e. úr 2,15% í 1,55%, á árinu 2014, (ii) að lækka gjald í Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota um 0,25%-stig og (iii) að hækka almennt atvinnuþryggingargjald um 0,75%-stig. Þetta þýðir að gjaldhlutfallið í heild sinni fer úr 7,69% í 7,59% eða lækkar aðeins um 10 punkta. Þessi lækkun gjalda um 0,1%-stig myndi lækka kostnað A-hluta (borgarsjóðs) um 35,8 mkr m.v. forsendur fjárhagsáætlunar 2014. Forsendur fyrir lækkun hlutfallsins eru einkum sóttar í áætlaða lækkun á útgjöldum Atvinnuleysisþryggingasjóðs um 2.045 mkr vegna minnkandi atvinnuleysis, lækkun framlaga til vinnumarkaðs- og átaksverkefna í þágu atvinnuleitenda og lækkun framlaga til Vinnumálastofnunar um 255 mkr vegna tímabundinna verkefna (mótvægisáðgerða) vegna atvinnuástandsins. Þannig gera fjárlög ráð fyrir 15.339 mkr til Atvinnuleysisþryggingasjóðs en áætluð niðurstaða ársins 2013 miðar við 17.140 mkr.

### Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Í fjárlögum 2013 var gert ráð fyrir 996 mkr framlagi (styrk) til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og er hlutur Strætó skv. samningi milli ríkis og sveitarfélaga 90%. Í fjárlögum ársins 2014 er gert ráð fyrir að framlagið verði 914 mkr. Það þýðir skv. upplýsingum Vegagerðar að í hlut Strætó bs komi 822 mkr (90%) en félagið gerir í sinni fjárhagsáætlun ráð fyrir 956 mkr. Hér vantar 134 mkr miðað við fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að knýja á um að ríkið standi við sinn hlut í samkomulaginu.

### Sjúkraflutningar

Í fjárlögum er ekki sett fram áætlun miðað við þann samkomulagsgrundvöll sem náðist milli fulltrúa ríkisins og SHS um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu en þar var samið um að ríkið myndi á fjórum árum hækka framlög sín um þau næðu umsaminni hlutdeild í kostnaði SHS sem er um 52% eða 830 mkr á verðlagi áætlunar 2013. Í fjárlögum segir um þetta: „Samningar hafa ekki náðst um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Suðurnesjum en unnið verður áfram að því að ná samningum um þjónustuna. Greitt er fyrir sjúkraflutninga á grundvelli eldri samninga. Ekki er unnið að nýjum samningum um þjónustu en skoðað hvort minnka megi skuldbindingar á grundvelli samninga með mati á ávinningi og kostnaði af einstökum samningum.“ Hér eru miklir hagsmunir í húfi enda tryggði samkomulagsgrundvöllurinn að á aðlögunartímabili yrðu greiðslur ríkisins auknar um ríkið greiddi að fullu fyrir þá þjónustu sem SSH sveitarfélögin eru að veita í gegnum SHS. Þess í stað virðist nú vanta um 170 mkr upp á að nægjanlegt fé sé í fjárlagafrumvarpi til að standa við samningsbundnar greiðslur 2014. Mikilvægt er að knýja á um að ríkið standi við sinn hlut í samkomulaginu.

Þá er gert ráð fyrir að ýmsum framkvæmdum sé frestað, s.s. uppbyggingu Landspítala.

1) Faglegt og fjárhagslegt mat á samstarfsverkefninu skal fara fram fyrir árslok 2014 en þá skal verkefninu formlega vera lokið. Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.

# MEGINNIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

## Framsetning og vinnsla

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er sett fram í samræmi við 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 7. febrúar 2013. Áætlunin samanstendur af samstæðuáætlun A og B hluta, sbr. 60. gr. laganna. Frá og með ársbyrjun 2013 breytti Reykjavíkurborg reikningsskilaaðferðum sínum á þann hátt að fjárfestingaeignir Félagsbústaða eru nú færðar á gangverði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um ársreikninga en þær hafa áður verið færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samstæðureikningur fyrir árið 2012 hefur við framsetningu fjárhagsáætlunar verið uppfærður miðað við þessa breytingu til að fá raunhæfari samanburð á milli ára. Minnt er á í þessu sambandi að reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur hafa um árabíl byggt á IFRS uppgjörstöðlum. Uppgjör A-hluta og annarra B-hluta fyrirtækja byggja á kostnaðarverðsaðferð. Framsetning samstæðuáætlunar byggir á ofangreindum reikningsskilaaðferðum. Bílastæðasjóður hefur nú verið færður undir A-hluta Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvörðun borgarráðs frá 18. apríl 2013 um breytingu á stjórnskipulegri stöðu sjóðsins, en hann hefur áður talist til B-hluta samstæðunnar. A-hluta reikningur fyrir árið 2012 hefur við framsetningu fjárhagsáætlunar verið uppfærður miðað við þessa breytingu til að fá raunhæfari samanburð á milli ára.

## Skilgreiningar á A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði Reykjavíkurborgar.

Í Aðalsjóði birtist rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa borgarinnar sem fjármagnaður er með skatttekjum og þjónustutekjum. Í Eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna, auk sérstakra skipulagsverkefna. Í Bílastæðasjóði er haldið utanum rekstur bílastæða og bílahúsa fyrir almenning. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, s.s. vegna innri leigu og fasteignaskatta, jafnað út á milli A-hluta stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B-hluta eru: Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Íprótta- og sýningarhöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum frá eignaraðilum og er hlutur Reykjavíkurborgar gjaldfærður hjá Aðalsjóði. Hluti af þjónustutekjum Íprótta- og sýningahallar og Sorpu er hluti af gjöldum málaflokka innan Aðalsjóðs. Að öðru leyti eru fyrirtækin fjármögnuð með þjónustutekjum. Í áætlun samstæðu er milliviðskiptum jafnað út milli A-hluta og B-hluta.

## Samstæða

Rekstrarniðurstaða fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2014 er áætluð 8,1 milljarðar. Samkvæmt útkomuspá 2013 nemur halli af rekstri rúmum 2,5 milljarði og nemur viðsnúningurinn 10,7 milljörðum. Áætlað er að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði tæplega 18,4 milljarðar í áætlun 2014 sem er um 0,4 milljörðum eða 2,1% lakari en útkomuspá 2013, en betri rekstrarniðurstaða skýrist af hagstæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Fjármagnsgjöld eru áætluð 9,2 milljarðar árið 2014 en verða 23 milljarðar skv. útkomuspá 2013. Óhagstæðar matsbreytingar á álafleiðum, gengisþróun og verðbólga skýra útkomuspá fjármagnsliða.

Áætlað er að rekstrartekjur aukist um 5,5 milljarða 2014 eða um 4,9% frá árinu áður en rekstrargjöld aukist um 5,9 milljarða eða 5,5%.

Tafla: Fjárhagsáætlun samstæðu og samanburður milli ára

(fjárhæðir í mkr.)	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun, br. frá 2013
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	17.338	18.764	18.368	-2,1%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>486</b>	<b>-2.528</b>	<b>8.127</b>	421,5%
<b>Rekstrartekjur</b>	120.129	126.737	132.285	4,9%
<b>Rekstrargjöld</b>	102.791	107.973	113.917	6,2%
<b>Fjármagnsliðir</b>	-18.453	-22.987	-9.203	60,0%
<b>Eignir</b>	488.972	468.221	463.906	-0,9%
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	322.939	304.674	291.550	-4,3%
<b>Eigið fé</b>	166.033	163.547	172.357	5,4%
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	27.593	27.632	26.908	-2,6%
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	-9.891	-6.369	-13.349	109,6%
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	-12.990	-15.805	-19.478	23,2%
<b>Handbært fé í árslok</b>	20.862	26.320	20.401	-22,5%

Áætlað er að eignir á árinu 2014 lækki um 0,9%, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 4,3% og eigið fé aukist um 8,8 milljarða eða 5,4%.

Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 13,3 milljarða. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar 18,2 milljarðar, þar af hjá Eignasjóði 8,4 milljarðar. Áætlað er að gatnagerðargjöld sem falla til hjá Eignasjóði nemi 1,1 milljarði. Að þeim frádregnum nema nettó fjárfestingar samstæðu 17,1 milljarði. Áætlað er að fjárfestingar Faxaflóahafna nemi 0,9 milljörðum, Félagsbústöðum 0,8 milljörðum, Malbikunarstöðinni Höfða 50 mkr, Orkuveitu Reykjavíkur um 5,8 milljörðum, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 0,4 milljörðum, Sorpu 0,9 milljörðum og Strætó 0,8 milljörðum. Til samanburðar gerir útkomuspá ráð fyrir að fjárfestingar nemi um 14,2 milljörðum og gatnagerðargjöld nemi 0,9 milljörðum, eða 13,3 milljarðar að þeim frádregnum.

Fjármögnunarahreyfingar eru áætlaðar 19,5 milljarðar. Áætlað er að lántökur árið 2014 nemi alls 3,2 milljörðum en til samanburðar verða þær um 13,3 milljarðar árið 2013 en voru 4,3 milljarðar 2012. Þess ber að geta að í útkomuspá 2013 er að finna lánveitingar (eigendalán) til Orkuveitu Reykjavíkur sem nemur um 3,8 milljörðum og skuldbreytingu á 2,5 milljarða láni Félagsbústaða.

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi 23,4 milljarði árið 2014 en samkvæmt útkomuspá 2013 nemi þær 29,1 milljörðum, þar af er gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur greiði niður skuldir að fjárhæð 20,5 milljarðar árið 2014, en útkomuspá gerir ráð fyrir að afborganir verði um 23,9 milljarður á þessu ári.

A-hluti Reykjavíkurborgar áætlar að greiða niður skuldir að fjárhæð 2,0 milljarðar en á móti er gert ráð fyrir 2,2 milljarða lántöku vegna nýfjárfestinga. Gert er ráð fyrir að lántaka A-hluta nemi um 30% af áætluðum nettó fjárfestingum en það sem eftir stendur eða 70% verði fjármagnað með handbæru fé úr rekstri. Félagsbústaðir gera ráð fyrir nýjum lánnum að fjárhæð 660 mkr vegna íbúðafjárfestinga.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 26,9 milljarðar og lækkar um 700 mkr miðað við útkomuspá. Áætlað er að handbært fé verði 20,4 milljarðar hjá samstæðu Reykjavíkurborgar í árslok.





Taflan hér að neðan sýnir helstu kennitölur í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tafla: Kennitölur samstæðu, A- og B-hluta

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Eiginfjárlutfall</b>	28,6%	30,8%	31,5%	34,0%	34,9%	37,2%
<b>Arðsemi eigin fjár</b>	-1,3%	9,8%	-3,2%	0,3%	-1,5%	4,7%
<b>Veltufjárlutfall</b>	1,06	1,05	0,91	0,87	1,42	1,33
<b>Skuldsetningarhlutfall</b>	239%	201%	195%	165%	163%	147%
<b>Uppgreiðslutími</b>	15	16	12	9	7	8

Eiginfjárlutfall er mælt sem eigið fé á móti heildareignum og arðsemi eigin fjár er mælt sem hagnaður ársins á móti eigin fé. Veltufjárlutfall er skilgreint sem veltufjármunir á móti skammtímaskuldum og uppgreiðslutími skulda er mældur sem samtala langtímaskulda og skuldbindinga á móti veltufé frá rekstri.

Áætlun 2014 gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar almennt batni m.v. árið 2013. Eiginfjárlutfall styrkist aftur og verði komið í 33,5% í árslok 2014 en veltufjárlutfall lækki lítillega og er það áætlað 1,33. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigið fé, er viðvarandi hátt.



Rétt er að benda á að samstæðan er viðkvæm fyrir breytingum á ytri forsendum. Þannig myndi t.d. 1% veiking á gengi íslensku krónunnar að öðru jöfnu yfir 12 mánaða tímabil leiða til um 1.227 mkr lakari rekstrarniðurstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og tilsvareandi hækkunar skulda á efnahag<sup>1)</sup>. Neikvæð áhrif á sjóðstreymi eru um 83 mkr en hefðu verið 111 mkr án áhættuvarna. Styrking á gengi krónu myndi að sama skapi skila sér í bættri afkomu. Mikilvægt er að hafa í huga að árlegar sveiflur gengisvísitölunnar voru um 6,5% á undanförunum 12 mánuðum og að næmnigreiningar gera ekki ráð fyrir áhrifum gengisleka á verðbólgu. Ef að verðbólguþig reynist 1% hærra en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir veikir það í gegnum fjármagnslið afkomu A-hluta um 260 mkr en áhrifin á OR þegar litið er til verðtryggðra gjaldskrátekna og lána eru til styrkingar á sjóðstreymi um 144 mkr. Bent er á að árlegar sveiflur í verðlagi voru um 1,6% á undanförunum 12 mánuðum. Ef vextir á lánum OR myndu hækka um 1% eru neikvæð áhrif á sjóðstreymi metin um 49 mkr. Bent er á að neikvæð áhrif væru um 841 mkr ef ekki er tekið tillit til vaxtaskiptasamninga hjá OR sem hafa að miklu leyti læst inni lágt vaxtastig á alþjóðlegum lánamörkuðum til næstu ára. Ætla má að vextir á alþjóðamörkuðum hafi fyrst og fremst tilhneigingu til að hækka.

1) Fjárhagslegt mat á áhrifum ytri breyta á OR miðast við 12 mánaða tímabil frá lok september 2013.



## A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2014 er áætluð jákvæð um 495 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá fyrir árið 2013 ráð fyrir um 720 mkr afgang af rekstri. Í útkomuspá A-hluta er tekið mið af endurskoðaðri áætlun tekna og gjalda, en forsendum Hagstofu Íslands um gengis- og verðlagsþróun vegna fjármagnsliða.

Tafla: Fjárhagsáætlun A-hluta og samanburður milli ára

(fjárhæðir í mkr.)	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun br. frá 2013
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	363	1.018	859	-15,6%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	154	720	495	-31,2%
<b>Rekstrartekjur</b>	73.752	77.632	82.236	5,9%
<b>Rekstrargjöld</b>	73.389	76.614	81.377	6,2%
<b>Fjármagnsliðir</b>	-209	-298	-364	-22,1%
<b>Eignir</b>	144.665	149.303	152.045	1,8%
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	60.899	64.817	67.064	3,5%
<b>Eigið fé</b>	83.766	84.486	84.981	0,6%
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	6.768	5.788	4.452	-23,1%
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	-7.200	-9.630	-5.812	-39,6%
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	398	1.437	225	-84,3%
<b>Handbært fé í árslok</b>	11.764	9.359	8.224	-12,1%

Áætlun A-hluta fyrir árið 2014 miðar að því að ná fram jöfnuði tekna og útgjalda. Afkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð 859 mkr eða 159 mkr lakari en útkomuspá gerir ráð fyrir.

Rekstrartekjur eru áætlaðar um 82,2 milljarðar en verða skv. útkomuspá 77,6 milljarðar árið 2013. Aukningin nemur 4,6 milljörðum. Útsvarstekjur eru áætlaðar 57,3 milljarðar, en þar af greiðir Reykjavíkurborg 6,8 milljarða til Jöfnunarsjóðs vegna grunnskóla og málefna fatlaðs fólks. Nettó útsvarstekjur nema því 50,5 milljarði og hækka um 1,6 milljarða m.v. útkomuspá 2013. Tekjur vegna fasteignagjalda eru áætlaðar 12,6 milljarðar þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta innan A-hluta og nemur hækkun þeirra um 561 mkr milli ára. Brúttó skatttekjur aukast um 2,4 milljarða, þar af aukast greiðslur í Jöfnunarsjóð um 222 mkr, svo eftir stendur nettó aukning skatttekna um 2,2 milljarða.

Áætlunin gerir ráð fyrir að þjónustutekjur og ýmsar aðrar tekjur aukist um 2,3 milljarða m.v. útkomuspá 2013. Þar af er gert ráð fyrir að söluhagnaður vegna sölu byggingaréttar aukist um 900 mkr, en ýmsar aðrar þjónustutekjur aukist um 1,7 milljarða. Gert er ráð fyrir að ýmsar þjónustutekjur Aðalsjóðs aukist um 1,5 milljarða en tekjur Eignarsjóðs um 160 mkr þegar tekið hefur verið tillit til tekjubreytinga vegna milliviðskipta. Tekjur fagsviða aukast um 1.354 mkr. Hér er um að ræða sambland af hækkunum á gjaldskrár, magnbreytingum og auknum þjónustutekjum frá ríkinu.

Tekjur frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar alls 5.438 mkr, þar af 997 mkr vegna sérskólanna, 349 mkr vegna tónlistarskólanna og 4.014 mkr vegna málefna fatlaðs fólks. Ekki liggur fyrir áætlun Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks, en tekið er mið af tekjuþróun útsvarstekna og áætlun Jöfnunarsjóðs árið 2013.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 81,4 milljarðar eða 4,7 milljörðum hærrí en útkomuspá ársins 2013. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði 2,7 milljörðum hærrí en útkomuspá. Þar af nema kostnaðaráhrif kjarasamninga um 1,6 milljarði en magnbreytingar og önnur áhrif nemi um 1,4 milljörðum.

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður hækki um 2,4 milljarða m.v. útkomuspá og afskriftir um 191 mkr.

Áætlað er að fjármagnsliðir verði neikvæðir sem nemur 364 mkr en verða til samanburðar neikvæðir um 298 mkr skv. útkomuspá 2013. Forsendur fjárhagsáætlunar 2014 gera ráð fyrir 3,2% verðlagsbreytingum innan ársins en aðeins óverulegum gengisbreytingum og er miðað við gengisvísitöluna 222 í upphafi árs og 224 í lok árs eða veikingu krónunnar um 0,6%. Áhrif gengisbreytinga birtast fyrst og fremst vegna erlendra lána hjá Eignasjóðs og fyrirtækja í B-hluta einkum Orkuveitu Reykjavíkur. Áætlað er að eignir aukist um 1,7%, skuldir um 3,5% og eigið fé um 0,6%.





Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 7,3 milljarðar, þar af vegna fasteigna og stofnbúnaðar 4,4 milljarðar, gatnaframkvæmda 2,9 milljarðar, endurbætur og meiriháttar viðhald 1,1 milljarður, auk kaupa á lóðum og skipulagseignum 200 mkr. Á móti fjárfestingum í götum er gert ráð fyrir tekjum af gatnagerðargjöldum 1,1 milljarð.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði um 8,2 milljarðar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar.

Tafla: Kennitölur A-hluta

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Eiginfjárlutfall</b>	65,0%	63,0%	58,0%	57,9%	56,6%	55,9%
<b>Arðsemi eigin fjár</b>	5,0%	1,8%	-3,5%	0,2%	0,9%	0,6%
<b>Veltufjárlutfall</b>	2,20	2,42	1,87	1,88	1,61	1,49
<b>Skuldsetningarhlutfall</b>	22%	36%	42%	59%	63%	65%
<b>Uppgreiðslutími</b>	2	5	10	7	7	9

Áætlun 2014 gerir ráð fyrir að eiginfjárlutfall fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar lækki lítillega og verði 55,9%. Veltufjárlutfall er áætlað 1,49 í árslok 2014. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem langtímaskuldir á móti eigið fé, er áætlað 65%. Efnahagur A-hluta ber vott um mikinn fjárhagslegan styrk, en borgin býr yfir sterkri lausafjárstöðu sem hefur verið byggð upp vegna mögulegrar áhættu vegna ábyrgða á skuldum B-hluta.



Rétt er að benda á að A-hluti er viðkvæmur fyrir breytingum á verðlagi og launum. Ef verðbólguþig reynist 1% hærra en þjóðhagsspa gerir ráð fyrir, eykur það útgjöld á fjármagnslið og veikir afkomu A-hluta um 260 mkr. Hækki laun almennt um 1% umfram forsendur gæti það skilað 405 mkr í auknar útsvarstekjur en sama hækkun á launum starfsmanna gæti aukið launakostnað um 370 mkr og leitt til um 440 mkr hækkunar á gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar að öllu öðru óbreyttu. Þannig gæti almenn 1% launahækkun skilað um 405 mkr neikvæðri niðurstöðu fyrir A-hluta. Í fyrrgreindu samhengi er ekki gert ráð fyrir áhrifum launahækkana á verðlagsþróun.

## Aðalsjóður

Áætluð rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs 2014 er neikvæð um 5,2 milljarða en er skv. útkomuspá neikvæð um 3,3 milljarð árið 2013. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 9,7 milljarða, en verður skv. útkomuspá neikvæð um 8,6 milljarða.

Tafla: Fjárhagsáætlun Aðalsjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun br. frá 2013
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	-7.875	-8.626	-9.741	-12,9%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-1.483</b>	<b>-3.337</b>	<b>-5.191</b>	-55,6%
<b>Rekstrartekjur</b>	74.808	79.003	82.735	4,7%
<b>Rekstrargjöld</b>	82.683	87.629	92.476	5,5%
<b>Fjármagnsliðir</b>	6.391	5.289	4.550	-13,9%
<b>Eignir</b>	80.096	78.141	73.964	-5,3%
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	21.302	22.684	23.698	4,5%
<b>Eigið fé</b>	58.794	55.457	50.266	-9,4%
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	-1.982	-3.723	-5.437	-46,0%
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	5.106	-826	5.258	736,6%
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	-3.208	117	8	-93,0%
<b>Handbært fé í árslok</b>	11.567	7.135	6.964	-2,4%


Rekstrartekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 82,7 milljarðar en verða 79 milljarðar m.v. útkomuspá og aukast því um 3,7 milljarða. Áætlað er að skatttekjur aukist um 2,7 milljarða að frádrögnum greiðslum í Jöfnunarsjóð og þjónustutekjur um 1,1 milljarð.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 92,5 milljarður og hækka um 4,8 milljarða frá árinu 2013.

Áætlað er að nettó fjármunatekjur Aðalsjóðs nemi 4,5 milljörðum 2014 sem er um 739 mkr lækkun miðað við útkomuspá. Meginskýringin felst í lækkun verðbóta vegna skulda Eignasjóðs vegna áætlunar um lægri verðbólgu árið 2014 en útkomuspá gerir ráð fyrir.

Áætlað er að eignir dragist saman um 5,3% árið 2014, skuldir og skuldbindingar aukast um 4,5%, eigið fé dragist saman um 9,4% og eiginfjárhlutfall lækkar úr 71% niður í 68%.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði 7,0 milljarðar.



## Eignasjóður


Áætluð rekstrarniðurstaða Eignasjóðs 2014 er jákvæð um 5,5 milljarða en verður 3,9 mkr m.v. útkomuspá 2013. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð jákvæð um 10,4 milljarða en verður skv. útkomuspá jákvæð um 9,4 milljarða.

Tafla: Fjárhagsáætlun Eignasjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2012	Útkomu- spá 2013	Áætlun 2014	Áætlun br. frá 2013
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	8.040	9.447	10.442	10,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.440</b>	<b>3.860</b>	<b>5.528</b>	-43,2%
<b>Rekstrartekjur</b>	17.670	18.782	20.705	10,2%
<b>Rekstrargjöld</b>	9.630	9.335	10.263	9,9%
<b>Fjármagnsliðir</b>	-6.601	-5.587	-4.914	12,0%
<b>Eignir</b>	104.624	109.596	111.764	2,0%
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	80.074	81.186	77.826	-4,1%
<b>Eigið fé</b>	24.550	28.410	33.937	19,4%
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	8.486	9.251	9.656	4,4%
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	-5.677	-5.974	-5.529	7,4%
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	-2.759	-1.337	-5.264	293,7%
<b>Handbært fé í árslok</b>	197	2.137	1.000	-53,2%

Rekstrartekjur Eignasjóðs eru áætlaðar 20,7 milljarðar en verða samkvæmt útkomuspá um 18,8 milljarðar eða tekjuaukning um 1,9 milljarða. Meginþorri tekna Eignasjóðs kemur frá málaflokkum Aðalsjóðs vegna leigu og rekstrar á húsnæði og götum. Áætlað er að söluhagnaður verði 1,6 milljarðar vegna sölu byggingaréttar. Rekstrar-útgjöld 2014 eru áætluð 10,3 milljarðar og hækka um 9,9% m.v. útkomuspá 2013.


Áætlað er að nettó fjármagnsgjöld Eignasjóðs nemi 4,9 milljörðum sem er um 673 mkr lægra miðað við útkomuspá 2013. Áætlað er að eignir aukist um 2,0%, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 4,1%, eigið fé aukist um 19,4% og eiginfjárhlutfall styrkist og verði 30%. Áætlað er að handbært fé í árslok verði 1,0 milljarðar.



## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Í árslok 2013 er gert ráð fyrir að vaxtaberandi langtímaskuldir A-hluta verði 26,8 milljarðar. Þar af eru erlendar skuldir um 260 mkr eða tæplega 1% af langtímaskuldum. Í árslok 2014 er áætlað að skuldir verði 28,0 milljarðar og þar af erlendar skuldir um 130 mkr eða um 0,5% af langtímaskuldum. Dregið hefur verulega úr gjaldeyrisá-hættu Reykjavíkurborgar frá árinu 2012 en þá var stórt erlent lán greitt upp og erlend lán því lítil hluti langtíma-skulda. Gert er ráð fyrir að tekin verði ný lán í formi innlendra skuldabréfa að fjárhæð 2,2 milljarðar að markað-svirði vegna framkvæmda ársins 2014. Skuldbindingar vegna leigusamninga samkvæmt nýjum reikningssskilað-ferðum verða í árslok 2013 um 11,7 milljarðar m.v. útkomuspá og áætlun gerir ráð fyrir að þær verði í árslok 2014 um 11,5 milljarðar.

Undanfarin ár hefur lánsfjáröflun A-hluta farið fram á innlendum markaði í gegnum skuldabréfaflokkana RVK 09 1 og RVK 19 1 en báðir flokkar eru skráðir á Nasdaq OMX. RVK 09 1 hefur verið stækkaður í áföngum frá árinu 2009 en RVK 19 1 var stofnaður í maí 2012. Eftir greiðslu erlends láns, sem var á gjalddaga í september 2012, þá hefur vægi erlendra lána í lánasafni stórlega lækkað og er innan við 1%. Á móti kemur að vægi verðtryggðra inn-lendra lána hefur aukist. Útboð í skuldabréfaflokknum RVK 09 1 og RVK 19 1 eru haldin mánaðarlega eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Ávöxtunarkrafa RVK 09 1 hefur farið lækkandi á árinu eða úr 3,40% í 3,01% en bréfin bera 4,40% nafnvexti. Tvö útboð hafa verið haldin í flokknum það sem af er ári. Stærð flokksins er 16.190 mkr að nafnvirði. Sala í skuldabréfaflokki RVK 19 1 fór fyrst fram í maí 2012 á ávöxtunarkröfunni 2,00%, en bréfin bera 1,95% nafnvexti. Haldin hafa verið 4 útboð á árinu og hefur ávöxtunarkrafa lækkað úr 2,42% í 1,90% milli desember 2012 – október 2013. Ávöxtunarkrafa fór lægst í 1,80% í útboði í september 2013. Stærð flokksins er 2.415 mkr að nafnvirði. Salan hefur farið fram í gegnum viðskiptavaka á fjármálamarkaði sem eru; Arion banki, Íslandsbanki, Landsbanki, MP banki og Straumur fjárfestingarbanki. Gerður var nýr aðalmiðlarasamningur á árinu 2013 og viðskipavökum fjölgað úr 3 í 5.



Mynd: Ávöxtunarkrafa RVK 19 1, krafa HFF24 og álag

Myndin hér að ofan sýnir ávöxtunarkröfu RVK 19 1, ávöxtunarkröfu HFF24 og álag á HFF24 en sá flokkur hefur verið skilgreindur sem viðmiðunarflokkur RVK 19 1. HFF24 er flokkur Íbúðabréfa með lokagjalddaga 2024. Eins og önnur Íbúðarbréf þá er flokkurinn með ríkisábyrgð og því hentugur til viðmiðunar. Álag á RVK 19 1 m.v. HFF 24 hefur verið frá 22-53 punkta (0,22%-0,53%) allt þar til í síðustu tveimur útboðum en þá fór álagið fyrst í 2 punkta og síðan í -6 punkta. Þetta þýðir að ávöxtunarkrafa á skuldabréf borgarinnar er nálægt og jafnvel undir ávöxtunarkröfu á skuldabréfum sem eru með ríkisábyrgð.

Fjármagnsgjöld A-hluta umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar 364 mkr. árið 2014, samborið við 298 mkr umfram fjármagnsgjöld árið 2013. Vaxtatekjur af handbæru fé eru áætlaðar 371 mkr árið 2014 samanborið við 447 mkr árið 2013. Tekjur vegna arðs eru áætlaðar 195 mkr. Ábyrgðargjald frá Orkuveitu Reykjavíkur árið 2014 er áætlað 772 mkr.

### Forsendur gengis-, verðlags- og vaxtaþróunar

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2014 er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 2,5% innan ársins. Gert er ráð fyrir að gengisvísitala íslensku krónunnar hækki um 0,6% á árinu 2014 sem þýðir að krónan veikist. Gert er ráð fyrir 5,0% ávöxtun á lausafé, en að frádregnum 20% fjármagnstekjuskatti nemur það 4,0%.

Í vaxtaforsendum er gert ráð fyrir að meðalvextir erlendra lánakörfu verði 0,5% og meðalvextir innlendra langtímalána verði 4,0%. Vextir erlendis hafa verið lágir á árinu 2013 og munu væntanlega ekki hækka fyrr en hagvöxtur erlendis tekur við sér.

Í erlendu lánasafni er einungis lán í JPY sem greiðist að fullu í lok árs 2015. Lánið ber breytilega millibankavexti þ.e. LIBOR sem eru núna 0,16%.

### Skulda og áhættustýring


Stærsta áhættan sem snýr að fjármagnslið A-hluta er verðbólguáhætta. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Skuldabréfasafn borgarinnar sem er í vörslu íslenskra verðbréfa er um 66% verðtryggt. Lausafé á bankareikningum er óverðtryggt. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Hann hefur verið metinn um 260 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Erlend lán hafa minnkað mikið og er áhætta vegna þeirra hverfandi.

Markmið fjárstýringar er að tryggja virka lánastýringu sem miðast við að lágmarka fjármagnskostnað og virka lausafjárstýringu sem miðast við að tryggja hámarksávöxtun lausafjár og að Reykjavíkurborg eigi ávallt nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Reglulega er skoðað hvort greiða eigi upp eldri skuldir borgarsjóðs og við útgáfu nýrra skuldabréfaflokka er ávallt gætt að því að greiðslufæði falli sem best að áætluðu framtíðartekjuflæði.

Heimildir fjárstýringar varðandi vörslu á lausu fé takmarkast við innlánsreikninga hjá bankastofnunum og skuldabréfum gefnum út af ríkinu eða með ríkisábyrgð. Leitast er við að vera ekki með laust fé allt í sömu bankastofnun auk þess sem laust fé, sem ekki þarf að nýta til skamms tíma, er sett á bundna innlánsreikninga með hærri ávöxtun en lausir reikningar. Skuldabréfaeign borgarinnar er vel dreifð í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum til mislangs tíma.



Mynd: Þróun innlendra og erlendra skulda frá árinu 2008


### **Fjármunatekjur**

Stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa hækkað úr 5,75% í 6,00% milli október 2012 til október 2013. Vextir hafa verið 6,00% allt árið 2013. Líkur eru á að stýrivextir hækki á fyrri hluta næsta árs um 0,5%. Leitast hefur verið við að ávaxta lausafé með sem öruggustum hætti með tilliti til áhættu mótaðila. Eign Reykjavíkurborgar í ríkisskulda-bréfum minnkaði á árinu 2013 vegna lánveitingar til Orkuveitu Reykjavíkur að fjárhæð 3,7 milljörðum. Áfram er haldið í það markmið að viðhalda sterkri sjóðsstöðu til að mæta greiðsluskuldbindingum.


Ávöxtun á handbæru fé hefur dregist saman. Ávöxtun skuldabréfasafns er háð sveiflum á markaði en frá áramótum hefur nafnávöxtunin verið 5%. Annað lausafé hefur verið ávaxtað á hagkvæmstu kjörum hverju sinni. Vaxtatekjur eru áætlaðar 447 mkr á árinu 2013 og 371 mkr á árinu 2014.

Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki á árinu 2014 úr 9,4 milljörðum í 8,2 milljarða.





Mynd: Hlutfallsleg skipting lausafjár milli innlána og ríkisbréfa



Mynd: Lausafé A-hluta Reykjavíkurborgar, innlán og ríkisbréf í krónum

# KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUNARGERÐ

Innleiðingarferli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hófst árið 2011 þegar stýrihópur var skipaður um vinnuna. Hlutverk stýrihópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg. Meðal annars með því að skapa og þróa aðferðir og vinnulag, skilgreina og þróa markmið og miðla þekkingu um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð. Í stýrihópnum sitja nú einstaklingar frá öllum sviðum og skrifstofum borgarinnar sem er mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun. Í febrúar 2013 var ráðin verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sem vinnur við að framkvæma stefnu stýrihópsins.

Á árinu var farið af stað í það verkefni að greina stóra þjónustubætti á öllum sviðum borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar: Á Íþrótt- og tómsundasviði er unnið að greiningu á notkun frístundakortsins. Á Menningar- og ferðamálasviði er unnið að greiningu á gestum menningarstofnana og er greiningin afmörkuð við börn. Á Skóla- og frístundasviði er unnið að greiningu á stuðningi í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Á Umhverfis- og skipulagssviði er unnið að greiningu á skipulagsmálum borgarinnar. Á Velferðarsviði er unnið að greiningu á framfærslustyrk. Á mannréttindaskrifstofu er unnið að greiningu á stuðningi við innflytjendur og á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er unnið að greiningu á atvinnuátaki. Að auki er starfandi hópur á fjármálaskrifstofu sem vinnur að tillögum að verklagi og innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar til næstu fimm ára. Afurð þeirrar vinnu verða drög að handbók um verklag kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Allir starfshóparnir fengu í upphafi fræðslu um verkefnastjórnun, fjárhagsáætlunarferlið, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Haldið er utan um verkefnin með aðferðafræði verkefnastjórnunar og hafa tveir stöðufundir verið haldnir með teymisstjórum hópanna. Allir hóparnir skila af sér stöðu- eða lokaskýrslu í lok september og í byrjun október.

Þekking á notkun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er víða um heim orðin mikil. Í stað þess að vera stöðugt að finna upp hjólið er vert að læra af öðrum. Í febrúar 2013 sóttu fjórir einstaklingar úr stýrihópi kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar námskeið sem kennt var af Dr. Elisabeth Klatzer einum helsta sérfræðingi KFS í heiminum. Námskeiðið var haldið í Háskóla Íslands. Berlínarborg er sú borg sem er komin hvað lengst í innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og er gagnlegt að læra af því sem hefur áunnist þar. Í mars 2013 komu þeir Klaus Feiler fjármálastjóri Berlínarborgar og Stefan Komoß borgarstjóri eins umdæmis Berlínarborgar til landsins og héldu erindi og vinnustofur fyrir valda einstaklinga frá Reykjavíkurborg. Sú heimsókn gaf okkur mikið og er nú hafið samstarf við Berlínarborg um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Verkefnastýra hefur sömuleiðis kynnt innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins og stjórnendur Hafnafjarðarbæjar. Gagnlegt samstarf og samráð hefur verið frá upphafi við sérfræðinga frá Háskóla Íslands, sérfræðinga frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og sérfræðinga frá Jafnréttisstofu. Þar hæst að nefna Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, Halldóru Friðjónsdóttur, Þorgerði Einarsdóttur, Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur, Bryndísi E. Jóhannsdóttur, Hjálmar Sigmarsson og Huguínu R. Hjaltadóttur. Í lok október verður haldinn sameiginlegur vinnudagur starfshópa Reykjavíkurborgar og Stjórnarráðsins sem eiga það sameiginlegt að vinna eftir aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Margt er framundan þegar kemur að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Þann 1 nóvember 2013 verður Jafnréttisþing haldið. Þar verða fulltrúar Reykjavíkurborgar með innlegg um innleiðinguna. Áfram verður unnið að greiningu á helstu þjónustubáttum sviðanna og samþættingu við hefðbundið fjárhagsáætlunarferli. Drög að handbók um verklag kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar verða að vonum tilbúin vorið 2014. Markmiðið er að handbókin geti gagnast öllu starfsfólki borgarinnar og pólitískum fulltrúum. Fræðsla er mikilvægur hluti innleiðingarferlisins og mun stýrihópurinn á næstu árum efla fræðslu til starfsfólks borgarinnar.

# REGLUR UM GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

## 1. Markmið

- Markmið fjármálastjórnunar er að öll svið og stofnanir gæti ýrustu kostnaðarhagkvæmni í rekstri og ástundi árangursmiðaða fjármálastjórn. Stefnt er að því að hefja innleiðingu árangursmiðaðrar fjármálastjórnar hjá Reykjavíkurborg. Í fyrsta áfanga er lögð áhersla á að fagsviðin vinni að gerð samræmdra lykiltalna. Þá tekur við undirbúningur að gerð þjónustumarkmiða og árangursmælikvarða.
- Fjárhagsáætlanagerð skal byggjast á aðferðafræði árangursstjórnunar og aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar.
- Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana og fyrirtækja borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.
- Fimm ára áætlun felur í sér samþykktu stefnumótun borgarstjórnar í hverjum málaflökki.
- Fimm ára áætlun, fjárhagsáætlun og starfsáætlun eru mikilvægustu stjórnþæki borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum.
- Fjárhagsáætlun skal unnin þannig að ekki þurfi að breyta henni á rekstrarárinu nema að ófyrirséð atvik kalli sérstaklega á slíka ákvörðun. Þannig nýtist fjárhagsáætlunin sem öflugt stjórnþæki við rekstur borgarinnar.

## 2. Ábyrgð og verkaskipting

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Borgarráð staðfestir tekjuforsendur og úthlutar fjárhagsrömmum.
- Fagráð hafa það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflöknum. Fagráð hefur eftirlit með að rekstur sviðsins sé innan fjárhagsáætlunar og í samræmi við markaða stefnu og starfsáætlun.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við lög og samþykktir Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri leggur fram frumvörp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarráði.
- Fjármálastjóri fer með undirbúning frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun og hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun Reykjavíkurborgar, þ.m.t. fjárhagsáætlunargerð. Fjármálastjóri hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og starfsáætlun og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávíkgreiningar með reglubundnum hætti.
- Fagsvið og miðlægar fagskrifstofur gera drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun sem rúmast innan fjárhagsramma og eru í samræmi við stefnumótun borgarstjórnar og áherslur fagráðs í viðkomandi málaflökki.

### 3. Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar

#### Janúar

- Samráðsfundur formanna fagráða og lykilstjórnenda vegna greiningar- og undirbúningsvinnu.
  - Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar fer yfir gildandi áætlun um stofnframkvæmdir fasteigna, lausafjármuna, gatna og umferðamannvirkja og stöðu hennar.
  - Fjármálaskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Íslands miðað við gildandi fimm ára áætlun.
  - Kynnt er tíma og verkáætlun fjárhagsáætlunar.
- Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar.
- Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði.
- Svið og fagráð hefja vinnu við að rýna og leggja mat á a.m.k. einn þjónustupátt út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar.

#### Febrúar

- Fjármálaskrifstofa skilar formi fyrir greinargerð fagsviða um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri í málaflokkum ásamt formi fyrir tillögur fagráða um áherslur og forgangsröðun.
- Vinnufundir fagráða:
  - Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða. M.a. undirbúa umræðu um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, tækifæri og áhættur og gögn fyrir þarfagreiningu sviðsins vegna fjárfestinga í mannvirkjum, götum, opnum svæðum, áhöldum, tækjum og búnaði.
  - Fagráð yfirfara áherslur og forgangsröðun í málaflokknum á grunni gildandi stefnumörkunar og fimm ára áætlunar.
- Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar hefur vinnu við fjárfestingaáætlun, sem felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.

#### Mars

- Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.
- Sviðsstjórar skila til Fjármálaskrifstofu greinargerð um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri í málaflokknum ásamt tillögum fagráða um áherslur og forgangsröðun.
- Sviðsstjórar og skrifstofustjórar skila til Fjármálaskrifstofu samantekt yfir allar gjaldskrár sem notaðar eru, þ.m.t. viðmiðunargjaldskrár.

#### Apríl

- Fjármálaskrifstofa skilar launalíkönnum til vinnslu á sviðum.
- Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar skilar til Fjármálaskrifstofu drögum að fjárfestingaáætlun og valkostum til næstu fimm ára.
  - Fjárfestingaáætlun skal fela í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar til næstu fimm ára, valkostum til að mæta þeirri þörf og mati á þeim.
  - Áætlun um fjárfestingu í mannvirkjum (stofnframkvæmd) og búnaði skal innihalda greiningu á áhrifum á árlegan rekstrarkostnað þegar mannvirki hefur verið tekið í notkun. Kostnaðaráhrif vegna fjárfestinga skulu reiknuð að fullu í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
  - Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar og Fjármálaskrifstofa skulu í tengslum við gerð fjárfestingaáætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárförf vegna fjárfestinga.

### Apríl frh.

- Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar leggur fram lista fyrir hvert svið yfir allar eignir og innri leigu Eigna-sjóðs
- Skrifstofa þjónustu og rekstrar leggur fram yfirlit yfir þjónustu og gjaldskrá fyrir hvert svið sundurliðað eftir kostnaðarstöðum.
- Samráðsfundur Fjármálaskrifstofu og sviðsstjóra vegna undirbúnings fyrir rammaúthlutun og til að skoða fjárfestingaáætlun og rekstur með tilliti til tækifæra til samstarfs og hagræðingar.
- Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum niðurstöður á rýningu á þjónustupáttum út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar og tillögur um aðgerðir.
- Sviðsstjórar skila Fjármálaskrifstofu samræmdum lykiltölum til að auðvelda ákvarðanatöku pólitískra fulltrúa um forgangsröðun.

### Mai

- Borgarráð staðfestir tekjuforsendur og aðrar forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Lagðar eru línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar.
- Fjármálaskrifstofa leggur fram mat á útgjaldapoli A-hluta til næsta árs og næstu fimm ára.
- Borgarráð ákveður innri gjaldskrár.
- Borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum rammaúthlutunar.
- Borgarráð felur fagsviðum og skrifstofum hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.
- Höfðafundur um markmið og leiðir:
  - Fjármálaskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Íslands og áhrif þeirra á tekjuspá borgarinnar og kynnir drög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun miðað við ytri og innri forsendur (sviðsmyndir).\*
- Starfsdagar fagráða vegna forgangsröðunar.
  - Gögn og niðurstaða Höfðafundar lögð til grundvallar ásamt fjárhagsrömmum.
  - Fagráð fjalla um og afgreiða sérstaklega tillögur um aðgerðir vegna kynjasjónarmiða.
- Sviðsstjórar halda áfram vinnu við útfærslu á starfs- og fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.
  - Byggt skal á gildandi reglum og samningum Reykjavíkurborgar.\*\*
  - Byggt skal á forsendum Fjármálaskrifstofu um þróun kjara skv. kjarasamningum.
  - Byggt skal á forsendum Fjármálaskrifstofu varðandi gildandi rammameninga um innkaup á vörum og þjónustu.
  - Byggt skal á gjaldskráum vegna innri viðskipta.

\* Við úthlutun ramma er byggt á tilgreindum forsendum um hækkun ytri gjaldskráa. Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert skal innri leiga vegna borgarmannvirkja og framleiga reiknuð upp miðað við forsendur fjárhagsáætlunar um breytingu vísitölu neysliverðs á milli ára. Fjárheimildum fagsviða verði breytt í samræmi við eftirfarandi:

- Hækkun/lækkun sem nemur breytingu vísitölu neysliverðs til verðtryggingar á milli ára.
- Hækkun/lækkun sem nemur mismun áætlaðrar leigu liðins árs og raun.

\*\* Hér er vísað m.a. í innkaupareglur, kjarasamninga, vinnurétt og reikningsskilareglur.

### Ágúst

- Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum ásamt tillögum að gjaldskrá og greinargerð fyrir fagráðum. Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsroðun og markaða stefnu í málaflokknum. Afgreiðsla fagráðs þarf að liggja fyrir fyrir skilafrest sviðsstjóra á drögum að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun.

### September

- Sviðsstjórar skila Fjármálaskrifstofu lokadrögum að starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum ásamt tillögum að gjaldskrá og greinargerð.
- Fjármálaskrifstofa tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra og borgarráðs.
- Fjármálaskrifstofa leggur fjárhagslegt mat á útgjöld miðað við samantekinn drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrá og ytri forsendur (sviðsmyndagreining).

### Október

- Fjármálaskrifstofa undirbýr frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun ásamt greinargerð.
- Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs með starfsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt tillögum að gjaldskrá, fasteignagjöldum og útsvari.
- Borgarráð vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun til fyrri umræðu borgarstjórnar.
- Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.
- Fyrri umræða í borgarstjórn um frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Borgarstjórn afgreiðir tillögur að gjaldskrá, fasteignagjöldum og útsvari.

### Nóvember

- Borgarstjórn fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.
- Fjármálaskrifstofa rýnir forsendur fjárhagsáætlunar m.v. þjóðhagssþá, frumvarp að fjárlögum og áform um skattalagabreytingar.
- Borgarráð metur hvort tilefni er til að endurskoða frumvarp að fjárhagsáætlun vegna breyttra forsenda þjóðhagssþá eða annarra atvika.

### Desember

- Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.

## 4. Framkvæmd fjárhagsáætlunar

### 4.1 Árangursmiðuð fjármálastjórn

- Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri sviðsins og leitar hagkvæmstu leiða við rekstur þess innan marka fjárheimilda, starfsáætlunar og stefnumörkunar fagráðs um þjónustu á sviðinu. Í umboði sviðsstjóra felst sjálfstæði til að skipuleggja reksturinn sem best innan heimilda fjárhags- og starfsáætlunar.
- Sviðsstjóri skal fylgjast með tækifærum til umbóta í rekstri og hafa frumkvæði að því að innleiða þau til að bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað. Sviðsstjóri skal skilgreina þjónustumarkmið og árangursmælikvarða fjármálastjórnunar á sínu sviði í starfsáætlun.

### 4.2 Breyttar rekstrarforsendur innan rekstrarársins

- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum innan ársins skal fjármálastjóri meta heildaráhrif á rekstrar- niðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.
- Borgarráð getur heimilað sviðsstjóra að færa fjárheimildir milli kostnaðarstaða innan sama málflokks eins og hann er skilgreindur í reikningsskilareglum sveitarfélaga enda samræmist það stefnumörkun í málaflöknum og lögum. Frekari tilfærslur fjárheimilda þarf að bera undir borgarstjórn.
- Sviðsstjóra er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflöknum og lögum. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlut- aðeigandi fagráði og borgarráði.

### 4.3 Færsla fjárheimilda á milli ára

- Almennt færast rekstrarafgangur á sviði/stofnun á milli ára ef rekja má rekstrarafgang með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar en ekki ytri áhrifavalda, frestunar verkefna, manneklu eða þjónustufalls. Sviðsstjóri gerir tillögur til borgarstjóra um færslu afgangsbætur til ráðsstöfunar í tiltekið skilgreint verkefni. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um ráðstöfun afgangsbætur ef verkefnið er í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um þjónustu við borgarbúa og ekki komi til að sérstakar fjárhagsástæður borgarsjóðs kalli á annað. Samþykktum afgangi skal ráðstafað innan næstu tveggja rekstrarára og skal áætlað fyrir ráðstöfun afgangsbætur.
- Rekstrarhalli á sviði/stofnun færast sömuleiðis milli ára ef rekja má hann til lakrar fjármálastjórnunar eða ef sviðsstjóri hefur ekki gert borgarráði tímanlega grein fyrir aðstæðum og gert viðeigandi ráðstafanir. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um að slíkur halli verði fluttur á milli ára. Almennt skal miða við að svið/stofnun endurgreiði slíkan halla á tveimur árum og skal áætlað fyrir því hvernig honum skuli mætt.
- Ef rekja má rekstrarhalla til ytri áhrifavalda sem sviðsstjóri hefur gert borgarráði tímanlega grein fyrir og ekki var talin ástæða til eða mögulegt að draga á móti úr kostnaði við starfseminna, færast hann ekki á milli ára.
- Sviðsstjóri setur nánari reglur á sínu sviði um færslu afgangsbætur/halla á grundvelli ofangreindra reglna og gerir grein fyrir þeim í starfsáætlun sviðsins.

## 5. Eftirlit og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Borgarráð hefur eftirlit með rekstri borgarsjóðs.
- Fjármálastjóri skal fylgja eftir fjárhagsáætlun með reglubundnum reikningsskilum og frávikagreiningu. Fjármálastjóri hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og starfsáætlun og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar með reglubundnum hætti. Fjármálastjóri kynnir borgarstjóra og borgarráði mánaðarlega rekstraryfirlit. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstaða ársins liggja fyrir gerir fjármálastjóri borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.
- Fagráð hefur eftirlit með að rekstur sviðsins sé innan fjárhagsáætlunar og í samræmi við markaða stefnu og starfsáætlun. Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna 6 mánaða uppgjör og ársuppgjör ásamt helstu lykiltölum og hvernig til tókst að ná þeim árangri sem stefnt var að í starfsáætlun.
- Sviðsstjóri skal a.m.k. einu sinni á ári fara yfir lykiltölugreiningu á rekstri og ræða tækifæri til umbóta á rekstri við stjórnendur á sviðinu, með það að markmiði að bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað. Sviðsstjóri gerir borgarstjóra reglubundið grein fyrir hvernig þjónustumarkmiðum er náð innan ársins og ytri og innri áhrifavöldum á rekstur sviðsins.
- Sviðsstjóri skal reglubundið (mánaðarlega) fylgjast með rekstri sviðsins. Sviðsstjóra ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykkrar fjárhagsáætlunar og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.
- Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa. Greinargerð Innri endurskoðunar skal lögð fram eigi síðar en við framlagningu ársreiknings.

**Samþykkt í borgarráði 7. febrúar 2013**



Viðauki 1: Verk og tímaáætlun fjárhagsáætlunarferlis

	VERK OG TÍMAÁÆTLUN FJÁRHAGSÁÆTLUNARFERLIS											
	Dagsetningar miða við hvenær verkþætti skuli lokið											
	JAN	FEB	MAR	APR	MAY	JUN	JUL	AUG	SEP	OCT	NOV	DEC
Samráðsfundur formanna þgráða og lykilstjórnenda vegna greiningar- og undirbúningsvinnu.	18.jan											
Borgarstjórn felur sviðum og fagræðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar	31.jan											
Tíma- og verkáætlun ársins lögð fram í borgarstjórn	31.jan											
Svið og fagræð hefja vinnu við að rýna og leggja mat á a.m.k. einn þjónustupátt út frá aðfarðaræði lýrjaðrar fjárhagsáætlunargerðar	31.jan											
Fjármálaskrifstofa skilar formi fyrir greinargerð fagsviða um tækifæri til spamaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri og tillögur fagræða um áherslur og forgangsráðun		febrúar										
Starfsdagur fagræða		febrúar										
SEA hefur vinnu við fjárfestingaráætlun, sem felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á veltustum og mæli á hekkvæmni þeirra		febrúar										
Fagræð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsráðun í málefliciknum til næstu fimm ára			mars									
Sviðsstjórn skila til FMS greinargerð um tækifæri til spamaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri í málefliciknum ásamt tillögum fagræða um áherslur og forgangsráðun.			31.mars									
Sviðsstjórn skila til FMS samantekt vfir allar gjaldskrár												
FMS skilar launalikönunum				24.apr								
SEA skilar til FMS drögum að fjárfestingaráætlun og veltustum til næstu fimm ára				15.apr								
Samráðsfundur FMS og sviðsstjóra vegna undirbúnings fyrir samnefnd hlutun				30.apr								
Sviðsstjórn kynna fyrir fagræðum niðurstöður á rýningu á þjónustupáttum út frá aðfarðaræði lýrjaðrar fjárhagsáætlunargerðar og tillögur um aðgerðir.				30.apr								
Sviðsstjórn skila Fjármálaskrifstofu samræmdum lykiltölum til að auðvelda ákvæðanatöku politískra fulltrúa um forgangsráðun				30.apr								
Borgarstjórn staðfestir tekjuforsendur og áðrar forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Lagðar eru fyrir um meðhöndlun inni og ytri gjaldskrára vegna vinnslu fjárhagsáætlunar					16.mai							
FMS leggur fram mat á útgjaldabili A-hluta til næsta árs og næstu fimm ára.					16.mai							
Borgarstjórn ákveður innri gjaldskrár og útlutun fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að ljúka fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum þeirra					23.mai							
HÓFDÁFUNDIR um markmið og leiðir					31.mai							
STARFSDAGUR FAGRÆÐA vegna forgangsráðunar					maí							
Fagræð fjella um og afgreiða tillögur um aðgerðir vegna cynnes ónæmiða					maí							
Sviðsstjórn hefja vinnu við útfærslu á starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára					maí							
Sviðsstjórn kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með ójónus:umarfandiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagræðum. Fagræð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu samræmi við ákvæðanir fagræða um áherslur og forgangsráðun og markaða stefnu í málefliciknum.								31.ági				
Sviðsstjórn skila FMS lokadrögum að starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára ásamt ójónus:umarfandiðum og árangursmælikvörðum og tillögum að gjaldskrár vegna þjónustu									13.sep			
FMS tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra og borgarstjóra									20.sep			
FMS leggur fjárhagslegt mat á útgjöld m.v. samantekn drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrár og ytri forsendur (sviðsmvndargreining)									30.sep			
Formenn fagræða og sviðsstjórn kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarstjórn										10.okt		
Borgarstjórn leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarstjórn ásamt starfsáætlun.										10.okt		
Fyrir umræða í borgarstjórn um frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun										15.okt		
Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun												5.des

## Viðauki 2: Nánar um ábyrgð og verkaskiptingu:

### Borgarstjórn

- Ræðir frumvarp að fjárhags- og starfsáætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Ræðir frumvarp að fimm ára áætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Afgreiðir tillögur frá borgarráði um ákveðnar gjaldskrárbreytingar ss. sorphirðu- og hundaeftirlitsgjöld.

### Borgarráð

- Afgreiðir reglur um fjárhagsáætlun.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fimm ára áætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Afgreiðir tillögur um gjaldskrár og breytingar á þjónustu með fjárhagsáætlun.
- Afgreiðir starfsáætlanir.

### Borgarstjóri

- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi fimm ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að reglum um fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fimm ára áætlun.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að gjaldskrár, fasteignagjöldum og útsvari.

### Fagráð

- Hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangs röðun og markaða stefnu í málaflokknum.
- Fagráð hefur eftirlit með því að rekstur sviðsins sé í samræmi við markaða stefnu, fjárhags- og starfsáætlun. Sviðsstjóri leggur reglubundið fyrir fagráð upplýsingar um rekstur sviðsins. Fagráð getur kallað eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem með þarf.

### Sviðsstjóri

- Skoðar rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli fimm ára áætlunar og metur hvort tilefni sé til að gera tillögur til borgarstjóra um breytingar.
- Gerir drög að fjárhagsáætlun m.v. forsendur fjármálaskrifstofu um áætlað verðlag, launakjör, gjaldskrár og stefnumótun fagráða í samstarfi við fjármálaskrifstofu.
- Kynnir fyrir fagráði tillögur að drögum að frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun, ásamt starfsáætlun.
- Kynnir frumvarp að fjárhagsáætlun sviðs og starfsáætlun sviðsins í borgarráði ásamt formanni fagráðs.
- Ber ábyrgð á að rekstur sviðsins sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og samþykka starfsáætlun og gerir grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins eftir árshlutauppgjör í fagráði og borgarráði.

### Fjármálastjóri

- Fjármálastjóri fer með undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, bókhaldi, fjárreiðum, innheimtum, lánamálum og reikningsskilum Reykjavíkurborgar.
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun og starfsáætlun.
- Ber ábyrgð á að taka saman og kynna með reglubundnum hætti rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar.

Fagsvið



# ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

## Leiðarljós


Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttá- og tómstundaiðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	942.316
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>942.316</b>
Laun og launatengd gjöld	1.383.963
Annar rekstrarkostnaður	5.495.198
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>6.879.161</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5.936.845</b>

Starfsfólk	2014
Vinnuframlag	220
Ársverk fastra í dagvinnu	168
Ársverk skammtíma-	59
Ársverk alls	227
Yfirvinna	71.859
Vaktir	146.955

## Skipurit



## Hlutverk

- ◆ Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- ◆ Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- ◆ Eiga gott samstarf við íþróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- ◆ Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- ◆ Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- ◆ Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.


## Megináherslur 2014 - breytingar frá fyrra ári

Starfsemi ÍTR snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er rekstur 6 sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, félagavalla, skíðasvæða og fleira. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Fristundakortinu, samskiptum við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra.


Árið 2014 verður fram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Lokið var við gervigrasvöll og grasæfingarsvæði á athafnasvæði Fram í Úlfarsárdal auk félags- og búningastöðu í Leirdal fyrir Fram og íbúa Grafarholts. Miklar endurbætur voru gerðar í Laugardalslaug, klórframleiðslutæki voru sett upp í Sundhöllinni og við útilaug og potta í Laugardalslaug. Árið 2014 lýkur framkvæmdum við nýtt eimbað í Breiðholtslaug, nýjan nuddpott og barnaleiksvæði við Vesturbæjarlaug ásamt endurbótum á bað- og búningaklefum. Hafinn er undirbúningur að viðbyggingu við Sundhöllina og lokið er hönnunarsamkeppni. Einnig er hafinn undirbúningur að hönnun skóla og íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal, með samkeppni, en gert er ráð fyrir almenningsundlaug og íþróttahúsi sem einnig nýtist knattspyrnufélaginu Fram.

Í stefnumótun til næstu 20 ára fyrir sundlaugarnar er gert ráð fyrir ýmsum nýmælum og uppbyggingu í samræmi við þróun borgarinnar og nýtt aðalskipulag. Þá verður fylgt eftir stefnumótun ÍTR, ÍBR og íþróttafélaganna um samstarf varðandi starfsemi í hverfum borgarinnar. Gerður hefur verið þjónustusamningur til þriggja ára milli ÍTR og ÍBR um framlög borgarinnar til íþróttafélaganna. Einnig sömdu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til næstu þriggja ára og færast rekstarumsjón svæðanna til ÍTR. Í samræmi við fyrirheit borgaryfirvalda um jafnræði mun ÍTR vinna greiningu á þátttöku karla og kvenna í starfsemi sinni og með hvaða hætti félögin í borginni nýta styrki borgarinnar með tilliti til kynjasjónarmiða. Á starfsstöðum ÍTR verður unnið, í samvinnu við starfsfólk, með niðurstöður viðhorfskönnunar borgarinnar sem gerð var vorið 2013. Könnunin er mikilvægt umbótatæki sem nýtast mun við eflingu mannauðs og þjónustu ÍTR.


## Skipting rekstrar 2014



Mynd: Skipting rekstrarramma



Mynd: Skipting rekstrar



## Megináherslur þjónustubátta og helstu breytingar á milli ára

### Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2014 gera ráð fyrir að verðbólga verði 3,4%. Almennt er ekki um gjaldskrárhækkanir að ræða. Annar rekstrarkostnaður, fyrir utan orkukostnað, er ekki verðbættur sem leiðir af sér nokkra hagræðingarkröfu. Áætlaðar hækkanir vegna launabreytinga byggja meðal annars á kostnaðarmati vegna kjarasamninga janúar - febrúar 2014. Ekki er leiðrétt fyrir öðrum launabreytingum og þarf að hagræða í rekstri til að mæta þeim.

Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári eru meðal annars vegna hækkunar á Frístundakorti, þjónustu við fatlaða framhaldsskólanema og uppfærslu samninga við íþróttahreyfinguna. Einnig er í rekstrarramma ÍTR fjárveiting vegna samstarfsverkefna fyrir 16 ára og eldri. Innri leiga er 37% af nettóútgjöldum ÍTR. Ekki eru gerðar miklar breytingar á þjónustutíma sundlauga.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja, í eigu annarra, sem notuð eru fyrir íþróttá- og tómstundastarf, svo sem Egilshöll, Íþróttá- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu. Innri leiga, húsaleigusamningar, samningsbundnir styrkir og framlög nemur um 80% af nettóútgjöldum ÍTR. Kostnaður vegna kaupa á orku er 3,42% af nettóútgjöldum.

### Sundlaugar

ÍTR rekur 6 sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til íþróttá- og sundiðkunar, þær hafa fjölþættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind.

Heildaraðsókn árið 2013 er áætluð 1822 þúsund gestir. Mest aðsókn er að Laugardalslaug. Nokkrar breytingar eru gerðar á afgreiðslutíma sundlauga. Helgaropnun er samræmd og lengd um klukkustund. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á almennri þjónustu lauganna en unnið er að endurbótum og nýframkvæmdum við nokkrar þeirra. Nokkur óvissa er um áhrif nýrrar reglugerðar um öryggismál. Fjárhagsáætlun vegna lauganna 2014 er kr.1.138.851 millj.

### Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr auk dýra sem lifa villt í íslenskri náttúru. Þá er þar að finna framandi dýr eins og skriðdýr sem og fiskasafn. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árlega sækja þúsundir grunn- og leikskólanemar fræðslu í garðinum. Samningur var nýlega gerður milli Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs um aukið samstarf á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs.

Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára og hafa þau notið vaxandi vinsælda. Í Fjölskyldugarðinum er fjöldi leiktækja sem mörg miðast við að gestir geri sem mest sjálfir ásamt því að vera valin með öll aldursstig í huga.

Vísindaveröldin er uppgötvunarmiðstöð þar sem börn og fullorðnir geta glímt við ýmsar þrautir og lært, með því að nota skynfærin, hvernig hlutirnir virka. Í garðinum er rekin veitingasala. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2013 var um 170 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun 2014 er kr. 174.425 milljónir.

## Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefnið felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafþjónustu, þjónustu við fatlaða, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, rekstri einstakra viðburða og erlendu samstarfi. Frjáls félagssamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma.

Undanfarin ár hefur Hitt Húsið staðið fyrir reynsluverkefni í þjónustu fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Verkefnið hefur nú verið fest í sessi. Veitt er til þess auknu fjármagni í áætlun 2014 og starfsemin hefur öðlast aðild að norrænum samtökum sem vinna að framgangi frístundastarfs fyrir fatlaða. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2014 er kr. 238.967 millj.

## Nauthólsvík

Í Nauthólsvík rekur ÍTR Ylströndina og siglingaklúbbinn Siglunes. Á Ylströnd var opnunartímum á vorönn fjölgað og þjónusta vegna sjósunds aukin. Aðsókn að Ylströndinni árið 2013 var um 470 þúsund gestir. Ylströndin í Nauthólsvík er handhafi Bláfánans sem er alþjóðleg umhverfisvottun. Fjárhagsáætlun Ylstrandar árið 2014 er kr. 49.065 millj.

Í Siglunesi, yfir sumarmánuðina, geta börn og unglingar sótt námskeið í siglingum og róðri og tekið þátt í klúbbastarfi. Þátttaka í starfsemi siglingaklúbbsins sumarið 2013 var um 9500 gestakomur. Fjárhagsáætlun siglingaklúbbsins 2014 er kr. 20.527 millj.

## Upplýsinga- og kynningarmál

Vefsíður ÍTR og upplýsingar um starfsemi félaga voru uppfærðar árið 2013. Vefur ÍTR, fristund.is, verður endurskipulagður og gerður víðtækari með öflugri leitarmöguleikum. Unnið verður að undirbúningi innleiðingar nýs mannvirkjavefs í samstarfi við ÍBR og UTD. Nýjar reglur voru settar af SFS varðandi kynningar í Mentor.

Opnuð verður svokölluð frístundagátt þar sem aðildarfélögum Frístundakortsins gefst kostur á að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi sína.

## Frístundakortið

Nýting Frístundakortsins hefur aukist ár frá ári frá því það var tekið í notkun 2007. Árið 2013 voru um 220 félög með aðild og nýttu um 15 þúsund börn og unglingar, 6–18 ára, sér það, sem er yfir 80% nýting. Frístundakortið hefur undanfarin ár, vegna þessarar miklu nýtingar, farið nokkuð fram úr fjárheimildum. Í áætlun 2014 er fjárveiting til Frístundakortsins hækkuð til að koma til móts við þessa þróun og einnig hefur styrkur á hvern einstakling verið hækkaður úr 25 þúsund krónum í 30 þúsund.

Úthlutun styrkja til sérstakra samstarfsverkefna í hverfum sem eru hluti af Frístundakortinu hefur nú verið sameinuð öðrum styrkjum ÍTR.

Gagnagrunnur Frístundakortsins í Rafrænu Reykjavík verður nýttur til að vinna yfirlit um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, meðal annars til að aðgreina þátttöku stráka og stelpna í starfsemi félaganna. Heildarkostnaður við Frístundakortið árið 2014 er áætlaður kr. 471.259 milljónir.



## Skíðasvæði

Nýr samningur til þriggja ára var gerður milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem aðild eiga að skíðasvæðunum. Í samningnum er kveðið á um framlög sveitarfélaganna til reksturs og framkvæmda og að rekstrarumsjón sé hjá ÍTR.

Aðstaða skíðabrettafólks í Bláfjöllum var bætt, fest kaup á snjótroðara og komið upp færibaldi fyrir byrjendur. Skíðabrekkur innan borgarmarkanna voru endurbættar. Aðsókn að skíðasvæðum veturinn 2012—13 var 73 þúsund gestir en alls var opið í 74 daga. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skíðasvæðanna 2014 er áætlað kr. 85 millj.

## Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Þjónustusamningur til 3ja ára var gerður 2013 milli ÍTR og ÍBR fyrir hönd íþróttafélaganna. Í samningnum er kveðið á um framlög ÍTR til félaganna og ÍBR í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsröðun sem unnin var 2012. Einnig voru endurskoðaðar reglur ÍBR og ÍTR um styrki vegna aðstöðu til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 800 millj. króna. Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nemur um einum milljarði króna en hluti af kostnaði ÍTR, á styrkjalið, er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþróttá- og sýningahöllinni, Mest húsinu o.fl. Framkvæmdastyrkur var veittur til byggingar á horfendastúku við Fylkissvöll árin 2013—2014.

Umsjón með styrkveitingum til skákhreyfingarinnar flyst til ÍTR en styrkir til tauffélaga í borginni nema um 15 millj. króna. Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nemur um 15 millj. króna. Styrkir til sérstakra samstarfsverkefna og félagastarfs í hverfum borgarinnar eru áætlaðir 30 milljónir króna. Viðhaldsstyrkir vegna mannvirkja íþróttá- og æskulýðsfélaga voru 20 millj. árið 2013 og eru 40 millj. 2014.

## Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir sem tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning: Reykjavík International Games 17.— 20. janúar 2014; Rey Cup mótið verður haldið 23.— 27. júlí 2014; Evrópumeistaramótið í hópfimleikum í október 2014. Einnig má nefna Vetrarhátíð og Þjóðhátíðina, en fagnað verður 70 ára lýðveldi 2014. Einnig er hafinn undirbúningur vegna Smáþjóðaleika sem fram fara í Reykjavík 1. — 6. júní 2015 og Evrópumeistaramóts skáklandsliða haustið 2015.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011*	Áætlun 2012	Áætluð út- koma 2013	Áætlun 2014
<b>Starfsmannamál</b>					
Fjöldi starfsmanna	1203	311	311	395	409
Fjöldi stöðugilda	538	187	177	214	266
Fjöldi ársverka			177	214	227
Vinnuframlag		219,8	206,7	246,9	220
Fjöldi yfirvinnustunda		68.150	61.851	68.470	71.859
Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi		140.351	149.303	147.147	146.955
Eknir km. á ári skv. samningum		95.465	89.281	89.281	86.177
<b>Aðsóknartölur</b>					
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.900	1.792	1.800	1.822	1.850
Aðsókn að Ylströnd í þús.	472	414	470	470	470
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús.	190	194	184	160	170
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	207	229	229	229	229
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	4.452	4.800	4.800	6.800	7.000
Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi	337	320	250	500	500
Önnur aðsókn að Siglunesi				4.500	4.500
<b>Frístundakortið - ráðstöfun</b>					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	68%	75%	78%	81%	82%
- Stelpur / - Strákar	73% / 69%	77% / 73%	80% / 76%	81% / 78%	83% / 79%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	76%	77%	86%	90%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	75%	85%	86%	88%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	66%	74%	75%	77%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	46%	55%	57%	58%	60%
<b>Frístundakortið — skráning í starfsemi</b>					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	79%	87%	88%	89%	90%
- Stelpur / - Strákar		87% / 86%	88% / 87%	89% / 88%	90% / 89%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	92%	99%	99%	99%	99%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	87%	93%	96%	97%	98%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	79%	85%	86%	86%	87%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	62%	66%	67%	68%	69%

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011*	Áætlun 2012	Áætluð út- koma 2013	Áætlun 2014
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	170	203	214	218	210
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga		46%	50%	52%	53%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningar- starfsemi		18%	19%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga		2%	3%	3%	3%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs		14%	15%	15%	16%
<b>Styrkir til félaga (í þús. kr.)</b>					
Rekstrarstyrkir	243.918	227.227	242.578	263.560	281.019
Húsaleigustyrkir	484.449	477.681	490.153	613.649	647.115
Greiðsla vegna mannvirkja	690.981	828.212	872.902	895.925	893.262
Aðrir styrkir	59.000	57.600	49.100	65.600	66.800
Byggingastyrkir	46.800	45.000	49.000	96.599	66.530
Styrkir ráðsins	15.000	10.000	10.000	10.000	10.000
<b>Sumarráðningar ungs fólks</b>					
Fjöldi ráðinn af íþróttá- og æskulýðsfélögum	210	231	180	136	
Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR	251	278	315	350	
Fjöldi umsækjenda um sumarstörf	4.311	5.116	4.403	4.093	
Heildarfjöldi ráðinna	1.524	1.947	1.577	1.304	
Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsi- inu	147	81	150	109	
<b>Hitt Húsið</b>					
Fjöldi viðburða	442	466	902	900	900
Fjöldi virkra í viðburðum	6.550	6.681	18.673	18.000	18.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	88.664	92.373	80.696	90.000	90.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavítans pr. mánuð	4.774	6.000	24.049	25.000	25.000
Fyrirsp. á vef Tótalráðgjafar og Áttavítans	281	370	457	500	500
Aðsókn að starfsemi og viðburðum vegna fatlaðra				24.663	25.000
<b>Húsnæði og vellir</b>					
Fermetrar í innri leigu*	60.075	60.075	60.075	60.075	60.175
Fermetrar í leigu hjá öðrum	31.925	35.690	35.690	35.690	35.690
Fjöldi fermetra á grasvöllum	295.368	302.743	310.743	328.000	333.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	55.900	55.900	63.000	64.800	64.800
<b>Rekstrartölur</b>					
Heitt vatn í þús.rúmmetra alls ÍTR	1.616	1.650	1.680	1.801	1.810
Kalt vatn í þús.rúmmetra alls ÍTR	784	765	790	800	810
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.183	5.900	6.000	6.050	6.100
Innri leiga	1.597.777	1.724.024	1.909.492	2.083.478	2.207.227

## Skorkort 2014

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Áætlun 2012	Áætlun / útkoma 2013	Áætlun 2014
<b>Þjónusta</b>				
Jákvæð umgjörð íþróttá- og tómstundastarfs	Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)	1.812.000	1.850.000	1.850.000
	Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið	88%	89%	90%
Hvatning og stuðningur við ungt fólk	Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	78%	81%	82%
Öryggi og gæði	Hlutfall starfsfólks sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	86%**	80% / 80%	80%*
<b>Fjármál</b>				
Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna	Álagning í sölustarfsemi	50%	50%	50%
	Innheimtuhlutfall krafna	99%	99%	99%
Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar	Fjárhagsáætlun v.s. raun %	+/- 1%	+/- 1%	+/- 1%
<b>Verklag</b>				
Skýrir verkferlar	Fjöldi verkferla á innri vef*	30	30	30
	Hlutfall starfsfólks sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	89%**	90% / 85%	85%*
Aðgengilegar upplýsingar	Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	70%**	80% / 75%	75%*
	Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku*	4274	5000	5000
	Hlutfall starfsfólks sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	59%**	60%	Ekki mælt
Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða	Hlutfall viðhaldsverkefna og úttekta sé lokið innan viðmiðunartíma	90% lokið	95%	
Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila	Fjöldi styrkhæfra samstarfsverkefna	40	25 / 35	35
<b>Mannauður</b>				
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsfólks sem telur vinnuaðstöðu sína góða	63%**	80% / 75%	75%*
	Hlutfall starfsfólks sem telur sig búa við starfsöryggi	71%**	80% / 80%	80%*
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsfólks sem er ánægt í starfi	81%**	85% / 85%	85%*
	Hlutfall starfsfólks sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	69%**	70% / 80%	80%*
	Hlutfall starfsfólks sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	56%**	75% / 80%	80%*
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsfólks sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	85%**	85% / 85%	85%*
	Hlutfall starfsfólks sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	71%**	80% / 80	80%*

\*Mæling gerð annað hvert ár, næst mælt 2015 . \*\* Byggir á gögnum 2011.

# MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

## Leiðarljós

Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðabjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru sé þekkt og virt.




## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	255.343
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>255.343</b>
Laun og launatengd gjöld	901.575
Annar rekstrarkostnaður	3.074.608
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>3.976.183</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.720.840</b>

Starfsfólk	2014
Fjöldi starfsfólks	214
Fjöldi stöðugilda	147,4
<b>Eftir skrifstofum</b>	
Borgarbókasafn Rvk	74,1
Listasafn Reykjavíkur	20,6
Minjasafn Reykjavíkur	18,8
Höfuðborgarstofa	11,9
Menningarm. Gerðuberg	7,9
Ljósmyndasafn Rvk	5,0
Skrifstofa sviðs	4,8
Sérverkefni	3,0
Viðey	1,3

## Skipurit



## Hlutverk

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón starfsemi í Viðey, Reykjavíkur—Bókmenntaborgar UNESCO og þverfaglegs starfs um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

## Megináherslur 2014 - breytingar frá fyrra ári



### Borg með hjarta er yfirskrift


Menningar- og ferðamálasviðs árið 013. Yfirskriftin endurspeglar áherslur og helstu markmið með starfsemi sviðsins þetta árið og miðlar því að hvers konar borgarbrag Menningar- og ferðamálasvið vill stuðla að. Í því að vera borg með hjarta felst m.a. að setja mannréttindi í öndvegi og stuðla að því

að Reykjavík sé manneskjuleg og hlýleg borg – jafnt fyrir þá sem hér búa og hina sem sækja okkur heim. Fjölbreytt menningar- og listalíf spilar í þessu samhengi lykilhlutverk; að starfsemi menningarstofnana sviðsins hvetji til þátttöku og geri öllum borgarbúum kleift að nálgast upplýsingar, fræðslu og upplifun tengda menningararfi og sögu, sjón- og orðlistum, tónlist, fjölmenningu, barnamenningu og margvíslegum viðburðum, svo fátt eitt sé nefnt af því sem er á vettvangi sviðsins.

Í yfirskriftinni felst einnig hvatning til þess að sýna dirfsku og þor til að fara nýjar leiðir og breyta út frá viðteknum venjum. Þessa sér stað á margvíslegan hátt í starfsáætlunum stofnana sviðsins. Stuðningi Reykjavíkurborgar við fjölmargar sjálfstæðar stofnanir og framleiðendur á sviði menningar og lista er ætlað fjölpætt hlutverk s.s. að styrkja faglegan grunn, næra blómlega og breiða grasrót og ýta undir ögrandi tilraunastarfsemi. Menningar- og listalífið í Reykjavík árið 2014 ætti því að endurspeglar sterkar grunnstoðir og fagmennsku í bland við sköpunargleði og forvitni. Í borg með hjarta er tekið vel á móti gestum. Þeim er fagnað, gott aðgengi að upplýsingum er tryggt og þeir eru hvattir til að nýta sér allt það fjölbreytta sem borgin hefur upp á að bjóða allt árið um kring.


Tekið er tillit til þarfa ferðamanna og mikilvægis ferðaþjónustu á öllum sviðum.

## Skipting rekstrar



- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað

## Stofnanir sviðs



- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Minjasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Menningarmiðstöðin Gerðuberg
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Viðey

Miðborgin er hjarta Reykjavíkur, menningarmiðja og jafnframt fjölsóttasti ferðamannastaður landsins og verður að endurspegla þetta mikilvæga hlutverk m.a. í gegnum umhverfsgæði, hreinsun og fegur.

### Rekstur

Menningar- og ferðamálasvið leggur áfram ríka áherslu á að finna hagkvæmstu leiðir í rekstri um leið og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málaflokkunum. Hagræðingarkrafan sem birtist árið 2014 í því að engar vísitölubætur koma á breytilegan kostnað í rekstri utan afmarkaðra þátta, bitnar þyngst á stofnunum sviðsins sem hafa síðustu ár orðið fyrir um 20% raunniðurskurði á framlögum borgarsjóðs. Kostnaður í rekstri stofnana sviðsins hefur verið skorinn niður árvisst að árinu 2013 undanskildu, en þessari þróingu stöðu verður m.a. mætt með því styrkja eftir margvíslegum leiðum öflun sértekna hjá stofnunum sviðsins.

Breytingar á gjaldskrár stofnananna taka annars vegar mið af miðlægum viðmiðum fjárhagsáætlunar um og hins vegar hefur sviðið sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka einskiptis aðgang umfram viðmið og fjölga fullborgandi gestum. Farið verður í áttak við að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðapjónustunni og sölu- og markaðsáttak er framundan á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgarbúar njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður sérstakt áttak gert í að auka kynningu og sölu á Menningarkorti Reykjavíkur og verðinu haldið óbreyttu á milli ára. Sérstakt áttak verður sett af stað til að efla safnabúðir, auka veltu og framlegð.

53% af fjárhagsramma ársins verður varið til styrkja og samninga, en 41% af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.

### Samruni stofnana


Borgarráð samþykkti 28.11.2013 þá tillögu menningar- og ferðamálaráðs að rekstur og starfsemi Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur ses. verði yfirtekinn með eignum og skuldum sjálfseignastofnunarinnar og safnið gert að borgarsafni. Samhliða var sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs falið að leiða sameiningu á rekstri og þjónustu Minjasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur í samræmi við forsendur og markmið fyrirbyggjandi samrunaáætlunar. Áætlað er að nýtt safn taki formlega til starfa um mitt ár 2014.

Auk þess verða líka könnuð þau tækifæri sem felast í samstarfi og jafnvel samrekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að markmiði að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðju í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár í söfnunum um alla borg árið um kring.

### Stefnumörkun


Í drögum að endurskoðaðri menningarstefnu er ný menningarstefna ríkisins höfð til hliðsjónar. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á stefnunni, enda var hún aðeins til fjögurra ára og hefur reynst vel.

## Styrkir og samningar



- Leikfélag Reykjavíkur
- Listahátíð í Reykjavík
- Sjónlístar miðstöð Korpúlfsstöðum
- Ráðstefnuborgin Reykjavík
- Tjarnarbíó
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa

## Skipting gjalda



- Launakostnaður
- Innri leiga húsnæðis, áhaldna og tækja
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstrarkostnaður

Nýtt markmið um stafræna menningu bætist við þau átta sem fyrir eru. Gerð verður ný aðgerðaráætlun fyrir hvert markmið og farið að vinna eftir henni.

Unnið verður áfram á grunni ferðamálastefnunnar 2011-2020 sem hvílir á meginstoðunum fjórum: Menningarborg; Heilsuborg; Ráðstefnuborg og Vetrarborg.

### **Barnamenning í borg með hjarta**

Hlúð er að menningaruppeldi barna og ungmenna hjá stofnunum sviðsins, í stuðningi fagráðsins við verkefni á sviði listmiðlunar, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og skapandi samstarf milli Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla- og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Stærstu styrkhafarnir, Leikfélag Reykjavíkur, Listahátíð í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Bíó Paradís sinna veigamiklu hlutverki í listuppeldi barna.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík verður enn öflugri enn fyrr. Biophilia, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur hefur verið í mikilli gerjun síðustu tvö ár og verður eitt af formennskuverkefnum Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014. Það verður kynnt sérstaklega á Norðurlöndum, en átta borgir munu taka þátt í þessari þróunarvinnu sem kallar á nýja sýn og nýjar aðferðir.

### **Styrkveitingar og framlög**

Helstu breytingar á framlagi menningar- og ferðamálaráðs litast af nýjum samningum til fleiri ára. Samningur um rekstur Borgarleikhússins 2013-2015 er tvíþættur; annars vegar rekstrarstyrkur til starfsemi en hins vegar styrkur vegna innri leigu af húseign og búnaði í Borgarleikhúsinu. Þar er nýmæli að LR skal leggja áherslu á að sinna listuppeldi barna og ungmenna og vinna árlega fræðsluáætlun þar að lútandi í samráði við Menningar- og ferðamálasvið.

Framlag til Hörpu hefur einungis verið endurgreiðsla á fjármögnun byggingarinnar en tilgangur nýs samkomulags um Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf er að skjóta stoðum undir rekstur hennar með það að markmiði að reksturinn verði eins sjálfbær og kostur er. Samkvæmt því munu Reykjavíkurborg og íslenska ríkið leggja Hörpu til sérstök árleg framlög fyrir árið 2013 – 2016 í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra í félaginu.

Á árinu 2014 bætast þrjár hátíðir við þær ellefu sem njóta samstarfsamnings til þriggja ára úr svokölluðum Borgarhátíðasjóði. Með gerð samstarfssamninga til þriggja ára við sex aðila fyrir árin 2013 - 2015 var mun sterkari stoðum rennt undir faglegt starf í listalífi borgarinnar og við bætist nú samstarfssamningur við menningarfélagið Tjarnarbíó (MTB) um rekstur Tjarnarbíós vegna árána 2014, 2015 og 2016 auk styrkjar í formi innri leigu. Helstu breytingar á verklagsreglum vegna úthlutun styrkja árið 2014 eru þær að ekki verður um skyndistyrki að ræða heldur einungis árlega styrkjaúthlutun.

### **Erlent samstarf**

Menningarmálanefndir höfuðborga Norðurlanda halda sameiginlega ráðstefnu annað hvort ár um það sem helst brennur á þeim og verður hún haldin í Kaupmannahöfn 2014.

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu borgarinnar með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Stjórnendur menningarstofnana og sviðsins sitja í alþjóðlegum samtökum hver á sínu sviði. Nokkuð er um náms- og kynnisferðir héðan og að utan til sviðsins.

Árangur alþjóðlegs samstarfs verður svo sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis eins og sjá má af starfsáætlunum stofnana.

### **Miðlun og markaðssetning**

Haldið verður áfram að þróa nýtingu á margvíslegri rafrænni miðlun á stofnunum sviðsins til upplifunar, kynningar, fræðslu og markaðssetningar. Starfshópur um nýmiðlun og upplýsingatækni heldur áfram störfum ásamt smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni. Á grunni umfangsmikillar greiningar á heimasíðum og samfélagsmiðlum stofnananna og starfsmannafræðslu hefur verið gerð samræmd aðgerðaáætlun fyrir árið. Sérstök áhersla verður



lögð á almenna og sértæka kennslu og fræðslu til að starfsfólk geti nýtt enn betur þau tækifæri sem felast í nýmiðlun. Snjallsímar og spjaldtölvur voru tekin í notkun á sviðinu árið 2013 og verður mikil áhersla lögð á miðlun lifandi myndefnis og gagnvirks viðmóts í kynningarstarfi menningarstofnanna og rafræns aðgengis almennings að safneigninni. Höfuðborgarstofa mun halda áfram gerð stuttra kynningarmyndbanda um hátíðir auk þess að gera slíkt fyrir menningarstofnanirnar til að nýta á vefmiðlum. Hátíðirnar fá ná nýtt viðmót í nýjum vefumsjónarkerfum.

## Reykjavík bókmenntaborg UNESCO



Árið 2014 verður haldið áfram að þróa verkefni á vegum skrifstofu Bókmenntaborgarinnar og ný bætast við. Stærsta verkefni ársins verður Lestrarhátíð í Reykjavík, sem verður haldin í þriðja sinn, en þessi mánaðarlanga hátíð er flaggskip Bókmenntaborginnar og markmiðið að hún dafni og verði þekkt stærð í lífi borgarbúa á öllum aldri. Nýju lestrarátaki á landsvísu verður hleypt af stokkunum vorið 2014 í samvinnu við Miðstöð íslenskra bókmennta og fleiri samstarfsaðila á bókmenntasviðinu, en því verður einnig beint að öllum aldurshópum. Vinnuheiti þess er Lestrarsprettur. Nokkur alþjóðleg samstarfsverkefni eru áætluð á árinu, pólsk-íslenska ljóðaverkefninu ORT sem hófst 2013 lýkur og í ársbyrjun hefst smásagnaverkefnið Transgressions: International Narrative Exchange, sem þrjár borgir auk Reykjavíkur koma að. Þá mun samstarf Bókmenntaborgarinnar og Goethe stofnunnar halda áfram og mun þýskur gestaríthöfundur dvelja í Reykjavík um nokkurra vikna skeið. Að auki vinnur Bókmenntaborgin með öðrum Bókmenntaborgum UNESCO. Bókmenntaborgin stendur að venju fyrir viðburðum á borgarhátíðum Reykjavíkur auk þess sem hún stendur fyrir Bókamessu í Bókmenntaborg í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda. Rafræn miðlun verður áfram snar þáttur í starfi Bókmenntaborgarinnar. Vefirnir bokmenntaborgin.is og bokmenntir.is verða sameinaðir í nýjan og enn öflugri bókmenntavef. Smáforritið Literary Reykjavik verður þróað áfram, en þar geta notendur kynnst bókmenntum og sögu borgarinnar á skemmtilegan og aðgengilegan hátt. Bókmenntaborgin, Borgarbókasafn og nú einnig Minjasafn vinna saman að þessari miðlun og mun það samstarf halda áfram, svo og á sviði menningarmerkinga.

## Borgarbókasafn Reykjavíkur



verður að heiman og heima á árinu. Skoðaðir verða möguleikar á að fara út fyrir veggja safnsins með þjónustu og kynningu og einnig bryddað upp á nýjungum innan safns til að gera það aðlaðandi fyrir alla aldurshópa að heimsækja. Kannaður verður grundvöllur fyrir samstarfi/samruna Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að augnamiði að styrkja framtíðarhlutverk almenningsbókasafnsins og færa starf Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs út í fleiri hverfi borgarinnar.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og Borgarbókasafn mun leitast við að styrkja grunnstoðir sínar, enda eru almenningsbókasöfn lögbundnar stofnanir sem skulu „leitast við að efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi“ eins og segir í nýjum bókasafnalögum sem samþykkt voru síðla árs 2012.

Nýrri tækni, sem tekin var í notkun í september 2013 verður fylgt eftir og markmiðið sett á að auka notkun sjálfsgreiðsluvéla Borgarbókasafns en þær voru endurnýjaðar samhliða upptöku svokallaðrar örlögutækni.

Vefsetur safnsins og Artóteksins verður endurhannað og flutt í nýtt vefumsjónarkerfi árið 2014.

Starfsfólk Borgarbókasafns verður áfram á faraldsfæti á árinu og skipulagðar eru tvær fræðslu- og kynnisferðir. Fjölmening verður áfram áberandi og mun Söguhringur kvenna bjóða upp á námskeið og Café Lingua færir út kvíarnar.

Áfram verður unnið að kynjaðri fjárhagsáætlun, en markmiðið er að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar. Safnið mun taka þátt í þriggja ára tilraunaverkefni ásamt Norðlingaskóla um samrekstur skóla- og almenningsgókasafns



## Höfuðborgarstofa

ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á því sviði. Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2014 taka mið af ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020, Styrkum stoðum, en þar er lagt upp úr áframhaldandi vörupróun og markaðssetningu á fjórum megin sviðum: Ráðstefnuborginni, Vetrarborginni, Menningarborginni, og Heilsuborginni.

Megin áhersla í öllu markaðsstarfi verður innleiðing nýs markaðsefnis. Höfuðborgarstofa vann markvisst með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og SSH að nýrri nálgun og

nú verður allt höfuðborgarsvæðið kynnt undir nafninu Reykjavík.

Verkefninu Ísland allt árið er ætlað að ljúka í september 2014, en það hefur það að leiðarljósi að fjölga ferðamönnum utan háannar. Reykjavíkurborg er einn stærsti samstarfsaðilinn í því verkefni. Sérstök áhersla verður lögð á að fá erlenda blaðamenn, þáttagerðafólk og kvikmyndagerðafólk til landsins í tengslum við ýmsa viðburði í samstarfi við Íslandsstofu og Ísland allt árið.

Unnið verður með söfnum og menningartengdum stofnunum í borginni að kynningu fyrir erlenda ferðamenn. Þar ber hæst útgáfu á tímariti eða bók sem speglar það áhugaverðasta sem er á boðstólum starfsárin 2014 til 2015. Markmiðið er bæði að kynna starfsemi þeirra betur og að auka sölu á gestakorti Reykjavíkur. Reykjavík Festival City bæklingurinn verður endurútgefinn og farið í sókn á erlendum mörkuðum með samstarfsaðilum á samfélagsmiðlum með samnefnd myndbönd af hátíðunum í borginni.

Áfram verður unnið með Ráðstefnuborginni Reykjavík að verkefnum tengdum funda- og hvataferðamarkaði. Mótun og þróun Jólaborgarinnar heldur áfram í samstarfi við hagsmunaaðila. Samstarf verður við ÍTR um kynningu á sundlaugunum með það að markmiði að nýta betur jákvætt kynningargildi heita vatnsins og fjölga gestum. Borgarhátíðir og stærri viðburðir verða kynnt sem hluti af Hátíðaárinu í Reykjavík - Reykjavík Festival Season sem hefst á Menningarnótt á hverju ári. Viðburðir skipulagðir af Höfuðborgarstofu eru Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventuhátíð.

## Listasafn Reykjavíkur




Sýningardagskrá ársins einkennist af samvinnu við erlend söfn. Þar af eru þrjú norræn söfn, tvö bandarísk og eitt þýskt. Með þessum fjölbjóðlegu samvinnuverkefnum getur safnið sinnt hlutverki sínu að kynna erlenda myndlist á Íslandi og um leið kynnt íslenska list erlendis. Stórar sýningar á safneigninni munu einnig setja svip sinn á dagskrána. Í framhaldi af úttekt á listaverkæign borgarinnar í tengslum við sýninguna Flæði verður í fyrsta sinn reynt að segja sögu íslenskrar listar einvörðungu með úrvalsverkum úr safninu.

Um leið og komið er til móts við áhuga erlendra ferðamanna með þessu móti er sýningunum ætlað að dýpka þekkingu þjóðarinnar á íslenskrari list og auka skilning fræðisamfélagsins á safneigninni.

Auk annarra rannsóknarverkefna sem tengjast sýningum beint verður efnt til tveggja sjálfstæðra rannsókna á verkum Kjarvals og Ásmundar Sveinssonar.

Ný tækifæri í rafrænni miðlun verða áfram í forgrunni. Ráðist verður í áframhaldandi uppbyggingu á samfélagsmiðlum auk hönnunar nýrrar heimasíðu í tengslum við stefnumótun í kynningar- og markaðsmálum. Leitast verður við að skapa aðlaðandi viðmót fyrir upplýsingagjöf og markaðsaðgerðir en ekki síður fyrir listræna upplifun og fræðslu, svo sem með fræðsluvörpum um íslenska myndlist.




## Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Í ársbyrjun opnar yfirlitssýning með íslenskum kvenljósmyndurum, 1870-2012 í samstarfi við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni. Þetta er í fyrsta sinn sem ljósmyndum íslenskra kvenna eru gerð skil og verður sýningin sett upp samtímis í báðum söfnunum og myndar á þann hátt eina heild. Um sumarið verður yfirlitssýning á myndum Ragnars Axelssonar (Rax). Um haustið verður sýning sem ber heitið Girl Culture eftir bandaríska ljósmyndarann Lauren Greenfield.

Samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Nýherja, að veita almenningi leiðbeiningar um varanlega vistun stafrænna mynda heldur áfram. Í samstarfi við Félag íslenskra sam-

tímaljósmyndara verða Ljósmyndadagar/Ljósmyndahátíð haldin í annað sinn hér á landi. Framlag Ljósmyndasafnsins til hátíðarinnar er ljósmyndarýni (Portfolio Review).

Af því tilefni að 10 ár eru liðin frá því að Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnaði myndavef á heimasíðu safnsins verður opnað fyrir sölukerfi á myndavefnum þannig að fólk geti keypt myndir beint af myndavefnum og fengið þær samtímis sendar til sín í gegnum tölvupóst. Að heimsækja Ljósmyndasafnið til að fræðast um starfsemina er löngu orðinn fastur liður í kennslu framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu. Í samstarfi við Utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Berlín er stefnt að samtímaljósmyndasýningu í nóvember sem verður á dagskrá evrópsku ljósmyndahátíðarinnar The European Month of Photography í Berlín. Sem áður mun safnið tilnefna íslenska ljósmyndara til ýmissa alþjóðlegra ljósmyndaverðlauna, m.a. hin virtu Hasselblad verðlaun í Gautaborg og Deutsche Börse Photography Prize í The Photographers' Gallery í London.



## Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Sýningin sívinsæla Þetta vilja börnin sjá! er skemmtileg veröld sem börnum er boðið að ganga inn í til að kynna sögupersónum í nýjustu barnabókunum. Á sama tíma fá börnin tækifæri til að kynna mögnum söguheimi fantasíu og dulúðar sem birtist í listaverkum Bjarna Ólafs Magnússonar.

Á miðvikudagskvöldum fer fram dagskrá undir mismunandi yfirskriftum. Þessi kvöld er ýmislegt til umfjöllunar og má þar nefna bókmenntir af ýmsu tagi, handverkshefðir, heimspeki og spilamennsku.

Heimsdagur barna verður að venju á Vetrarhátíð í febrúar en þar verður boðið upp á skemmtilegar listsmiðjur af ýmsu tagi þar sem börn og fjölskyldur þeirra fá m.a. að

spreyta sig á að búa til fljúgandi ljósker, ljósálfabúninga og skínandi öskupoka.

Á vormánuðum verður sett upp sýning um frímerkjahönnun Þrastar Magnússonar en eftir hann liggja mörg falleg verk. Á sýningunni má sjá hvernig hugmyndir hans kviknuðu að nýjum verkum, skissur, teikningar og lokaafurðir í formi frímerkja. Í sérstöku fræðsluhorni verður að finna skemmtilega fróðleiksmola fyrir unga sem aldna um íslensk frímerki og frímerkjasöfnun fyrr og nú.

Dagskrá á haustmánuðum er ekki komin í fastar skorður þar sem ráðist verður í framkvæmdir á árinu vegna breytinga á veitingaaðstöðu og opnun inn í bókasafn og sýningarrými. Sýningarhald markast því að einhverju leyti af því hvernig framkvæmdunum vindur fram en aðrir dagskrárliðir verða á sínum stað s.s. hið árlega ritþing, Klassík í hádeginu og dagskráin á miðvikudagskvöldum.

Arkinnar eru hópur íslenskra myndlistarkvenna sem vinna að gerð bókverka. Á sýningu sem sett verður upp í nóvember getur að líta verk sem unnin eru upp úr gömlum bókum sem búið er að lesa spjaldanna á milli.

Bækurnar öðlast nýtt líf þar sem formið og ásýndin vegur þyngra en boðskapur textans.

Haldið verður áfram að vinna að ýmsum sérverkefnum eftir því sem fjármagn leyfir og ber þar hæst úttekt á þeim tækifærum sem kunna að felast í samstarfi og jafnvel samrekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Markmiðið er að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðjur í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár árið um kring.



## Minjasafn Reykjavíkur

Megináhersla í starfi Minjasafns Reykjavíkur er sem fyrr á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknnum og miðlun, sem felur í sér safnfræðslu og sýningar.

Unnið verður að endurbyggingu og viðhaldi safnhúsa í Árbæjarsafni. Haldið verður áfram endurgerð Ívarssels. Unnið verður áfram að gerð sögulegra garða við safnhúsin.

Ný grunnsýning í húsinu Lækjargötu 4 verður helsta verkefni safnsins. Sýningin mun gera sögu 20. aldar í Reykjavík skil og verður áhersla lögð á þróun byggðar og

breytingu á lifnaðarháttum í borginni með aukinni tæknivæðingu. Stefnt er að því að ljúka sýningargerð og opna sýninguna í byrjun sumars. Sýningin Suðurgata 7 – safnhús/gallerí, sem er samstarfsverkefni Minjasafns, Nýlistasafnsins og Listahátíðar í Reykjavík verður á dagskrá hátíðarinnar. Leiðsögukort um Árbæjarsafn verður unnið með Íslendingum af erlendum uppruna. Haldið verður áfram skráningu safnkosts og menningarminja í Sarp og gert átak í að færa ljósmyndir í skrárnar. Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknnum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar. Fornleifa-, húsa-, og munaskrá verða nú aðgengilegar almenningi á vefnum sarpur.is. Unnið verður áfram að gerð húsakannana í tengslum við hverfisskipulag og fornleifa og húsaskrár endurskoðaðar við endurskoðun deiliskipulags.



## Viðey

Gestum er sækja Viðey heim hefur fjölgað til muna á umliðnum árum. Helstu verkefni 2014 miða að því að efla Viðey enn frekar sem fjölbreyttan og fagan áfangastað Reykvíkinga og ferðamanna. Vönduð viðburðadagskrá mun höfða til gesta á öllum aldri, þar sem sögu og menningu er fléttað á skemmtilegan hátt við náttúruperluna Viðey. Í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur er unnið að því að bæta aðgengi og leiksvæði barna.

Listaverkin í Viðey skipa stóran sess í allri kynningu, umfjöllun og dagskrá í eygni. Tvö heimspekt verk prýða eyjuna, Áfangar verk Richards Serra og Friðarsúlan -

Imagine Peace Tower. Verk Yoko Ono hefur vakið heimsathygli og ár hvert fylgjast milljónir manna um heim allan með tendrun Friðarsúlunnar í beinni útsendingu á vefsvæði listamannsins. Friðarsúlusiglingar eru hvert kvöld frá 9. október til 8. desember auk þess sem boðið verður upp á fræðandi og skemmtileg dagskrá tengda jólum og jólahaldi í desember.

Sumarstarfið verður fjölbreytt og með nokkuð hefðbundnu sniði í bland við nýjungar. Þriðjudagsgöngur eiga sinn fasta sess og verður boðið upp á ferðir þar sem sögu, náttúru og list er miðlað til þátttakanda í gönguferð um eyjuna en jafnframt boðið upp á annarskonar leiðsagnir s.s. jólgagöngu, lækningajurttagöngu, reiðhjólaleiðsögn og leiðsögn með táknmálstúlk. Þá verða ýmsir viðburðir og hátíðir um helgar og tónleikar í Viðeyjarstofu. Skólabörnin verða áfram sérstaklega velkomin til Viðeyjar og fá þau fræðslu um sögu, listir, gróður og fugla.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Borgarbókasafn Reykjavíkur</b>					
Gestafjöldi	684.987	656.087	636.970	630.000	630.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.229	10.617	12.789	11.000	11.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	47	48	51	42	45
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á mán) *	9.388	7.499	16.854	15.000	16.000
Fjöldi uppflættinga á vefi BBS (meðaltal á mán) **	55.102	33.752	55.605	52.000	55.000
Safnkostur	469.877	470.523	477.603	470.000	470.000
Safnkostur á íbúa	3,95	3,95	4,02	3,95	3,95
Velta safnkosts - útlán á eintak	2,45	2,35	2,06	2,06	2,06
Velta safnkosts - tónlist (eingöngu) útlán á eintak	3,01	2,64	2,04	2,04	2,04
Tölvur fyrir gesti	41	41	41	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	321	327	342	342	342
Afgreiðslustundir á ári	16.693	17.004	17.784	17.784	17.784
Afgreiðslust. Samstarfssafna í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi á viku	83	80	80	80	80
Heildarhúsnæði í fermetrum - brúttó	6.726	6.622	6.622	6.622	6.622
Útlán	1.152.312	1.106.587	985.442	965.000	970.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	6	7	6	6	6
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	5	3	4	3	3
Bókin heim (fjöldi notenda)	72	75	57	70	65
Útlán á íbúa	9,7	9,3	8,3	8,2	8,2
*Talning á heimasíður lá niðri frá janúar- júlí 2011 nema enskar síður og einstaka aðrar.					
**Talning á bókmenntavef lá niðri í nóvember og desember 2011.					
<b>Listasafn Reykjavíkur</b>					
Gestafjöldi	241.952	193.865	171.138	207.000	210.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.372	12.682	12.399	12.000	12.000
Fjöldi viðburða	95	103	106	105	105
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	6	8	5	6
Útlán listaverka	594	594	621	590	600
Fjöldi útgáfuverka	20	16	16	14	14
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.082	16.349	16.446	16.756	16.770
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	137	138	139	177	180
<b>Meningarmiðstöðin Gerðubergi</b>					
Gestafjöldi	115.680	124.013	108.514	120.000	120.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	4.468	5.922	4.394	4.000	6.000
Fjöldi viðburða	72	84	82	68	70
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	2	1	1	1
Samstarfsaðilar	42	42	39	33	31

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri frh.

	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Ljósmyndasafn Reykjavíkur</b>					
Gestafjöldi	31.143	31.967	29.592	32.000	33.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	481	576	701	800	2.000
Fjöldi viðburða	20	23	21	22	22
Fjöldi afgreiddra mynda	2.189	3.090	2.774	3.000	3.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	14	10	15	12
Fjöldi innlita á heimasíðu	18.782	19.069	18.827	33.000	33.000
<b>Minjasafn Reykjavíkur</b>					
Gestafjöldi	72.838	64.514	66.650	69.000	75.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.969	11.141	13.098	12.000	13.000
Fjöldi viðburða	50	46	46	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	2	0	1	0
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	5	5	1	9	5
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.250	2.350	2.476	2.600	2.700
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	10.500	11.975	19.198	25.000	28.000
<b>Viðey</b>					
Gestafjöldi	22.860	19.421	23.334	25.000	26.150
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.958	2.011	1.533	2.100	2.100
Fjöldi viðburða	28	22	27	23	23
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	2	2	2	2
<b>Höfuðborgarstofa</b>					
Gestafjöldi á upplýsingamiðstöð	295.878	298.534	257.025	310.000	315.000
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	62%	68%	68%	73%	72%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.meningarnott.is (14.-20. ágúst)*		42.393	40.700	41.500	42.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	7.281	8.091	6.700	6.500	7.500
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi**	488.622	565.611	672.000	780.000	840.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	352.011	352.950	363.364	660.000	700.000

\*Talning ekki tiltæk 2010

\*\* Breytt talning- eingöngu teknar tölur frá Ferðamálastofu

## Skorkort 2014


Vídd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2012	Áætlun 2013	Markmið 2014
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	137	133	141
	Fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum.	44.914	44.400	46.100
Höfðuborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur samkvæmt Gallup-könnun	68%	69%	72%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	36	26	27
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum *		60	50
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins	3.359	3.750	4.510
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.293.224	1.402.000	1.409.150
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	85%	88%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað *		105	42
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	30	16	17
<b>Fjármál</b>				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	0,1%	1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.063	1.056	1.080
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	55	38	33
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-19%	-16%	-17%
<b>Verklag</b>				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	41	38	40
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	10	11	6
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	695.995	741.400	871.200
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum *		62.400	65.000
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum *		3.127.300	3.333.000
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	83%	90%	88%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	21	19	12

## Skorkort 2014, frh.

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2012	Áætlun 2013	Markmið 2014
<b>Mannauður **</b>				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi		85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem <b>ekki</b> hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnustað sínum vel stjórnað *		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		80%	80%

\* Nýir mælikvarðar 2013

\*\* Engar rauntölur 2012, ekki gerð hefbundin könnun meðal starfsfólks





# SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

## Leiðarljós

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel,  
fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.




## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	3.539.492
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>3.539.492</b>
Laun og launatengd gjöld	23.003.050
Annar rekstrarkostnaður	15.521.310
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>38.524.361</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>34.984.869</b>

Stöðugildi	2014
Fjöldi starfsmanna	5.174*
Fjöldi stöðugilda	4.037
Eftir skrifstofum (þjónustupáttum)	
Leikskólar	1.530
Grunnskólar	2.021
Frístundamiðstöðvar	378,2
Námsflokkar Reykjavíkur	7,6
Skólahljómssveitir	27,6
Skólasafnamiðstöð	4
Myndver	1,2
Skrifstofa sviðsins	67,5

\*Fjöldi starfsmanna SFS 1. apríl 2013. Fjöldinn er breytilegur milli mánaða og eftir árstíma. Á fyrri hluta árs 2013 var hann mestur 5252, 1. júní og minnstur 4591, 1. ágúst.

## Skipurit



## Hlutverk

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

## Megináherslur 2014 - breytingar frá fyrra ári

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er stærsta svið borgarinnar. Undir sviðið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólabörn og í tengslum við frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til rúmlega 20.000 barna og fjölskyldna þeirra og á fimmta þúsund starfsmanna á sviðinu. Hér á eftir kemur fram áhersla og forgangsröðun skóla- og frístundasviðs.

### Mikilvægustu viðfangefnin og áherslur 2014-2018:

1. **Þverfaglegt samstarf grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva.** Tryggja heildstæða sýn á lærdómsumhverfi barna og ungmenna og þjónustu við fjölskyldur þeirra. Stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva um margvísleg málefni og auka þverfaglegt samstarf. Vinna markvisst að innleiðingu hugmyndafræði um heiltæka forystu þar sem unnið er saman, þvert á stofnanir/kerfi, að eflingu félagsauðs og sameiginlegra gilda í lærdómsumhverfi barna og ungmenna. Hvetja til þess að kennarar og starfsfólk beggja skólastiga og frístundaráðgjafar kynnist hugmyndafræði hvers annars, til að auka samfellu í námi barna og unglunga, bæði í formlegu og óformlegu námi. Efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga.
2. **Eftirsóknarvert og hvetjandi starfsumhverfi.** Leggja áherslu á að menning starfsstöðva SFS einkennist af hvatningu, stöðugri framþróun með símenntun, vinsamlegu viðhorfi, fagmennsku og metnaði. Leita leiða til að efla stolt enn frekar, draga úr starfsmannaveltu og laða að hæft starfsfólk. Vinna markvisst að kynningu á starfsemi sviðsins, þróunarverkefnum, útkomum viðhorfskannana og möguleikum til framþróunar í starfi. Leggja áherslu á framsækna stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið SFS eru skýr um leið og stjórnunin einkennist af ásetningu til umbóta. Byggja samstarf á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika þannig að hæfni og metnaður allra fái að njóta sín. Starfsfólki verði auðveldað að flæða á milli starfsstöðva.
3. **Nýjar aðalnámskrár grunnskóla og leikskóla og stefnumótun um framtíðarhlutverk frístundamiðstöðva.** Innleiða aðalnámskrá fyrir grunnskóla og leikskóla og ljúka þeirri innleiðingu fyrir árslok 2015. Innleiða stefnu um þjónustu frístundamiðstöðva á ársgrundvelli og stefnu um hlutverk þeirra í starfi með ungmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.
4. **Sambætting skóla- og frístundastarfs.** Hvetja kennara til að kynna sér hugmyndafræði hins óformlega náms, til að nemendur geti í auknum mæli fléttað sína frístundareynslu við formlegt nám. Tryggja að menntun tómtunda- og félagsmálafræðinga geti notið sín í skólum, með eflingu skólabrags, vinnu gegn einelti, samstarfi við foreldra, teymisstjórn um málefni einstakra nemenda, kennslu í lífsleikni og öðrum störfum sem tengjast félagsmótun innan skólans. Fjölga markvisst þróunarverkefnum sem sambætta skóla- og frístundastarf yngstu barna í grunnskólum og efla þverfaglegt samstarf fagstétta. Vinna að öfluglu samstarfi skóla- og frístundastarfsólks í hverfum t.a.m. með „fléttum“. Hvert hverfi þrói sína fléttu út frá sérstöðu hverfisins og þörfum barna og unglunga á hverjum stað.
5. **Gæði og fagmennska í skóla- og frístundastarfi.** Leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og draga lærdóm af farsælum þróunarverkefnum. Skólar setji sér viðmið um góða kennslustund og sjónum verði beint að starfsháttum kennara og starfsólks. Vera í samstarfi við háskóla um þróun skóla- og frístundastarfs og hvetja til þess að faghópar kennara vinni í samstarfi við háskóla. Setja viðmið um gæði beggja skólastiga, frístundastarfs og samvinnu starfsstöðva um hugmyndafræði. Vinna að þróun leikskólastarfs yngstu barna og hvetja leikskóla til að nýta sér niðurstöður þróunarverkefna.

5. **Frh.** Vinna að auknum sveigjanleika og samþættingu í tengslum við niðurstöður rannsókna um skil skólastiga. Vinna með hugmyndafræði óformlegs náms og reynslunáms, með áherslu á nám sem fram fer utan-dyra og í náttúrunni. Gera upplýsingar um fjármál starfsstaða aðgengilegar á heimasíðum og sundurliðaðar eftir helstu kostnaðarpáttum. Raunkostnaður við þjónustupætti verði gerður sýnilegur. Endurskoða stefnu fyrir Námsflokka Reykjavíkur og festa verkefni til lengri tíma. Innleiða gæðakerfi samkvæmt evrópskum stöðlum EQM.
6. **Virkir foreldrar.** Stuðla að því að foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar skóla- og frístundasviðs. Halda úti öflugri upplýsingagjöf og fræðslu til foreldra. Vinna að því að leikskólar, grunn-skólar og frístundamiðstöðvar geri áætlun um samskipti og samstarf við foreldra.
7. **Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða.** Tryggja að upplýsingatækni og innleiðing nýs tæknibúnaðar sé nýtt í forvarnarstarfi og fræðslu um ábyrga hegðun og samskipti. Starfshættir verði endurskoðaðir og tækifærin nýtt til að fara nýjar leiðir í skólastarfi.  
Leggja áherslu á símenntun og starfsþróun á sviði upplýsingatækni sem og fræðslu um þá miklu möguleika sem felast í nýtingu vefsins, bæði í skóla- og frístundastarfi barna. Nýta ný tæki og nýjar hugmyndir til að efla hæfni barna í að taka á móti og vinna úr upplýsingum, hæfni til að takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni og hæfni til samvinnu. Tryggja að borgin sé í fararbroddi í þróun og notkun upplýsingatækni, snjalltækja og opins hugbúnaðar í skóla- og frístundastarfi.
5. **Vinsamlegt samfélag og forvarnir.** Innleiða hugmyndafræði og vinnubrögð *Vinsamlegs samfélags* og auka færni starfsfólks með fræðslu, samræðu, upplýsingum og ráðgjöf. Efla forvarnir í skóla- og frístunda-starfi og verkefni sem stuðla að vinsamlegu samfélagi meðal barna og starfsmanna, samfélagi sem ein-kennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og mannvirðingu. Leita nýrra leiða til að efla forvarnir og bæta ráð-gjöf vegna unglunga í áhættuhópi gagnvart vímuefnum.
6. **Ráðgjöf og stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi margbreytileikans.** Vinna markvisst að já-kvæðum viðhorfum til skóla fyrir alla í samfélagi fyrir alla. Innleiða nýja stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum. Endurskoða og samræma úthlutun fjármagns til skóla og frístundaheimila vegna barna sem þurfa stuðning í skóla- og frístundastarfi. Fjölga þáttökubekkjum sér-skóla og efla ráðgjafarhlutverk þeirra. Nýta málkönnunarpróf til að kanna stöðu barna með annað móðurmál en íslensku og endurskoða úthlutun fjármagns til íslenskukennslu á grunni niðurstaðna prófsins. Nýta möguleika frístundastarfs til að efla íslenskuþekkingu barna af erlendum uppruna. Auka veg ráðgjafar og handleiðslu með stuðningi við starfsfólk á vettvangi. Horfa sérstaklega til hagnýtrar ráðgjafar vegna hegðunar og félagsmótunar hópa.
10. **Læsi og lestrarhvetjandi verkefni í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.** Efla málþroska og læsi barna og unglunga með fjölbreyttum verkefnum. Sérstaklega verði horft til eflingar samstarfs við Reykjavík - Bókmenntaborg UNESCO. Skilgreina samstarfsverkefni leik- og grunnskóla um eflingu málþroska og læsis, til að reynsla leikskólabarnsins nýtist því á næsta skólastigi. Nýta rannsóknaniðurstöður um endurtekningu námsefnis á mörkum skólastiga, sem og niðurstöður sem benda á mikilvægi leikskólastigsins í mótun læsis barns á fyrstu árum skólagöngu. Innleiða læsisstefnu fyrir leikskóla.
11. **Jafnrétti kynjanna, mannréttindi og lýðræði.** Auka vægi jafnréttisfræðslu í öllu skóla- og frístundastarfi og skilgreina á hverju ári verkefni sem stuðla að jafnrétti kynjanna og vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda. Efla þekkingu í skóla- og frístundastarfi á ýmsum sáttmálum tengdum mannréttindum sem sviðið vinnur samkvæmt. Próa leiðir og hugmyndir til að efla lýðræði og samfélagslega ábyrgð.

12. **Heilbrigði og vellíðan.** Auka vægi og gæði hreyfingar og forvarna þannig að hvort tveggja verði sjálf-sagður hluti skóla- og frístundastarfs. Stuðla að auknum forvörnum gegn einelti, ofbeldi og áhættuhegðun með fræðslu og endurskoðun á starfsháttum. Framfylgja stefnu um aukin gæði máltíða og ráðgjöf við starfsstöðvar um máltíðir. Skoða hvernig gæði matmálistíma barna geti aukist og auka möguleika barna og unglinga til að hafa áhrif á matseðla.
13. **Menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum.** Veita Menningarfána sem viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarsamstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Samþætta listir og vísindi með tónvísindasmiðjum Biophiliu. Tryggja tónlistarnám sem grenndarþjónustu og hvetja til aukins samstarfs grunnskóla og tónlistarskóla. Vinna áfram að innleiðingu tillagna starfshóps um stefnu um tónlistarfræðslu. Efla kvikmyndalæsi í samstarfi við Myndver skóla- og frístundasviðs.
14. **Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.** Allt skóla- og frístundastarf með börnum og unglungum taki mið af umhverfis- og auðlindastefnu borgarinnar og aukin áhersla verði lögð á menntun til sjálfbærni. Náttúruskólinn veiti kennurum ráðgjöf og aðstoð við skipulag og aðlögun útináms og verði vettvangur fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum. Skólar á grænni grein og Grænfánaskólar efla samstarf sín á milli og fleiri skólar verði hvattir til þátttöku.
15. **Rannsóknir og þróun í skóla- og frístundamálum og þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum.** Leggja áherslu á rannsóknir og þróun og að SFS hafi yfirsýn yfir niðurstöður rannsókna sem varða skóla- og frístundastarf. Taka upp rannsóknarvöktun á straumum og stefnum á fagsviðinu og auka möguleika á því að leita álits foreldra, starfsfólks og barna/ungmenna með einföldum hætti. Próa ný mælitæki og viðmið við rannsóknir og mat. Vakta umsóknarfresti, kortleggja og miðla upplýsingum um alþjóðlegt samstarf sem starfsstöðvar taka þátt í. Hvetja starfsstaði til þátttöku í erlendu samstarfi, aðstoða þá við gerð umsókna og leggja þeim lið í stórum samstarfsverkefnum.
16. **Umbætur með mati í skóla- og frístundastarfi.** Nýta innra mat leik- og grunnskóla til stöðugra umbóta. Framkvæma ytra mat á öllum starfsstöðvum. Innleiða innra mat í frístundastarfi með þróun gæðaviðmiða um vandað frístunda- og félagsmiðstöðvastarf. Próa ytra mat (heildarmat) á leikskóla- og frístundastarfi, hjá Námsflokkum Reykjavíkur, skólahljómsveitum og í tónlistarskólum. Setja ætíð fram umbótaáætlun í kjölfar mats. Auka kynningu til foreldra á niðurstöðum mats og umbótaáætlunum.

## Frístundastarf

Sex frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 33 frístundaheimila, 21 félagsmiðstöðvar og 6 frístundaklúbba. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttri gjaldskrá.
- Óbreyttum systkinaafslætti af gjaldi í frístundaheimilum og sumarfrístund.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 3,4%.
- Breytingu á úthlutunarlíkani í frístundaheimilum á þann hátt að fjármagn flytjist úr almennu starfsmannahaldi yfir í stuðning. Aukin þörf á stuðningi kallar á aukið fjármagn og tilfærslan kemur til móts við þá þörf. Staðinn verður vörður um fjölda starfsfólks í frístundaheimilum en viðmiðum um fjölda barna á starfsmann verður breytt úr 12 börnum í 13 börn í 1. bekk og úr 14 börnum í 16 börn í 2.- og 4. bekk. Með þessari breytingu færast fjármagn sem nemur 41 millj.kr. úr almennu starfi í stuðning í frístundaheimilum.
- Fleiri börnum á frístundaheimilum, reiknað sem fjöldi 5 daga pláss, um 206 pláss, úr 3.141 í 3.347 pláss að meðaltali á árinu. Fjárheimild sviðsins hækki um 33 m.kr. vegna þessa.
- Fjölgun barna sem þurfa stuðning um 20 börn. 265 börn sem þurfa stuðning árið 2013 og verða 285 vorið 2014. Fjárheimild sviðsins hækkar um 40 m.kr. vegna þessa.
- Að börnum í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð Klettaskóla fjölgi um 15 frá árinu 2013, úr 133 í 148. Fjárheimild sviðsins hækkar um 27,5 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á langtímaveikindapottinum og fái sviðið viðbótarfjárveitingu vegna þess. Fjárheimild sviðsins hækkar um 18 m.kr. vegna þessa.

## Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 62 auk veggja sameinaðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 19. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttri gjaldskrá.
- Óbreyttum afsláttarkjörum vegna barna námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra, sem og óbreyttum systkinaafslætti og afslætti fyrir starfsfólk leikskólanna.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 3,4%.
- Hækkun á framlögum til sviðsins vegna hráefniskaupa í mötuneyti um 137,7 m.kr. Með því er leitast við að bæta gæði matar í leikskólum í samræmi við manneldismarkmið og að mæta verðlagshækkunum hráefnis síðustu árin.
- Auknum kostnaði vegna fjölgunar leikskólaplássa haustið 2013 um 111 pláss, en börn sem hófu leikskóladvöl haustið 2013 voru fleiri en þau sem hófu nám í 1. bekk grunnskóla. Fjárheimild sviðsins hækkar um rúmar 163 m.kr. vegna þessa.
- Að gerður verði þjónustusamningur við Skóla Ísaks Jónssonar vegna 5 ára barna. Framlag vegna 51 barns færist af fjármagni sjálfstætt starfandi grunnskóla yfir á sjálfstætt starfandi leikskóla.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinnna leikskóla. Hækkun á framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla er hærri en sem nemur hækkun á húsnæðisframlagi þar sem raunframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla árið 2013 var herra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
- Hækkun á framlagi til dagforeldra um 5,7%.
- Fjölgun barna hjá dagforeldrum um 36, svo börn verði að meðaltali 916 á mánuði.
- Herra meðalframlagi með hverju barni hjá dagforeldrum, byggt á raunfjárhæðum ársins 2013. Fjárheimild sviðsins hækkar um 33,5 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á sérkennslupotti um 155 m.kr. Halli var á sérkennslupotti 2013, auk magnaukningar á milli ára. Fjárheimild sviðsins hækkar sem um nemur 105 m.kr. Afgangurinn eða 50 m.kr. verða fluttar af almennum launalið til að mæta aukinni þörf á stuðningi.
- Hækkun á langtímaveikindapottinum og fær sviðið viðbótarfjárveitingu vegna þess. Fjárheimild sviðsins hækkar um 25 m.kr. vegna þessa.

## Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttri gjaldskrá.
- Óbreyttum afsláttarkjörum sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 3,4%.
- Hækkun á framlögum til sviðsins vegna hráefniskaupa í mötuneyti um 87 m.kr. Með því er leitast við að bæta gæði matar í grunnskólum í samræmi við manneldismarkmið og að mæta verðlagshækkunum hráefnis síðustu árin.
- Að nemendum í borgarreknum grunnskólum fjölgi um 124 börn á árinu 2014. Fjárheimild sviðsins hækkar um 63,2 m.kr. vegna þessa.
- Hækkunum á framlögum til sviðsins vegna kjarasamningsbundins kennsluafsláttar, fjárheimild sviðsins hækkar um 80 m.kr. vegna þessa.
- Hækkunum á framlögum til sviðsins vegna þátttökubekkja í tveimur skólum, Klettaskóla og Brúarskóla. Fjárheimild sviðsins hækkar um 22 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á framlögum til sviðsins vegna stofnunar Jafnréttisskólans. Fjárheimild sviðsins hækkar um 8 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á framlögum til sviðsins vegna aukins aksturs með nemendum í Úlfarsárdal og vegna aukins aksturs með nemendum í Klettaskóla. Fjárheimild sviðsins hækkar um 40 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á framlögum til sviðsins vegna leigu á sunaðstöðu fyrir sundkennslu skólabarna. Fjárheimild sviðsins hækkar um 34 m.kr. vegna þessa.
- Hækkun á langtímaveikindapotti og fær sviðið viðbótarfjárveitingu vegna þessa. Fjárheimild sviðsins hækkar um 59 m.kr. vegna þessa.
- Að nemendum í sjálfstætt starfandi grunnskólum fjölgi um 33 börn á árinu 2014. Fjárheimild sviðsins hækkar um 34,9 m.kr. vegna þessa.

## Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Borgin rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Reykjavíkurborg gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. 13 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng. Helsta breyting í fjárhagsáætlun á milli ára er:

Fjárheimild vegna langtímaveikinda í skólahljómsveitum hefur verið flutt frá grunnskólahluta yfir til listahluta sviðsins, samtals 3,5 m.kr.

## Gjaldskrár og annað


### Gjaldskrár

- Gert er ráð fyrir 3,4% hækkun innri gjaldskráa, þ.e. hækkun á leigu íþróttahúsa til ÍTR og samsvarandi hækkun á kostnaði vegna þjónustu þjónustumiðstöðva og UTM.

### Annað

- Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna/nemenda. Í fyrstu viku í október verður áætlun um fjölda barna/nemenda endurskoðuð. Ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.

## Skipting rekstrar 2014





## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Starfsstaðir</b>					
<b>Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)</b>	<b>97</b>	<b>95</b>	<b>82</b>	<b>82</b>	<b>83</b>
Leikskólar Reykjavíkur	78	75	62	62	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar	19	19	18	18	19
Sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili	0	1	2	2	2
<b>Fjöldi grunnskóla í Reykjavík</b>			<b>42</b>	<b>42</b>	<b>42</b>
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili)			36	36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar			6	6	6
Fjöldi skólahljómsveita			4	4	4
<b>Tónlistarskólar</b>			<b>19</b>	<b>19</b>	<b>19</b>
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar			1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng			18	18	18
Tónlistaskólar sem fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og miðnáms og framhaldsnáms í söng				13	13
<b>Frístundamiðstöðvar</b>			<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>
Frístundaheimili				32	33
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum*				5	5
Frístundaklúbbar			1	4	6
Félagsmiðstöðvar				21	21
<b>Barnið, nemandinn, ungmennið</b>					
<b>Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík</b>	<b>6.742</b>	<b>6.865</b>	<b>7.020</b>	<b>7.130</b>	<b>7.284**</b>
Leikskólar Reykjavíkur	5.731	5.735	5.828	5.891	5.910
Sjálfstætt starfandi leikskólar	996	1.124	1.062	1.105	1.148
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	50	130	134	134
Viðbót vegna barna sem fædd eru 2012			107	0	92
<b>Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.</b>			<b>22</b>	<b>40</b>	<b>40</b>
Sjálfstætt starfandi leikskólum			22	22	22
Sveitarfélagsrekrum leikskólum				18	18
Fjöldi barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem dvelja í leikskóla í Reykjavík				52	41
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík</b>	<b>70.203</b>	<b>71.575</b>	<b>72.392</b>	<b>71.678</b>	<b>72.711</b>
Leikskólar Reykjavíkur	58.527	57.715	58.734	58.619	57.890
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	11.676	13.326	12.103	11.754	11.966
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	534	1.353	1.305	1.291
Viðbót vegna barna sem fædd eru 2012			1.370	0	1.564
<b>Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík</b>			<b>202</b>	<b>237</b>	<b>232</b>
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur			202	237	232

\* Klébergsskóli, Dalskóli, Norðlingaskóli, Ártúnsskóli og Fellaskóli (1. og 2. bekkur).

\*\* 43 börn bætast við sjálfstætt starfandi leikskóla og dregst sá fjöldi af börnum í sjálfstætt starfandi grunnskólum.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Barnið, nemandinn, ungmennið (frh.)</b>					
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Rvk.</b>	<b>55.227</b>	<b>56.246</b>	<b>57.320</b>	<b>57.503</b>	<b>58.943</b>
Leikskólar Reykjavíkur	47.160	47.010	47.776	48.046	48.359
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.067	8.829	8.300	8.359	8.703
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	407	1.074	1.098	1.099
Viðbót vegna barna sem fædd eru 2012			856	0	782
<b>Fjöldi daglegra dvalarstunda í leiksk. utan Rvk.</b>			<b>170</b>	<b>172</b>	<b>172</b>
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur			170	172	172
<b>Dagforeldrar</b>					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	613	1.000	880	880	916
<b>Grunnskólar / sérskólar</b>					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn 2014			13.232	13.294	13.424
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn 2014			140	140	159
Fjöldi nemenda í grunnsk. á haustönn 2014			13.314	13.265	13.627
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn 2014			140	140	159
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum			444	529	546
Fjöldi nemenda 5 ára í sjálfst. starfandi grunnsk.			66	59	17
<b>Fjöldi nemenda í mat í grunnskólum</b>					
Fjöldi nemenda í mat á vorönn 2014			11.512	13.294*	13.424
Fjöldi nemenda í mat á haustönn 2014			11.583	13.265*	13.647
<b>Tónlistarskólar / skólahljómsveitir</b>					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum				441	441
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum					78.479
<b>Frístundamiðstöðvar</b>					
Fjöldi barna á frístundaheimilum - meðaltal 2014				3.441	3.726
Á vorönn			3.340	3.502	3.726
Á haustönn			3.256	3.380	3.726
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun - meðaltal 2014				3.129	3.347
Á vorönn			3.035	3.188	3.347
Á haustönn			2.957	3.070	3.347
Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð - meðaltal 2014				109	148
Á vorönn			100	109	148
Á haustönn			100	109	148
Fjöldi barna í frístundaklúbbum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun - meðaltal 2014				93	126
Á vorönn			85	93	126
Á haustönn			85	93	126

Gert er ráð fyrir 100% þátttöku nemenda í mat þó vitað sé að þátttaka verði ekki 100%. Þetta er gert til að taka tillit til þess að starfsfólk borðar líka. Áætlunarlíkan gerir ekki ráð fyrir fæði starfsfólks.

Breyting milli 2013 og 2014 er sú að nú er samtala fyrir allt frístunda og félagstarfs fatlaðra nemenda tekin saman þ.e. Hofið, Hellirinn, Höllin, Hlíð, Garður, Askja og frístundaheimilið Guluhlíð.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Mannauður</b>					
<b>Stöðugildi alls í leikskólum</b>	<b>1.291</b>	<b>1.276</b>	<b>1.306</b>	<b>1.495*</b>	<b>1.530**</b>
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda	472	465	476	471	499
Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun	188	191	281**	316**	255
Stöðugildi annarra háskólamenntaðra starfsmanna	78	78	**	**	**
Stöðugildi leikskólaliða	92	100	101	96	98
Stöðugildi annarra starfsmanna	482	442	448	445	474
Stöðugildi í sérkennslu			146	129	138
Stöðugildi í langtímaveikindum				28	34
Viðbót vegna barna sem fædd eru 2012				10	32
Hlutfall fagfólks skv. skilgreiningu í samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla	62,7%	65,4%	65,7%	66,57%	64,21%
<b>Fjöldi stjórnenda í borgarreknum leikskólum (í upphafi árs)</b>		<b>466</b>	<b>443</b>	<b>454</b>	<b>445</b>
Fjöldi stöðugilda deildarstjóra í leikskólum		287	288 <sup>*</sup>	298 <sup>*</sup>	288 <sup>*1</sup>
Fjöldi stöðugilda sérkennslustjóra		29	29	29	30
Fjöldi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra		150	126	124	127
Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda í leik- skólum borgarinnar		36,5%	33,4%	33,4%	33,5%
<b>Stöðugildi alls í grunnskólum (vegna grunn- skólanemenda)</b>				<b>2.082</b>	<b>2.021</b>
Skólastjórar (þar af 2 í sérskólum)				36	36
Aðstoðarskólastjórar (þar af 2 í sérskólum)				39	39
Grunnskólakennarar (þar af í sérskólum 79 starfsmenn)				1.175	1.178
Námsráðgjafar				18	18
Bókasafnsstörf				32	32
Húsverðir				34	32
Matráðar				38	36
Aðrir almennir starfsmenn (þar af í sérskólum 32 starfsmenn)				501	429
Stöðugildi í sérkennslu- og nýbúapotti				186	188
Stöðugildi í langtímaveikindum m.v. stöðugildi kennara				23	33

\* Með leikskólahluta Ártúnsskóla og Dalskóla innifalið.

\*\* Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun og annarra háskólamenntaðra starfsmanna.

1 Árið 2013 var miðað við að fjöldi deildarstjóra væri sá sami og fjöldi deilda. Árið 2014 er fjöldi deildarstjóra tekinn út úr launatalikaninu.

Athuga þarf að 3.deilda leikskólar hafa 2 deildarstjóra sem skýrir fækkunina.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Mannauður</b>					
Stöðugildi alls í frístundamiðstöðvum				338,92	393,5
Stöðugildi í frístundaheimilum og frístundaklúbbum				200,92	218,9
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum				24,40	18,0*
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum				52,80	60,6*
Stöðugildi í stuðningi barna með sérþarfi				57,8**	88,4
Stöðugildi í langtímaveikindum				3,0	7,6
<b>Stöðugildi í skólahljómsveitum</b>			<b>25,9</b>	<b>26,8</b>	<b>27,6</b>
Námsflokkar				8,6	7,6
Myndver				1,3	1,2
Skólasafnamiðstöð				4,0	4,0
Skrifstofa SFS				64,5	67,5

\* Stöðugildi deildarstjóra unglíngastarfs færð úr frístundamiðstöð í félagsmiðstöðvar, samtals sex stöðugildi.

\*\* Leiðrétting á villu um fjölda stöðugilda stuðnings í greinargerð með fjárhagsáætlun 2013. Það virðist sem 50,5% stöðugildi hafi verið tekin sem 100% stöðugildi í greinargerðinni 2013.

## Skorkort 2014

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2012	Áætlun/ Raun 2013	Áætlun 2014
Barnið, nemandinn, ungmennið				
Sterk sjálfsmynd og samskiptafærni	Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem sjálfsmynd nemenda mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum	60%	65% / 74%	75%
	Hlutfall skóla sem nýta sér viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni	62%	70% / H13*	-
	Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja markvisst unnið með félagsfærni í barnahópnum	90%	92% / 86%	90%
	Hlutfall foreldra sem telja dvöl á frístundaheimili hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns	89%	92% / 89%	92%
	Hlutfall foreldra sem telja félagsmiðstöðvastarf hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns	90%	92% / H13	-
Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði	Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi	90%	100% / 92%	100%
	Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka fljótt og vel á einelti og öðru ofbeldi	39%	60% / 53%	75%
	Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsueflingu í starfinu	69%	72% / H13	-
	Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi	93%	95% / 95%	98%
	Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum	75%	78% / 60%	75%
Viðtæk þekking, færni og árangur	Hlutfall starfsstaða sem taka þátt í Barnamenningarhátíð	31%	50% / 45%	50%
	Hlutfall starfsstaða þar sem útinám er á stundaskrá/skipulagi barna á öllum stigum	56%	65% / H13	-
	Fjöldi starfsstaða sem flagga Menningarfánanum	1	2 / 1	2
	Hlutfall leikskóla sem eru með þróunarverkefni tengd málþroska og læsi	34%	45% / **	-
	Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð	95%	96% / 92%	96%
	Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar	69%	72% / 63%	72%
	Hlutfall grunnskóla með framfarastuðull 0,99 eða hærri í stærðfræði í 10. bekk	78%	85% / H13	-
	Hlutfall grunnskóla með framfarastuðull 0,99 eða hærri í íslensku í 10. bekk	82%	85% / H13	-
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila/félagsmiðstöðva	80%	85% / 82%	85%
	Hlutfall félagsmiðstöðva sem taka þátt í Rímnaflæði og/eða Stíl	75%	80% / H13	-
Samfélagsleg ábyrgð, virkni og vísýni	Hlutfall starfsstaða sem vinna með Barnasáttmálann	34%	41% / H13	-
	Hlutfall starfsstaða með umhverfisáætlun	50%	55% / H13	-
	Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara	85%	90% / H13	-
	Hlutfall grunnskólanemenda sem finnst þeir taka virkan þátt í kennslustundum skv. Skólapúlsinum	60%	65% / 48%	65%
	Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins	70%	80% / H13	-
	Hlutfall leikskóla þar sem börn taka þátt í innra mati	72%	82% / H13	-
	Hlutfall ungmenna í ungmennaráðum sem telja sig hafa fræðst um og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum	Nýr	90% / H13	-
	Hlutfall frístundaheimila með barnaráð	80%	100% / H13	-
	Hlutfall ungmenna sem finnst þeir ráða miklu um starfsemi félagsmiðstöðva	Nýr	70% / H13	-

\*H13 þýðir að spurt er um þetta atriði í spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsstaði SFS á haustmánuðum 2013. Niðurstöður verða ekki ljósar fyrr en í október 2013. Ekki eru forsendur til að ætla fyrir árið 2014 fyrr en þær niðurstöður eru komnar. Þær tölur munu birtast í lokaútgáfu starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2014.

\*\*Mælikvarði breytist í starfsáætlun 2014, í kjölfar nýrrar Lestrarstefnu og ekki verður horft eingöngu til leikskóla sem eru með þróunarverkefni tengd málþroska og læsi.

## Skorkort 2014, frh.

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2012	Áætlun/ Raun 2013	Áætlun 2014	
Verklag					
Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins	Hlutfall foreldra sem telja skóla- og frístundastarf koma til móts við þarfir barns síns	85%	87% / 88%	90%	
	Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina	78%	80% / H13*	-	
	Hlutfall starfsstaða sem hefur móttökuáætlun fyrir börn og ungmenni af erlendum uppruna	50%	60% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva	50%	55% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða þar sem fram kemur í skólanámskrá/ starfsskrá útfærsla á námi/starfi án aðgreiningar	50%	55% / H13	-	
	Hlutfall grunnskóla sem skipuleggur a.m.k. helming stuðnings og sérkennslu innan almennra bekkja og námshópa	18%	50% / H13	-	
Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni	Hlutfall starfsstaða með þrjú eða fleiri samstarfsverkefni við grenndarsamfélagið	34%	50% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða þar sem kynjahlutfall nemenda í skóla-, nemenda- og unglingaráðum er alla vega 40/60%	78%	100% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða þar sem börn eða ungmenni eru lýðræðislega kosin sem fulltrúar í ráð og/eða nefndir	37%	50% / H13	-	
	Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf starfsstaða	80%	85% / 80%	85%	
	Hlutfall starfsstaða sem eru að vinna þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið eða háskólasamfélagið	30%	50% / H13	-	
	Hlutfall foreldra sem vita hverjir eru í skóla- og/eða foreldraráði skólans	25%	50% / H13	-	
Flæði á milli skólastiga, námsgreina/námssviða og skóla og frístundastarfs	Hlutfall foreldra grunnskólabarna sem hefur tekið þátt í að gera námsáætlun með barni sínu	30%	35% / 49%	55%	
	Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði milli skóla og frístundastarfs	60%	70% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða sem samþætta skóla- og starfsdagatal við aðra starfsstaði í sínu hverfi	97%	100% / H13	-	
	Hlutfall skóla sem eru með markmið um aukið flæði milli skólastiga	71%	80% / H13	-	
Umbætur, mat og nýbreytni	Hlutfall skóla sem eru með markmið um aukið flæði milli námsgreina/námssviða	53%	70% / H13	-	
	Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni	70%	72% / H13	-	
	Fjöldi starfsstaða sem hafa tekið þátt í heildarmati	37	40 / 41	51**	
	Hlutfall skóla sem endurskoða skólanámskrá á a.m.k. þriggja ára fresti	55%	100% / H13	-	
Mannauður	Hlutfall grunnskóla sem nota viðmið um gæði kennslu	41%	50% / H13	-	
	Mannauður				
	Fagleg forysta	Mínun vinnustað er vel stjórnað	7,4	7,6 / 7,3	7,6
		Ég þekki markmið og stefnu vinnustaðar mínar	8,4	8,6 / 8,3	8,6
Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott		6,6	7,0 / 6,5	7,0	
Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi (frh. á næstu síðu)	Það er góður starfsandi á mínum vinnustað	7,8	8,0 / 7,8	8,0	
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	72%	80% / 72%	80%	
	Jafnréttis og jafnræðis er gætt gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað	7,7	8,0 / 7,4	8,0	
	Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	3%	0-1% / 3%	0-1%	

\*H13 þýðir að spurt er um þetta atriði í spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsstaði SFS á haustmánuðum 2013. Niðurstöður verða ekki ljósar fyrr en í október 2013. Ekki eru forsendur til að áætla fyrir árið 2014 fyrr en þær niðurstöður eru komnar. Þær tölur munu birtast í lokaútgáfu starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2014.

\*\* Þar af 7 leikskólar. Heildarmat mun fara fram í fyrsta sinn í leikskólum Reykjavíkur á árinu 2014.

## Skorkort 2014, frh.

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2012	Áætlun/ Raun 2013	Áætlun 2014
Mannauður (frh.)				
Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi (frh. frá fyrri síðu)	Ég ber traust til yfirmanns míns	8,0	8,2 / 8,1	8,3
	Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum	7,2	7,5 / 7,3	7,8
	Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki	7,7	8,0 / 7,7	8,0
	Mér hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	7,1	7,5 / 7,4	7,8
Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs	Starfspróunarsamtal var gagnlegt	6,2	7,0 / 6,5	7,2
	Hæfni mín er vel nýtt í starfi	8,1	8,3 / 8,0	8,3
	Hlutfall starfsmanna sem hefur farið í starfspróunarsamtal á síðustu 12- 15 mánuðum	72%	80% / 72%	80%
Lærdómssamfélag byggt á þverfaglegu samstarfi	Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	7,9	8,1 / 7,8	8,1
	Samvinna er góð á mínum vinnustað	8,0	8,2 / 7,9	8,2
Auðlindir				
Hagkvæm nýting fjármagns	Hlutfall starfsstaða sem heldur sig innan fjárhagsramma	-	99% / L13*	-
	Innheimtuhlutfall	99%	99%	99%
	Hlutfall starfsstaða sem skila frávíkagreiningu v/ mánaðaruppgjöra mánaðarlega	Nýr	70%	95%
	Hlutfall starfsstaða með nýtingu/þjónustumagn í samræmi við áætlun	Nýr	95%	95%
	Hlutfall starfsstaða sem skila uppgjöri eftir ferðir	Nýr	99%	99%
Skilvirk upplýsingatækni	Ánægja starfsmanna með tækjabúnað sem þeir hafa til notkunar	48%	60% / V13**	-
	Ánægja starfsmanna með hugbúnaðinn sem þeir hafa til notkunar	67%	75% / V13	-
	Hlutfall foreldra sem telja aðgengi grunnskólanemenda að tölvum vera gott	43%	60% / 69%	75%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig hafa nauðsynlega hæfni til að nota vél- og hugbúnaðinn	82%	85% / V13	-
Góður aðbúnaður	Vinnuaðstaða að mati starfsmanna	6,8	7,0 / V13	-
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðstöðu í leikskóla barns	79%	85% / 73%	80%
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með almennt ástand húsnæðis í grunnskóla barns síns	68%	70% / 87%	90%
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðstöðu í frístundaheimili barnsins	61%	75% / 66%	75%
	Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðstöðu í félagsmiðstöð hverfisins	61%	75% / H13	-
	Hlutfall frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila sem eru í húsnæði sem uppfylla skilgreiningar á rýmsþörf	46%	55% / ***	55%

\*L13 þýðir að ekki er ljóst fyrir en í lok árs 2013 hvort markmið hefur náðst. Ekki eru forsendur til að áætla fyrir árið 2014 fyrir en þær niðurstöður eru komnar. Þær tölur munu birtast í lokaútgáfu starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2014.

\*\*V13 þýðir að heildarniðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna skóla- og frístundasviðs 2013 hafi ekki borist, verða settar inn um leið og þær berast.

\*\*\*Kannað annað hvert ár, ekki 2013.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

## Leiðarljós

Styrkja Reykjavík í átt að sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgar-búa og aðra viðskiptavini sviðsins.




## Fjárhagsáætlun 2014

USK Aðalsjóður Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	1.803.676
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>1.803.676</b>
Laun og launatengd gjöld	1.682.117
Annar rekstrarkostnaður	6.273.275
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>7.955.392</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>6.151.716</b>
USK Eignasjóður Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.871.932
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.871.932</b>
Laun og launatengd gjöld	1.266.256
Annar rekstrarkostnaður	2.584.770
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>3.851.026</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>979.094</b>

Starfsfólk	2014
Föst stöðugildi	359,1
Föst stöðugildi sumar	231
Fjöldi starfsmanna áætlun	395
Fjöldi sumarstarfsmanna	340
<b>Eftir skrifstofum</b>	
Framkvæmdir og viðhald	42,3
Skrifstofa sviðsstjóra	20,3
Sviðsstjóri	17,8
Skipulag, byggingar, borgarh.	44
Umhverfisgæði	91,1
Rekstur og umhirða	143,6

## Skipurit





## Hlutverk

**Umhverfis- og skipulagssvið** er nýtt svið sem stendur á gömlum merg en það tók formlega til starfa um síðustu áramót þegar Umhverfis- og samgöngusvið, Skipulags- og byggingarsvið og framkvæmdahluti Framkvæmda- og eignasviðs voru sameinuð. Sviðið gegnir því fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum í að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum.

Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Undir sviðið heyra einnig byggingarfulltrúi, skipulagsfulltrúi og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

### **Stefnumótun, greining, rannsóknir, fræðsla**

Sviðsstjóri, hefur umsjón með stefnumótun á ábyrgðarsviðum USK og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður aðalskipulags, svæðisskipulags, stefnumótunar, þróunar, greiningar, fræðslu og landupplýsinga ásamt þróun byggðar í gegnum mótun aðalskipulags og svæðisskipulags, sem og fræðslu um niðurstöður og áherslur stefnumótunar. Staðardagskrár, Græna borgin og fleiri verkefni heyra undir sviðsstjóra.

### **Skrifstofa sviðsstjóra**

Skrifstofa sviðsstjóra heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu og stoðþjónustu fyrir sviðið. Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, stjórnarsýslulegum málum, lögfræðiþjónustu, rekstri sviðsins og stoðþjónustu við aðrar skrifstofur sviðsins. Umsýslan fjármagns vegna samninga um kirkju-garða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðsstjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B-hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

### **Skrifstofa skipulags, bygginga og borgarhönnunar**

Skrifstofa skipulags, bygginga og borgarhönnunar ber ábyrgð á skipulagi byggðar, landslags og samgangna út frá samþykktri stefnumörkun, sem og eftirliti með framkvæmd skipulags. Innan hennar eru lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa. Vinna við frumathuganir vegna mannvirkjagerðar er einnig staðsett á skrifstofunni, eða forsagnar- og greiningarvinna sem áður var hjá FER. Biðstöðuverkefni falla undir þessa skrifstofu.

### **Skrifstofa framkvæmda og viðhalds**

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mannvirkja sér um undirbúning, framkvæmd, útboð og eftirlit með nýframkvæmdum fasteigna, samgöngumannvirkja og opinna lóða. Skrifstofan sér einnig um viðhald eignanna. Skrifstofunni er skipt upp í þrjár deildir og sér hver þeirra um heildstætt verkferli á sínu sviði, þ.e. hönnun, útboð, framkvæmd samninga og viðhald. Skrifstofan annast þannig framkvæmdir og viðhald eigna sem falla undir Eignasjóð. Eignasjóður ber ábyrgð á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, sem heyrir undir borgarritara, og verða þjónustusamningar, verkaskipting, verklag og verkflæði þar á milli sett upp með skýrum hætti.

### **Skrifstofa reksturs og umhirðu**

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands sér um allan daglegan rekstur og umhirðu á borgarlandinu. Meginverkefni deildarinnar er grassláttur, vetrarþjónusta, hreinsun á borgarlandinu, umferðarljós, umferðarskilti, gatnalýsing, umhirða opinna svæða, rekstur hverfastöðva og verkþækistöðva garðyrkju, ræktunarstöð, meindýraeyðir og búfjárefntilvit. Framkvæmdaleyfi, götu- og torgsala og bílhæ.

### **Skrifstofa umhverfisgæða**

Á skrifstofunni eru þrjár starfseiningar, náttúra og garðar, umhverfis- og úrgangsstjórnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (sjá neðar) heyrir rekstrarlega til skrifstofu umhverfisgæða en er faglega sjálfstæð eining með framkvæmdastjóra og hlýtir niðurstöðu heilbrigðiseftirlits. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði. Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar. Grasa-garður, Vinnuskóli og Sorphirða Reykjavíkurborgar heyra undir skrifstofuna.

## Hlutverk

### Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur einnig eftirlit með hundahaldi í borginni, skv. samþykkt nr. 52/2002 um hundahald í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir allan starfsleyfisskyldan atvinnurekstur og sinnir reglubundnu eftirliti með honum auk þess að fara með málefni er varða hunda og hundahald. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í eftirfarandi deildir: matvælaeftirlit, umhverfiseftirlit, vöktun og hundaeftirlit.

## Megináherslur 2014 - breytingar frá fyrra ári

### Inngangur

Starf Umhverfis- og skipulagssviðs árið 2013 hefur verið mikið lærdómsferli þar sem hverjum steini hefur verið velt í kjölfar stjórnýslubreytinga. Breytingunum fylgdi gagnger endurskoðun á því hvernig verkefnum sviðsins er best fyrirkomið og í ljós hafa komið fjölmörg tækifæri sem felast í aukinni þverfaglegri samvinnu um mótun og rekstur borgarlandsins. Starfsfólk sviðsins hefur aðlagast nýju fyrirkomulagi og áskorunum vel og af fagmennsku tekist á við ný verkefni og að því ber að hlúa.

Á starfsárinu 2014 verður því almennt lögð áhersla á stefnumótun í málaflokkum fagskrifstofanna og framfylgd stefnu eins og birtist í þeim verkefnum er sjá má í meðfylgjandi starfsáætlun/megináherslum þjónustupáttá. Til þess að uppfylla markmið og ná frekari árangri er lykilþáttur að búa yfir hæfu og ánægðu starfsfólki. Því er í mótun öflug fræðsluáætlun. Miðlun á þekkingu og reynslu milli fagsviða skal vera með markvissum hætti á komandi ári og er slík dagskrá nú þegar í gangi. Einnig verður farið í greiningu á ímynd starfa innan sviðsins. Heilsu- og öryggisstefna verður samþykkt og fyrir liggur að meta ávinning af sameiningu starfsstaða.

Áfram verður unnið með sveigjanlegt og fjölskylduvænt umhverfi og svo má lengi telja. Fyrirhugað er að efla enn frekar samráð og upplýsingagjöf til borgarbúa í samræmi við leiðarljós sviðsins og hefur verið stofnaður starfshópur sem koma mun með tillögur að verkferlum og aðstoða starfseiningar í þeim málaflokki. Samvinna milli starfseininga, þverfagleg rýni og ákvarðanatoka byggð á umhverfissjónarmiðum verða leiðarljós inn í komandi starfsár ásamt gerð aðgerðaráætlunar fyrir þær stefnur sem sviðið vinnur eftir í skipulagi og umhverfismálum. Frekari útlistun á fyrirhuguðum verkefnum árið 2014 er í meðfylgjandi lýsingu á starfsáætlun fagskrifstofa.

### Aðalskipulag

Prentuð útgáfa aðalskipulags. Stafræn útgáfa aðalskipulags - viðhald og þróun aðalskipulagsgrunns. Greining og þróun vegna framfylgdar skipulagsáætlana. Öflugri gagnagrunnar. Aðgerðaáætlun vegna framfylgdar aðalskipulags. Heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins: Útgáfa á umhverfis- og auðlindastefnu ásamt umhverfisvísunum. Lítill bæklingur á pappír og PDF á vefinn.

### Stefnumótun og fræðsla

Gerð framvinduskýrslu í samræmi við skuldbindingu Reykjavíkur við loftslagssáttmála sveitarfélaga í Evrópu (Covenant of Mayors). Greining og þróun á Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar. Vinna að Bláfánavottun t.d. með Snarfara, kajak-höfn við Geldingarnes og Naustabryggju. Eftirfylgni við skrifstofur og deildir innan USK varðandi ólokin verkefni í samræmi við umhverfisstefnu og markmið USK.

## Landupplýsingar

Próun þrívíddarlíkans af borginni og birting á vefnum.

Skoða og þróa nýjar og ódýrari lausnir við gerð þrívíddarlíkana. Halda áfram að þróa Borgarvefsjár-appið fyrir spjaldtölvur og farsíma. Þróa nýjar lausnir sem nýta spjaldtölvur og snjallsíma til að safna rauntímagögnum, t.d. um grasslátt eða eftirlit með eignum borgarinnar. Framfylgja upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar með því að gera sem flest þemu LUKR aðgengileg fyrir almenning á vefnum án endurgjalds. Sameina Borgarsjá og Borgarvefsjá. Setja upp upplýsingasíðu á vefnum um atvinnusvæði í Reykjavík fyrir fjárfesta. (Með gögnum úr LUKR og í samvinnu við SEA). Bæta stöðu lóðauppdráttu og mæliblaða í borginni, en það vantar enn fullnægjandi uppdrætti af mörgum lóðum í Reykjavík. Undirbúa gerð heildarskrár yfir lóðir og lóðasamninga í borginni (í samvinnu við SEA). Endurskoða skráningu eldri korta og uppdráttu í safni Landupplýsinga. Yfirfara ástand fastmerkja og hæðamerkja í borginni.



## Mannauðsmál

Innleiða markvisst frammistöðumat/árangursmat. Verkferlar verði aðgengilegir - þróað verði gæðaviðmið í stjórnun. Fræðsluáætlun taki mið af starfsþróunaráætlunum. Miðla þekkingu og reynslu með markvissum hætti. Móta heilsu- og öryggisstefnu. Ljúka við áhættumat á hverfastöðvum/verkbækistöðvum. Skýra verkferla og uppfæra starfslýsingar. Greina ímynd starfa og efla græna hugsun. Meta ávinning af sameiningu starfsstaða.

## Skrifstofa sviðsstjóra

Umhverfisstjórnunarkerfi, ISO 14001, vottað fyrir allt sviðið. Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa verði vottuð. Gæðastjórnunarkerfi sviðsins vottað árið 2014. Áfram verði unnið hefur að samræmingu á öryggis- og heilbrigðisáætlun USK fyrir allt sviðið. Gæðabók umhverfis- og skipulagssviðs samræmd.

## Skipting rekstrar 2014



## **Skrifstofa umhverfisgæða**

### ***Heilbrigðiseftirlit***

Hefja og undirbúa þarf eftirlit með efnunum í hlutum sem komast í snertingu við matvæli, erfðabreyttum matvælum og heilsu- og næringarfullyrðingum á matvælum í samræmi við nýja löggjöf. Unnið verður að tilfærslu efnavöru- eftirlits til Umhverfisstofnunar. Áframhald heildarendurskoðunar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Átak verður gert í mælingum og greiningu á hávaða í umhverfi barna. Samvinnuverkefni á landsvísu um ástand og aðstöðu á samkomuhúsum og um nýtingu lífrænna leyfa til landbóta. Lokið verður við spjaldtölvuvæðingu Heilbrigðiseftirlitsins. Önnur átaksverkefni s.s. næringargildismerkingar, örverufræðileg viðmið - salmonella og kampylobakter í alifuglum á markaði, sushi-staðir og viðbætt vatn í matvælum.

### ***Náttúra og garðar***

Unnin verður aðgerðaáætlun fyrir aukna trjárækt sem tekur mið af trjáræktarstefnu. Prófaðar verða nýjar tegundir götutrjáa og ræktun nytjagróðurs aukin. Trjágróður verður skráður í gagnagrunn sem er aðgengilegur á vefsíðu ásamt umhirðuviðmiðum. Fjölgað verður gerðum/svæðum þar sem hundaeigendur geta hleypt hundum sínum lausum. Tækifæri til borgarbúskaps verða aukin. Unnin verður aðgerðaáætlun fyrir endurnýjun og viðhald leiksvæða sem tekur mið af leiksvæðastefnu borgarinnar og bættu aðgengi fatlaðs fólks að leiksvæðum.

Lögð verður áhersla á fræðslu um náttúru Reykjavíkur. Unnin verður stjórnunaráætlun og eftir atvikum skipulag og aðgerðaáætlun um vernduð svæði og svæði á náttúruminjaskrá. Gerð verður úttekt á ágengum plöntutegundum og unnin áætlun um aðgerðir. Dreifing og fjölgun kanína og þörf á aðgerðum verður metin og fuglalíf Tjarnarinnar eflt.

### ***Umhverfis- og úrgangsstjórnun***

Umhverfisstjórnun í rekstri borgarinnar verður greind og grænt bókhald innleitt. Lögð verður áhersla á hönnun vistvænna bygginga hjá borginni. Farið verður í fræðsluáttak til að draga úr úrgangsmyndun og íbúar hvattir til vistvænni lífshátta. Átak verður gert í að auka meðvitund fólks um að ganga vel um borgarumhverfið samhliða hreinsunaráttaki á vormánuðum. Áfram verður unnið að uppbyggingu grenndastöðva. Hafin verður söfnun á gleri á völdum stöðvum og stöðvum sem taka við skilagjaldsumbúðum fjölgað. Unnar verða tillögur að bættri nýtingu á óvirkum úrgangi. Gerð verður tilraun með söfnun á ákveðnum plastflokkum frá heimilum. Unnin verður greining á aðgengi við sorphirðu í borginni og gerðar tillögur að bættu aðgengi. Hafin verður úrgangsflokkun á almenningsvæðum (götustampar). Unnið verður að vistvænum innkaupum í rekstri borgarinnar og fræðsla um vistvæn innkaup aukin.

### ***Framkvæmdir og viðhald***

Áhersla verður lögð á að bæta verklag við undirbúning og áætlanagerð vegna framkvæmda á vegum borgarinnar. Upplýsingagjöf og kynningar vegna framkvæmda á vegum borgarinnar verði eflað og tryggt að upplýsingar um framkvæmdir verði settar eins fljótt og kostur er inn í Framkvæmdasjá.

### ***Byggingadeild***

Lögð verði áhersla á að eðlisfræði bygginga fái notið sín sem best með tilliti til varmastreymis, loftgæða og hljóðvistar og öðrum þeim búnaði sem starfsemi krefst á hverjum stað. Áhersla verði lögð á að viðhald fasteigna verði þannig að þær haldi verðgildi sínu sem best.

### ***Gatnadeild***

Bætt verði upplýsingaflæði og sett upp verklag við afhendingu nýrra samgöngumannvirkja til þjónustu og reksturs.

### ***Opin svæði***

Endurnýjun og uppbygging á opnum svæðum og stofnanalóðum í borginni verði unnin samkvæmt gæðalýsingum og leiðbeinandi viðmiðum Reykjavíkurborgar. Viðhaldsviðmið verði skilgreind og árlega unnar verk- og viðhaldsáætlanir fyrir opin svæði og stofnanalóðir.

## **Rekstur og umhirða borgalands**

Gerð umhirðu og hreinsunaráætlana með það að markmiði að styrkja útstöðvar. Fjárfesting í tækjum til hreinsunar. Endurskipulagning grassláttar og fjárfesting í fleiri sláttutækjum. Endurskipulag neyðarvarna í vetrarþjónustu. Fjölgun forgangshjólaleiða í vetrarþjónustu. Áhersla á aukna skipulagningu og góðan undirbúning í verk-efnum. Innleiðing á appi í ábendingarvef borgarlandsins. Innleiðing og útgáfa á reglum framkvæmdaheimildar og lögð fram ný gjaldskrá. Aukning í moltugerð.

## **Útstöðvar**

Fullklára sameiningu útstöðva á austursvæði með stækkun á Jafnaseli. Finna lóð og hefja framkvæmdir á nýrri útstöð á vestursvæði. Endurskipulagning verkefna, verkferla, samnýting og samvinna. Efla og bæta ímynd hverfa-stöðva, skapa aukinn sýnileika og bæta upplýsingaflæði. Áframhald atvinnuáttaks. Endurskoðun á innkaupum útstöðva. Gerð verklagsregla vegna umgengni við bifreiðar. Leitað leiða til að setja upp staðsetningarkerfi í flokka-bíla.

## **Skipulag, byggingar, borgarhönnun**

### ***Byggingafulltrúi***

Endurskoðun á viðmóti í þjónustuveri á jarðhæð að Borgartúni 12-14 og viðtalsumhverfi fyrir umsóknir um byggingarleyfi og framkvæmdir bætt. Skoða yfirferð umsóknargagna um byggingarleyfi og umsagnir sem þeim tengjast með hagræðingu í huga. Auka þekkingu innan embættisins til að koma til móts við auknar kröfur er lúta að gæðum í gerð mannvirkja, vistfræðilegum atriðum og umhverfi.

Herða aðgerðir til að knýja á um úrbætur á ásigkomulagi bygginga og umhverfi þeirra í samræmi við gögn og samþykktir auk eftirlits með fyrirkomulagi auglýsingaskilta og gáma í borgarlandinu. Færa áfram teikningar embættisins á tölvutækt form og gera aðgengilegar á teikningavef. Færa áfram fundargerðir byggingarnefnda á tölvutækt form til að tryggja varðveislu þeirra og betri aðgang.

### ***Frumathuganir mannvirkja***

Unnið að bættu verklagi við undirbúning fyrir framkvæmdir á vegum borgarinnar og stuðla að því að ávallt sé unnið faglega og gætt hagkvæmni og jafnræðis. Stefnt verður að umhverfisvottun allra bygginga í eigu Reykjavíkurborgar. Stefnt verði að greiningu líftímakostnaðar við undirbúning nýframkvæmda.

### ***Samgöngur***

Áfram verði unnið að framgangi samgöngumála í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar. Unnið að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og notenda Strætó. Kortlagt hvernig megi nýta núverandi gatnakerfi sem best undir hjólastíga. Áfram lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík verði fjölgað. Merkingar á göngu- og hjólastígum athugaðar sérstaklega. Vistgötum í borginni verður fjölgað. Markvisst unnið að því að draga úr notkun nagladekkja. Gjaldtaka af notkun nagladekkja skoðuð þegar slík lagaheimild liggur fyrir. Forgangur Strætó í borginni kortlagður og aukinn. Stutt verður við rafbílavæðingu. Aðgengi fyrir fatlað fólk bætt í miðborginni. Umferðarskipulag Kvosar endurskoðað og Laugavegur verður endurhannaður. Undirbúningsvinna vegna samgöngumiðstöðvar, BSÍ. Göngu- og hjólastígakort uppfært og umferðaröryggismál yfirfarin.

### **Skipulagsfulltrúi**

Hverfisskipulag verður í vinnslu allt árið og gert er ráð fyrir að 1. áfanga verkefnisins ljúki í maí 2014 með útgáfu skipulagslýsingar fyrir öll hverfi borgarinnar og strax í kjölfarið verði farið í 2. áfanga verkefnisins, sem er hin eiginlega hverfisskipulagsgerð, og áætlað er að ljúki snemma árs 2015. Áherslan í öllum skipulagsáætlunum verður á sjálfbærni og visthæfi í hvívetna í samræmi við stefnu nýs aðalskipulags. Haldið verður áfram endurskoðun eldri skipulagsáætlana í samvinnu við lóðarhafa sem tekur mið af sögulegu samhengi miðborgarinnar samhliða því að styrkja og efla þá fjölbreyttu starfsemi sem þar er að finna. Einnig verður ráðist í gerð deiliskipulags í Vatnsmýri ásamt fleiri stöðum í borginni. Stefnt er að enn öflugri útgáfu á vegum embættisins á árinu 2014 og er áætlað að upplýsingaritið Borgarsýn komi út að lágmarki þrisvar á árinu. Að auki mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í því að efla umræðu um skipulagsmál í borginni. Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar mun skipulagsgerð ársins taka mið af aukinni þörf á minni íbúðum miðsvæðis eða litlum leiguíbúðum. Mikil vinna mun tengjast fjölmörgum hönnunarsamkeppnum sem ýmist eru í gangi, í vinnslu eða í bígerð, s.s. Öskjuhlíð, viðbyggingu við Sundhöllina, samþættingu skóla- íprótta- og sundlaugarbyggingar í Úlfarsárdal, skipulag háskólasvæðis Háskóla Íslands og skipulag Vogabyggðar.

### **Helstu fjárhagslegar breytingar milli ára**

Við stofnun Umhverfis- og skipulagssviðs 1. janúar 2013 voru í gildi þrjár fjárhagsáætlanir eldri sviða þ.e. skipulags- og byggingasviðs, umhverfis- og samgöngusviðs og framkvæmda- og eignasviðs. Í apríl á þessu ári var síðan lögð fram ný fjárhagsáætlun þar sem búið var að sameina rekstur umhverfis og skipulagssviðs í aðalsjóði og skipta upp rekstri Framkvæmda og eignasviðs (eignasjóðs) upp milli Umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar.

Nú við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 hefur reksturinn verið rýndur með tilliti til skipulagsbreytinga og sameininga eldri sviða. Ýmsir miðlægir þjónustupættir hafa verið sameinaðir sem áður voru færðir undir hinar ýmsu starfseiningar og verkefni færð á milli starfseininga s.s. aðalskipulag færð frá skipulagsfulltrúa undir sviðstjóra. Samþykkt var að sameina rekstur verkþækistöðva garðyrkju við hverfastöðvar gatna og hefur sú sameining verið gerð í Eignasjóði. Við það fluttist rekstur verkþækistöðva garðyrkju frá Aðalsjóði yfir í Eignasjóð. Einnig hefur verið gerð sú breyting í Eignasjóði að nú birtist sundurliðun á milli reksturs og viðhalds gatna sem áður var birt saman í fjárhagsáætlun.

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur</b>					
Útgefin starfsleyfi	472	445	325	550	330
Tóbakssöluleyfi	54	45	29	35	35
Skráðir hundar	2.200	2.400	2.500	2.540	2.550
Fjöldi eftirlitsferða (- hundaftirlit)	3.579	3.395	3.713	3.500	4.000
Fjöldi kvartana (- hundaftirlit)	468	600	494	500	500
Svífryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum ( dagar)	29	13	7	7	7
<b>Náttúra og garðar</b>					
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	5.388	5.689	5.657	5.700	5.700
Pátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	1.728	2.399	2.368	3.950	4.000
Nemendur í Vinnuskólanum	3.440	3.150	1.830	1.588	1.679
<b>Sorphirða við heimili</b>					
Fjöldi sorpláta, blandað sorp [tunnuígildi]	37.288	37.761	37.311	37.100	37.000
Blandað sorp [tonn]	21.484	20.579	20.702	19.300	18.800
Sorpmagn á íbúa [kg/íbúa]	181	173,2	172,9	159	157
Fjöldi blárra tunna [stk]	2.644	2.939	4.063	9.000	10.500
Pappírs- og pappi í bláar tunnur [tonn]	770	928	1.118	2.100	2.400
<b>Grenndarstöðvar</b>					
Fjöldi grenndarstöðva	54	55	55	57	60
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.068	1.272	1.328	1.300	1.400
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	27	33	46	48	50
<b>Endurvinnslustöðvar</b>					
Fjöldi endurvinnslust. á höfuðb.sv.	7	7	7	6	6
Móttekið magn úrgangs. [tonn]	28.426	31.503	35.337	34.147	35.197
<b>Samgönguskrifstofa</b>					
Umferðaróhöpp með meiðslum	284	231	239	227	216
Fjöldi umferðarljósa	113	114	115	114	114
Fjöldi gangbrautarljósa	32	33	34	35	36
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	35	33	36	35	35
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km)	10	14	18	23	30
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	766	770	773	775	778

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Skipulagsmál</b>					
Fjöldi kærðra mála	36	22	30	25	30
Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins	23 / 9	20 / 8	13/17	8/2	15/4
Frávísuð og staðfest mál	18	4	9	1	3
Ákvarðanir felldar úr gildi	5	4	4	1	1
Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs	680	555	659	1.100	1.400
<b>Skipulagsfulltrúi</b>					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	1.224	1.108	1.180	1.400	1.800
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	86	67	57	65	80
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	111 / 37	102 / 36	112/39	130/30	150/35
<b>Byggingarfulltrúi</b>					
Samþykktir m3	67.632	193.790	295.688	300.000	350.000
Byggðir m3 (lokið við)	816.432	426.920	236.637	300.000	300.000
Fullgerðar íbúðir	309	95	141	200	250
Hafin smíði nýrra íbúða	14	113	356	300	300
Fjöldi úttekta	1.913	2.140	2.542	3.000	3.500
Yfirferð uppdráttar	13.672	16.496	15.942	16.500	17.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	280 / 125	297 / 119	397/163	400/170	400/170
Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda	-	-	15.828	16.000	16.500
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	2.514	2.584	2.593	2.700	2.800
<b>Rekstur og umhirða</b>					
Bekkir	740	896	902	1508	1550
Stampar	1119	1178	1196	1220	1300
Sláttur - flatarmál (m2)	3792.000	3806138	4145320	4166047	4300000
Hitakerfi - flatarmál (m2)	215000	227782	227782	229715	230000
Ljósastaurar	26896	27461	27615	27800	27850
Vetrarþ. gatna. ökulengd (km)	1183	1011	1026	1027	1027
Vetrarþ. gönguleiða (km)	760	757	771	781	800
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6285000	6425000	6486520	6518953	6600000



# VELFERÐARSVIÐ

**Leiðarljós**  
Virðing - virkni - velferð




## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í millj. kr.	Áætlun 2014
<b>Tekjur</b>	
Þjónustutekjur	1.895.436
Tekjur v/verkefna frá ríkinu	3.146.573
<b>Gjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld	10.207.790
Innri leiga (húsaleiga, áhald- og tækja-leiga)	1.044.661
Styrkir og framlög	1.218.178
Annar rekstrarkostnaður	10.516.189
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>17.944.809</b>

Starfsfólk	2014
<b>Fjöldi starfsfólks</b>	<b>2.110,0</b>
<b>Fjöldi stöðugilda</b>	<b>1.493,1</b>
Skrifstofur	337,8
Fjárhagsaðstoð	2,3
Samningar, framlög og styrkir	2,5
Búsetuúrræði	503,9
Félagsmiðstöðvar	66,4
Dagþjónusta	50,3
Heimþjónusta - Heima-hjúkrun	296,1
Hjúkrunarheimili	112,5
Þjónustuíbúðir	48,6
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	47,2
Ýmis úrræði	22,6
Þróunarverkefni	3,0

## Skipurit



## Hlutverk

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, framkvæmd og samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og Heimþjónustu Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyrast starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði. Lagaskyld verkefni sem Velferðarsvið ber ábyrgð á skv. stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru m.a.: fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, sérfræðisþjónusta skóla, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Starfseiningar Velferðarsviðs eru rúmlega 120 talsins og er þjónusta veitt allan sólarhringinn á yfir tveimur þriðju þeirra.

## Megináherslur velferðarráðs 2014

Fyrir árið 2014 leggur velferðarráð megináherslu á áframhaldandi markvissan stuðning og ráðgjöf við íbúa Reykjavíkurborgar sem standa höllum fæti fjárhags- og félagslega. Jafnframt vill velferðarráð að unnið verði að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Þróun þjónustu við fatlað fólk í takti við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar sem og þróun þjónustu við aldraða samkvæmt þjónustustefnu fyrir eldri borgara og til að undirbúa fyrirsjáanlega fjölgun aldraðra á næstu árum er einnig sérstök áhersla ráðsins. Einnig að markvisst verði unnið að forvörnum í þágu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra til að bæta líðan í daglegu lífi og til framtíðar. Loks að unnið verði að þróun þjónustu Velferðarsviðs í takti við aukinn fjölbreytileika borgarbúa og auknar kröfur um að þörfum sé mætt á einstaklingsgrunni. Velferðarráð telur í áherslum sínum einnig mikilvægt að unnið verði að því að undirbúa sviðið fyrir frekari yfirfærslu málaflokka frá ríki til sveitarfélaga, að stöðugt sé horft til umbóta- og gæðavinnu til að auka hagkvæmni, skilvirkni og fagleg vinnubrögð og að sérstök áhersla verði lögð á eflingu starfsmannahóps Velferðarsviðs til að mæta nýjum áskorunum og kröfum í þjónustu.

Reglur um gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg ætla fagsviðum að rýna og leggja mat á a.m.k. einn þjónustupátt út frá aðferðarfræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Velferðarsvið hefur valið fjárhagsaðstoð til framfærslu sem þjónustupátt til skoðunar.

## Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2014 er unnin með það að leiðarljósi að rúma brýnustu þjónustu sviðsins innan úthlutaðs fjárhagsramma. Álag og útgjöld Velferðarsviðs hafa vaxið síðustu ár vegna aukins fjölda notenda þjónustunnar. Helstu ástæður þess eru vaxandi fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, auk þess sem Velferðarsvið tók yfir þjónustu við fatlað fólk árið 2011.

Úthlutaður fjárhagsrammi árið 2014 byggir á grunni endurskoðaðrar áætlunar 2013 með viðbótum vegna brýnustu verkefna sviðsins, auk þess sem skuldbindandi vísitöluhækkningar eru bættar.

Fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur verða áfram bundnir liðir.


Þrátt fyrir að nokkrar viðbætur hafi fengist í fjárhagsramma má lítið út af bregða í rekstri. Eftir mikið aðhald undanfarin ár er lítið svigrúm í áætlun sviðsins til að mæta breytingum í þjónustupörf innan ársins en eðli velferðarþjónustunnar er síbreytilegt. Þarfir notenda eru ekki alltaf fyrirsjáanlegar og þær geta breyst hratt. Ljóst er því að um leið og Velferðarsvið þarf að sýna verulegt og stöðugt aðhald í rekstri á árinu 2014 verður það viðvarandi áskorun að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp. Því er brýnt að starfsfólk Velferðarsviðs í samráði við notendur þjónustunnar leiti nýrra leiða til að veita þjónustu og nýta fjármagn sem best. Óbreyttur rekstur mun ekki geta til framtíðar, uppfyllt þarfir íbúa, mætt breyttri hugmyndafræði og fyrirsjáanlegri fjölgun notenda um leið og kröfum um veitingu þjónustu innan fjárheimilda er mætt. Þó ríkir bjartsýni um að batnandi efnahagsástand á næstu árum muni leiða til aukins fjármagns til að mæta enn betur þörfum fyrir velferðarþjónustu í Reykjavík.

### Skipting fjármagns eftir þjónustubáttum

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustubáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins. Rammi Velferðarsviðs 2014 er 17.945 millj.kr. Tekjur eru 5.042 millj.kr, laun og launatengd gjöld eru 10.208 millj.kr., annar rekstrarkostnaður er 12.779 millj.kr., þar með talin fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur.

Kökuritíð hér til hliðar (*Mynd 1*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustubætti. Sjá má að búsetuúrræði vega þar þyngst eða um 18% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Fjárhagsaðstoð kemur þar á eftir með 16%. Heimþjónusta - Heimahjúkrun er um 12% og húsaleigubætur um 13%. Samanlagður rekstur skrifstofa þjónustumiðstöðva, barnaverndar og skrifstofu Velferðarsviðs er 11%. Samningar, framlög og styrkir eru 10%. Félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir 6% og annar rekstur samantlagt um 14%.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 1




### Skipting fjármagns eftir starfseiningum

Pegar útgjöldum Velferðarsviðs er skipt upp eftir starfseiningum (*Mynd 2*) kemur fram að 73% fjármagns fer í gegnum þjónustumiðstöðvar sviðsins.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er með umfangmestu þjónustuna en þangað fer um 21% af fjármagni sviðsins. Til skrifstofu Velferðarsviðs fara um 19% en þar eru meðtaldir samningar vegna málefna fatlaðs fólks og rekstur hjúkunarheimila. Til þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða fara 15%, til þjónustumiðstöðvar Breiðholts fara 13%. Um 10% fara til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, um 8% til þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og um 6% til Vesturgarðs. Til Heimþjónustu Reykjavíkur fara 4% fjármagns og umfang Barnaverndar Reykjavíkur er 4%.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 2



## Málefni fatlaðs fólks

Þann 1. janúar 2011 bættist málaflokkur fatlaðs fólks við rekstur Velferðarsviðs og ber sviðið ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Fjárhagsáætlun ársins 2014 fyrir málaflokkinn er 5.266 millj.kr. Kökurið hér til hliðar (*Mynd 3*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda við málaflokkinn á milli þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Þjónusta skammtímaheimila fellur undir þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og samningur við styrktarfélagið Ás sem nemur 845 millj.kr. fellur undir skrifstofu sviðsins.


Tekjur fyrir málaflokkinn eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum. Rekstrinum var mjög þröngur stakur skorinn við yfirfærslu frá ríki til sveitarfélaga og var uppsöfnuð þjónustupörf og væntingar miklar. Breytingar á lögum og reglugerðum við yfirfærsluna settu auk þess frekari skyldur á sveitarfélögin en verið höfðu á ríkinu. Verulega þarf að fjölga búsetuúrræðum og/eða auka til muna þjónustu heim, í formi heimþjónustu, stuðningsþjónustu og/eða NPA, til að mæta megi núverandi þjónustupörf og biðlistum. Ákveðin skref í þá átt verða stigin á árinu 2014, en ljóst er að málaflokkurinn mun þurfa frekara fjármagn á næstu árum.

## Tekjur og gjöld


Þegar tekjur sviðsins eru skoðaðar (*Mynd 4*) má sjá að tekjur húsaleigubóta veða þyngst eða 38%. Tekjur vegna þjónustusamnings um heimahjúkrun eru 26%. Hjúkrunarheimilin Drop-laugarstaðir og Seljahlíð eru rekin á daggjöldum frá ríkinu sem veða um 18%. Aðrar tekjur eru þjónustutekjur vegna ýmissa liða svo sem matarþjónustu, félagslegrar heimþjónustu, dvalargjalda, akstursþjónustu og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra. Heildartekjur sviðsins eru 5.042 millj.kr.

Útgjöld Velferðarsviðs fyrir fjárhagsárið 2014 eru í heild um 22.987 millj.kr.

Hlutfallsleg skipting - *Mynd 3*



Hlutfallsleg skipting - *Mynd 4*



## Fjárhagsaðstoð

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.656 millj.kr. sem er hækkun um 61 millj.kr. á milli ára. Mest er aukningin á útgjöldum vegna framfærslustyrks sem hækkar um 39 millj.kr.


Mikil aukning hefur verið á fjölda notenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu undanfarin ár.

Áætlun næsta árs tekur mið af þeim atvinnuátaksverkefnum og öðrum úrræðum sem munu standa notendum til boða á komandi ári. Í vinnslu er aðgerðaráætlun sem tekur mið af þörfum langtíma notenda framfærslustyrks og þeirra sem áætlun gerir ráð fyrir að komi nýir inn á næsta ári.

Í útgjöldum til fjárhagsaðstoðar vegur framfærslustyrkur þyngst eða um 81%. Sé framfærsla til náms, sem er hluti heimildagreiðslna, meðtalin eru þessir liðir samtals um 90% af áætluðum útgjöldum til fjárhagsaðstoðar.

Gert er ráð fyrir 3,4% hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í forsendum.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 5




## Húsaleigubætur

Útgjöld til húsaleigubóta er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun 2014 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði 3.079 millj.kr. Mótframlag úr Jöfnunarsjóði er áætlað 1.909 millj.kr.

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda húsaleigubóta. Almennar húsaleigubætur vega þar þyngst eða um 65%. Sérstakar húsaleigubætur vegna félagslegra íbúða vega um 24% og sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði eru um 11%. Við ákvörðun fjárheimilda til almennra húsaleigubóta er litið til þróunar á almennum húsaleigumarkaði og stuðst við líkan sem byggir á sögulegum gögnum. Þann 1. janúar 2013 tók í gildi reglubreyting þar sem grunnfjárhæð húsaleigubóta og skerðingarmark voru hækkuð og skerðingarprósenta vegna tekna umfram skerðingarmark var lækkuð. Á sama tíma var endurgreiðsluhlutfall úr Jöfnunarsjóði hækkað.

Heildar breyting á útgjöldum vegna húsaleigubóta á milli ára er áætluð um 55 millj.kr.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 6



## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

		Árið 2012	Endursk. áætlun 2013	Frumvarp 2014
<b>Fjárhagsaðstoð</b>				
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	1)	2.652.426	3.584.727	3.646.010
Fjárhagsaðstoð til framfærslu		2.047.313	2.915.872	2.954.414
Framfærsla vegna náms		302.400	325.537	336.606
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni		302.713	343.318	354.991
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls		4.133	4.250	4.388
<b>Húsaleigubætur</b>				
Heildarupphæð		1.655.262	1.563.084	2.115.058
Hlutur Reykjavíkurborgar		694.113	719.019	761.421
Fjöldi heimila		8.221	8.100	8.200
<b>Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði</b>				
Heildarupphæð		300.397	309.320	330.972
Hlutur Reykjavíkurborgar		119.982	123.728	132.389
Fjöldi heimila		1.244	1.281	1.320
<b>Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða</b>				
Fjöldi úthlutana		163	130	150
Fjöldi á biðlista í árslok		782	810	800
Fjöldi íbúða		1.790	1.790	1.790
Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð		626.768	629.330	633.330
Hlutur Reykjavíkurborgar		269.297	272.492	276.492
<b>Þjónustuíbúðir</b>				
Fjöldi úthlutana		65	45	60
Fjöldi á biðlista í árslok		283	270	270
Fjöldi íbúða		375	375	375
<b>Hjúkrunarrými</b>				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum		82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir		811.620	842.386	879.439
Meðalkostn. á notað rými á dag		27	28	29
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum		22	22	23
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð		20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild		261.132	251.297	245.379
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð		36	34	34
Framlag ríkissjóðs á rými á dag		24	23	24

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

		Árið 2012	Endursk. áætlun 2013	Frumvarp 2014
<b>Heimþjónusta</b>	2)			
Heildarrekstrarkostnaður í félagslegrar heimþjónustu (gjöld)		1.512.801	1.588.794	1.611.188
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta		210.641	230.052	220.934
Félagsleg heimþjónusta - fjöldi heimila		3.805	3.850	3.900
Heildarkostnaður heimahjúkrun		1.089.576	1.116.400	1.157.900
Heimahjúkrun - meðalfjöldi á mánuði með virka þjónustu		2.291	2.520	2.614
<b>Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./persl.ráðgj.)</b>				
Heildarkostnaður		247.738	344.747	337.233
Fjöldi notenda		609	610	630
<b>Þjónusta við fatlað fólk</b>				
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður		121.444	156.831	125.233
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður		68.490	72.059	57.699
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna		231	235	213
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)- Heildarkostnaður		0	72.000	192.654
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður		222.173	236.202	240.476
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	3)	3.760.172	3.932.721	4.070.068
<b>Matarþjónusta</b>				
Fjöldi notenda með heimsendan mat		934	870	799
Fjöldi heimsendra máltíða		121.200	120.000	107.424
<b>Þjónusta við börn</b>				
Fjöldi barnaverndartilkyninga		3.464	3.550	3.630
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur		91.938	84.888	89.274
Fjöldi barna í varanlegu fóstri		102	105	105
Heildarkostnaður við tímabundið fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.		109.380	122.790	120.325
Fjöldi barna í tímabundið fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.		110	105	108
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur		20.757	32.728	32.728
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur		131	120	125

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v/ erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlið meðtalin

3) Málefni geðfattaðs fólks fluttust til Reykjavíkurborgar 1.5.2010 en allur málaflokkurinn fluttist yfir 1.1.2011.

## Skorkort 2014

	Mælikvarðar	Viðmið Gult			Raun 2012	2013 útk.spá	2014 áætlun
<b>Þjónusta</b>	<b>Þjónusta</b>						
	Hlutfall umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm. markaði	25%	-	34%	27%	29%	35%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þríf	28%	-	33%	35%	35%	36%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu	10%	-	14%	15%	15%	18%
	Hlutfall íbúa í sértækum tímabundnum búsetuúrræðum sem gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf	20%	-	24%	21%	25%	25%
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð 12 mánuði á ári	9,50%	-	10%	15%	15%	14%
	Hlutfall þátttakenda í Kvennasmiðju sem eru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir 12 mánuði	48%	-	62%	56%	60%	65%
	Hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði greinar 16 A í reglum um fjárhagsaðstoð og fær aðstoð	55%	-	64%	40%	43%	65%
	Hlutfall atvinnuleitenda án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð í tvo mánuði eða lengur mæti á kynningarnámskeið „Virgni til velferðar“	60%		69%	48%	47%	70%
	Hlutfall ungmenna á aldrinum 18—24 ára sem komin eru með áætlun um virkni innan tveggja mánaða	65%	-	79%		-	80%
<b>Fjármál</b>							
	Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%	102%	91%	100%
	Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%	101%	100%	100%
	Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%	104%	102%	
	Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða	101%	-	104%	93%	102%	100%
<b>Verklag</b>							
	Hlutfall mála sem skotið er til Velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga	55%	-	65%		58%	
<b>Mannauður</b>	<b>Mannauður</b>						
	Hlutfall starfsmanna sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi.	70%	-	79%	*	82%	90%
	Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli	70%	-	74%	*	81%	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum	65%	-	74%	*	68%	75%
	Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	70%	-	79%	*	85%	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið hrós fyrir vel unnin störf	60%	-	69%	*	64%	80%
	Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum	70%	-	74%	*	46%	75%
	Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	70%	-	74%	*	80%	85%
	Hlutfall stm. sem telja að upplýsingastreymi sé gott	60%	-	69%	*	61%	75%
	Hlutfall stm. sem er tilbúinn að takast á við breyttar vinnuáðstæður og skipulag	70%	-	74%	*	84%	85%



# SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU



Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi.

## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	1.313.398
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>1.313.398</b>
Laun og launatengd gjöld	2.163.052
Annar rekstrarkostnaður	1.650.086
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>3.813.138</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.499.740</b>


Fjárhagsáætlun Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er ekki hluti af fjárhagsáætlun Ráðhúss.

Stöðugildi skv. fjárhagsáætlun	2014
Fjöldi stöðugilda	277
<b>Eftir skrifstofum</b>	
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	51
Fjármálaskrifstofa	85
Skrifstofa þjónustu og reksturs	97
Mannréttindaskrifstofa	6
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	12*
Skrifstofa borgarstjórnar	9
Borgarlögmaður	9
Innri endurskoðun	8**

\*Tilfærsla stöðugilda frá fyrrum framkvæmda- og eignasviði.

\*\*Oftalið var um eitt stöðugildi í fjárhagsáætlun 2013.

## Skipurit



Brotin lína: valdbraut fjölskipaðs stjórnvalds. Heil lína: embættisleg valdbraut. Punkta lína: tengsl

## Hlutverk Ráðhúss Reykjavíkur

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er miðlægrar stjórnsýslu að búa í haginn fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar. Það er enn fremur hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirk upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmans og Innri endurskoðunar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagnámum, innkaupamálum, mannauðsstjórnun, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og mannréttindaskrifstofa.

Á árinu sem er að líða samþykkti borgarráð tillögur sem hafa kallað á tilflutning verkefna og þar með stöðugilda til miðlægrar stjórnsýslu. Stöðugildi í miðlægrri stjórnsýslu voru 252 talsins hinn 1. janúar 2013 en verða 277 hinn 1. janúar 2014. Stöðugildum fjölga því í miðlægrri stjórnsýslu um 25 en fækkar á móti annars staðar í borgarkerfinu um 23, viðbótarstöðugildi eru því 2.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. *Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara:* Yfirfærð 4 stöðugildi vegna flutnings Atvinnutorgs undir nýja atvinnu-máladeild í samræmi við samþykkt borgarráðs.\*
2. *Skrifstofa þjónustu og reksturs:* Yfirfærð 7 stöðugildi vegna flutnings rekstrar Höfðatorgs og mótuneytis til skrifstofunnar. Þessi tilflutningur er í samræmi við samþykkt borgarráðs um breytingar á miðlægrri stjórnsýslu er tóku gildi 1. september 2012 og komu til framkvæmda snemma árs 2013. Stöðugildin koma frá fyrr-um Framkvæmda- og eignasviði.
3. *Mannréttindaskrifstofa:* Fjölgun um 1 stöðugildi vegna aukinna verkefna. Rúmast innan fjárhagsramma skrifstofunnar.
4. *Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar:* Skrifstofan varð til með samþykktum stjórnkerfisbreytingum er tóku gildi 1. september 2012 og komu til framkvæmda hinn 1. janúar 2013. Skrifstofunni fylgja 12 stöðugildi sem öll flytjast frá fyrrum Framkvæmda- og eignasviði.
5. *Skrifstofa borgarstjórnar:* Fjölgun um 1 stöðugildi vegna ritara umboðsmanns borgarbúa í samræmi við ákvörðun borgarráðs.

Starfsstöðvar miðlægrar stjórnsýslu er að finna í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi.

\* Með atvinnu-máladeild komu 8 stöðugildi frá Atvinnutorgi. Á sama tíma voru felld niður 2 stöðugildi; stöðugildi mannauðsstjóra og stöðugildi borgarhagfræðings. Þá var 1 stöðugildi vegna Rafrænnar Reykjavíkur flutt til skrifstofu þjónustu og reksturs og 1 stöðugildi vegna EGOV4U lagt niður. Stöðugildum á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fjölga því um 4 miðað við árið 2013 vegna tilflutnings á verkefnum og þar með stöðugildum.

## Fjárhagsáætlun 2014

Rekstur á miðlægum skrifstofum 2013 var áætlaður 2.370 mkr. Endurskoðuð áætlun árið 2013 er 2.464 mkr. Endurskoðun fjárhagsáætlunar á árinu 2013 hefur helst verið vegna flutnings atvinnumála frá Atvinnutorgi (85 mkr.) og breytingar á gjaldsskrá UTD (7,2 mkr).

Viðbótarfjármagn til miðlegra skrifstofa í fjárhagsáætlun 2014 helgast helst af eftirfarandi:

- Innri leiga vegna viðbótarhúsnæðis: 6.189 mkr.
- Kostnaðarmat kjarasamninga: 16 mkr.
- Hækkun á innri leigu: 12 mkr.
- Ritari umboðsmanns borgara: 6 mkr.

## Starfsemi Ráðhúss Reykjavíkur

Eftirfarandi skrifstofur heyrja undir Ráðhús Reykjavíkur:

**Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara** ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og hefur yfirumsjón með miðlægrri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Skrifstofan annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaaðila innan- og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks-, lýðræðis- og þróunarverkefnum. Undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heyrja upplýsinga- og vefdeild, mannauðsdeild, tölfræði og greining, borgarskjalasafn, atvinnumáladeild og fjármálastjóri Ráðhúss.

*Upplýsinga- og vefdeild* heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir og ber ábyrgð á vefsvæðum borgarinnar og sér um fréttatilkynningar til fjölmiðla. Þá sér deildin um að svara fjölmiðla-fyrirspurnum þvert á borgarkerfið, heldur utan um móttöku erlendra fjölmiðlamanna og er ráðgefandi varðandi samskipti við fjölmiðla, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir.

*Mannauðsdeild* hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar sem felur í sér eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu, forystu um stefnumótun í mannauðsmálum og ráðgjöf til borgaryfirvalda í þeim efnunum. Auk þess annast deildin mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi og kemur að gerð kjarasamninga.

*Tölfræði og greining* ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga og sinnir álitsgjöf um efnahags- og atvinnumál. Þá leggur deildin fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar og sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum þvert á svið borgarinnar.

*Borgarskjalasafn* mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borginnar, hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra og tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu.

*Atvinnumáladeild* hefur yfirumsjón með atvinnumálum sem snúa að atvinnutengdum úrræðum og vinnumiðlun sérstakra starfa. Deildin framfylgir stefnu borgaryfirvalda í atvinnumálum og er þeim til ráðgjafar. Einnig veitir deildin atvinnuleitendum þjónustu við atvinnuleit og aðstoðar stjórnendum við þátttöku í atvinnuverkefnum.

*Fjármálastjóri Ráðhúss* ber ábyrgð á almennri fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, frávikagreiningu og ráðgjöf innan miðlægrar stjórnsýslu. Fjármálastjóri hefur að markmiði að ávallt séu til staðar áreiðanlegar upplýsingar um rekstur miðlægrar stjórnsýslu sem mæti þörfum borgarráðs og stjórnenda miðlægra skrifstofa.

**Fjármálaskrifstofa** hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkannana. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launaþróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirvar þeirra mála gagnvart viðsejendum og aðilum vinnumarkaðar auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjör- og skuldabréfakerfum og mannauðskerfi borgarinnar.

**Skrifstofa þjónustu og reksturs** hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu, þjónustu í framlínu og upplýsingatæknimálum borgarinnar. Skrifstofa þjónustu og reksturs skiptist í þrjár deildir: þjónustudeild, skjaladeild og upplýsingatæknideild.

*Framlínubjónusta:* Þjónustudeildin er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínubjónustu. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi, ásamt símsvörun, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir flest svið og skrifstofur. Rekstur og þróun Rafrænnar Reykjavíkur heyrir nú undir þjónustudeildina og fer það vel með starfsemi þjónustuversins. Rekstur stjórnarsýsluhúsanna, Ráðhússins, Höfðatorgs, Höfða, ásamt Tjarnargötu 11, sem og mötuneyti Ráðhúss og Höfðatorgs eru í umsjón þjónustudeildarinnar.

*Skjalamál:* Undir skjaldeildina heyra skjalaverið á Höfðatorgi og skjalasafn Ráðhúss. Þessar einingar hafa umsjón með skjalamállum miðlægrar stjórnarsýslu og sviða sem hafa aðsetur á Höfðatorgi. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg.

*Upplýsingatæknimál:* Upplýsingatæknideild hefur yfirumsjón með upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja.

**Mannréttindaskrifstofa** hefur það hlutverk að tryggja að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til.

**Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar** fer með málefni Eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin, ásamt vinnu við fjárstýringu og lánsfjáráætlunargerð í samráði við fjármálaskrifstofu. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin. Skrifstofan ber einnig ábyrgð á gerð viðhaldsáætlunar eignasafns borgarinnar. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að fylgja eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*, og vinna að atvinnuþróun, m.a. með samhæfingu skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og fjárfestinga. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutunir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Hún vinnur með aðilum sem tengjast nýsköpun, þróun og/eða Eignasjóði Reykjavíkurborgar, leiðir verkefni tengd miðborginni og tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu hennar og fjölbreytileika.

**Skrifstofa borgarstjórnar** fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, þ.m.t. lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitingastaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar og skrifstofa umboðsmanns borgarbúa. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu upptaka/umræðna. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna til Reykjavíkurborgar.

**Borgarlögmaður** fer með fyrirvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málf lutningur og önnur réttargæsla og samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarlögmanns ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra og fagsviða og stofnana borgarinnar.

**Innri endurskoðun** er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofan er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun, meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Hún annast innri endurskoðun hjá Aðalsjóði, Eignasjóði og félögum sem borgin á helmingshlut í eða meira og leitast við að leggja mat á og bæta virkni áhættu-stýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum. Meðal annars kemur skrifstofan með ábendingar varðandi innra eftirlit og um aðgerðir sem auka skilvirkni borgarkerfisins.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarráðs og annast hlutverk borgarráðs sem lýtur að innra eftirliti. Í því felst greining og mat á áhættuþáttum og athugun á fyrirkomulagi og virkni eftirlitsaðferða sem eru hluti þess innra eftirlits sem borgarráði ber að koma á fót og viðhalda. Þá hefur endurskoðunarnefnd heildar-sýn yfir endurskoðunarverkefni borgarinnar, bæði ytri og innri endurskoðenda.

Endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar er lögð fyrir endurskoðunarnefnd og borgarráð og byggist á vali og forgangsroðun verkefna á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð endurskoðunaráætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa, æðstu stjórnendur borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

## Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Á árinu 2014 mun skrifstofan leggja áherslu á umbóta- og þróunarverkefni á sviði stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og stuðla að samhæfðu og samræmdu vinnulagi. Verkferlar skrifstofunnar verða skilgreindir auk þess sem unnið verður að auknu samræmi í utanumhaldi um erlent samstarf og alþjóðaverkefni sem borgin tekur þátt í. Þá mun skrifstofan gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd aðgerðaráætlunar til að útrýma kynbundnum launamun.

*Vefþjónusta og upplýsingamál:* Á árinu 2014 verður megináhersla á að viðhalda og efla upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Áfram verður unnið að breytingum á vef borgarinnar reykjavik.is en hann verður færður yfir í Drupal-vefumsjónarkerfið með nýju viðmóti haustið 2013. Haldið verður áfram að efla Facebook-síðu borgarinnar sem er sístækkandi fjölmiðill á vegum hennar. Sérstök áhersla verður lögð á að efla tengsl við öll svið borgarinnar og skrifstofur til að efla þjónustu við borgarkerfið og upplýsingagjöf til borgarbúa.

*Mannauðsmál:* Sýn skrifstofunnar fyrir 2014 er að byggja upp öfluga mannauðsdeild í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsmenn þannig að þeir geti þjónað almenningi og áunnið sér virðingu og traust samfélagsins. Markmiðið er að starfsmenn hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita framúrskarandi þjónustu. Meðal verkefna á árinu 2014 er innleiðing á fræðsluhluta Öskju-mannauðskerfis, vinna við kynhlutlaust hæfnislaunakerfi í samvinnu við kjaradeild, þróun og aðlögun starfsmatskerfisins, bætt móttökuferli nýrra starfsmanna og fræðsluáætlun fyrir starfsmenn Ráðhúss. Áhersla verður lögð á að innleiða öfluga stjórnendapjálfun og verkagsreglur og einnig verða ferlar og stefnumótun í mannauðsmálum tekin til endurskoðunar. Lykilrammi/stöðumælur starfsmannamála verða mótaðir og áætlanir gerðar í samvinnu við sviðin.

Lögð verður áhersla á gerð starfsþróunaráætlana og starfslýsinga og mun deildin styðja við stjórnendur borgarinnar í þeirri vinnu. Þá verður innri vefur borgarinnar tekinn til endurskoðunar. Rík áhersla verður á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðamenningu.

*Tölfræði og hagmál:* Áhersla verður lögð á áframhaldandi vinnu við innleiðingu QlikView-hugbúnaðarins hjá Reykjavíkurborg og gert er ráð fyrir að mælaborð borgarstjóra verði tilbúið á fyrri hluta ársins sem mun gjörbylta tölfræðivinnslu hjá borginni. Jafnframt verða fleiri verkefni, sem tengjast gagnaöflun og gagnamiðlun, áberandi. Meðal nýrra verkefna deildarinnar er árleg úttekt á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg, aðkoma að viðhorfskönnun borgarinnar, undirbúningur að aðgerðaáætlun vegna eflingu græna hagkerfisins auk annarra verkefna. Ný vefsíða hefur verið sett upp fyrir Árbók Reykjavíkur og eru enn talsverð tækifæri í útvíkkun á efnistökmum hennar, enda hafa ýmsir aðilar innan stjórnkerfisins óskað eftir nánara samstarfi og samnýtingu á útfærslunni. Þá verður þátttaka í gerð kjarasamninga fyrirferðarmikil í upphafi ársins 2014.

*Skjalamál:* Áhersla verður lögð á að vinna að langtímavarðveislu rafrænna skjala og gagnakerfa og móta og framkvæma aðgerðaáætlun um skjalamál hjá Reykjavíkurborg. Haldið verður áfram vinnu við yfirferð varðveisluáætlana fyrir borgarstofnanir. Unnið verður með skjalavörðum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áherslan á árinu 2014 verður á skjalamál leikskóla borgarinnar og í framhaldi af því frístundaheimili ef tími gefst til. Þá verður stefnt að því að stytta biðtíma eftir svörum við fyrirspurnum um einstaklingsmál. Stefnt er að átaki með héraðsskjalasöfnum við söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi. Borgarskjalasafn verður 60 ára árið 2014 og er stefnt að hátíðardagskrá í tilefni af því.

*Atvinnumál:* Á meðal verkefna atvinnumála árið 2014 er að móta stefnu í atvinnumálum sem byggð er á niðurstöðum greiningar kynjaðrar fjárhags- og áætlunargerðar, innleiða aðferðafræði *Áhugahvetjandi samtals* í vinnu með atvinnuleitendum og vinna að endurskoðun á atvinnumálum fatlaðra. Jafnframt er fyrirhugað að veita atvinnuleitendum með fjárhagsaðstoð aukna þjónustu.

## Fjármálaskrifstofa

Á sviði fjárhagsáætlunargerðar verða á árinu 2014 skoðaðar leiðir til þess að taka inn aðferðafræði árangursstjórnunar í fjárhagsáætlunarferlið í samræmi við nýjar áherslur í reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar. Unnið verður að áframhaldandi þróun á aðferðum og verklagi við langtímaáætlunargerð, sérstaklega er varðar sviðsmynda- og áhættugreiningar. Enn fremur verður unnið að endurbótum á utanumhaldi á samstæðuáætlun borgarinnar. Á sviði kynjaðrar fjárhagsáætlunar verður áfram unnið að greiningu helstu þjónustupáttar fagsviðanna og samþættingu við hefðbundið fjárhagsáætlunarferli. Þá verður horft til umbóta sem lúta að því að efla aðkomu almennings, þátttökulýðræði, við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Á sviði áhættugreiningar verður lögð áhersla á að útfæra verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, greina og magnfæra fjárhagsleg áhrif innri og ytri þátta á rekstur borgarinnar, skilgreina áhættumæliskvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra.

Á sviði uppgjöra verður unnið áfram við gerð verklagsreglna, verkferlagreininga og leiðbeininga vegna uppgjöra A-hluta og samstæðu og sett í rekstrarhandbók skrifstofunnar. Þá verður lokið við innleiðingu og aðlögun á uppgjörskerfi sem heldur bæði utan um uppgjör A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Á sviði bókhalds verður haldið áfram með umbætur í verkferlum sem margar má rekja til vel heppnaðrar innleiðingar á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að hagræðingu, afstemmingum og einföldun verkferla og innlestri í Agresso frá öðrum kerfum. Stefnt er að enn frekari aukningu á móttöku rafrænna reikninga frá birgjum. Skoðuð verður þörf á uppfærslu Agresso, áhersla lögð á skýrslur og einföldun upplýsinga, námskeið og kennslu á Agresso.

Á sviði fjárstýringar verður unnið áfram að greiningum á endurbótum á fyrirkomulagi innheimtu og valkostum á því fyrirkomulagi með það í huga að auka skilvirkni, fagmennsku og hagkvæmni enn frekar en orðið er. Unnið verður áfram að endurskoðun reglna á sviði lána- og lausafjárstýringar og gert er ráð fyrir að innleiðingu nýs skuldabréfa-kerfis, til að halda utan um lán og kröfur borgarsjóðs, verði lokið fyrir árslok 2013. Þá verður áfram unnið að þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar.

Á sviði innkaupamála verður áfram unnið að undirbúningi innleiðingar rafrænna innkaupa sem verður eitt mikilvægasta umbótaverkefni fjármálaskrifstofu. Áhersla verður einnig lögð á að gera útboðsgögn aðgengileg á vef fyrir bjóðendur.

Á sviði kjaramála verður áhersla lögð á umbætur á launaeftirliti, fræðslu um efni kjarasamninga og vinnurétt, áframhaldandi þróun mannauðskerfis, einkum fræðslukerfis, og innleiðingu rekstrarhandbókar til að halda vel utan um gæðamálin. Þá verður unnið að undirbúningi og gerð kjarasamninga við stéttarfélag Reykjavíkurborgar.

Fjármálaskrifstofa mun leggja áherslu á endurbætur á stjórnendaupplýsingum, samantekt á lykiltölum og þróun mælikvarða fyrir yfirstjórn borgarinnar. Áhersla verður á þarfagreiningar og samhæfðar skilgreiningar, hreinsun gagna og aðgengi að rekstrar- og fjárhagsupplýsingum. Jafnframt verður lögð áhersla á að efla aðgengi almennings að fjárhagslegum upplýsingum um borgina.

## Skrifstofa þjónustu og reksturs

*Framlínubjónusta:* Markmiðið á árinu er að gera Rafræna Reykjavík enn aðgengilegri fyrir íbúana. Stefnt er að enn frekara samráði við fagsvið og skrifstofur borgarinnar um þjónustu við borgarbúa með það að leiðarljósi að ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu í þjónustuveitingu.

*Skjalamál:* Árið 2014 verður áhersla lögð á enn frekara samstarf við svið og skrifstofur, fræðslu um skjalamál, gerð skjalavistunaráætlana ásamt undirbúningi á rafrænni varðveislu skjala.

*Upplýsingatæknimál:* Á árinu 2014 verður megin áhersla lögð á úrbætur í miðlægum tölvukerfum, sem lið í því að bæta virkni upplýsingatæknikerfa er skili sér í bættri þjónustu, og framlínubjónustu með áherslu á grunnskóla borgarinnar. Áfram verður unnið að útfærslu stefnu borgarinnar um „Nýtingu upplýsingatækni 2012-2016“. Öll vinna deildarinnar miðar að því að veita sem besta og öruggasta þjónustu.

## Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofa vinnur eftir starfsáætlun í mannréttindamálum sem mannréttindaráð setur fram ár hvert. Unnið er með tilnefndum mannréttindafulltrúum á sviðum borgarinnar sem hafa það hlutverk að sjá til þess í samráði við stjórnendur að mannréttindastefnu borgarinnar og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 sé framfylgt. Skrifstofan sér um útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál og stendur fyrir kynningum og námskeiðum sama efnis. Einnig sér skrifstofan um fræðslu vegna málefna flóttamanna, hælisleitenda og mansalsfórnlamba. Skrifstofan fylgir eftir aðgerðaráætlun um kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum auk verkefnanna Öryggi í borgum og Evrópusáttmála um jafna stöðu karla og kvenna. Mannréttindaskrifstofa sér um kynningar á mannréttindastefnu borgarinnar fyrir starfsmönnum borgarinnar og borgarbúum öllum. Ráðgjafar sem starfa á Höfðatorgi sjá um ráðgjöf og fræðslu um þjónustu borgarinnar fyrir innflytjendur. Mannréttindaskrifstofa starfar með fjölmenningsráði Reykjavíkurborgar, aðstoðar ráðið við störf sín; tengir kjörna fulltrúa við aðila sem starfa með fjölmenningsarsamfélaginu, skipuleggur fræðslu fyrir ráðið, aflar gagna, sér um þýðingar og samskipti við aðila í borgarkerfinu. Enn fremur sér skrifstofan undirbúning fjölmenningsdags. Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón um ICORN skjólborgarverkefninu og veita gesti verkefnisins þjónustu og ráðgjöf.

## Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Eins og áður verður áhersla á nýframkvæmdir til að auka þjónustu við borgarbúa og efla atvinnulífið í borginni. Framkvæmdir verða að venju fyrir einstök svið borgarinnar auk þess sem skrifstofan fylgir eftir ákvörðunum borgaryfirvalda um þróun byggðar á skipulagsreitum með það að markmiði að hámarka verð umræddra lóða. Helstu byggingarsvæði á næstu misserum verða Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás, í útjaðri borgarinnar, en einnig mun rísa byggð í Skerjafirði og þéttingarreitir eru á slippasvæði og við Keilugranda. Unnið verður áfram að þróun reitsins við Umferðamiðstöðina þar sem rísa mun ný samgöngumiðstöð auk þess sem gert verður ráð fyrir atvinnulóðum og/eða íbúðalóðum.

Við forgangsroðun viðhalds- og endurbótaverkefna verður eins og áður lögð áhersla á mannfrek verk sem ekki skapa borginni aukinn rekstrarkostnað að framkvæmd lokinni. Skrifstofan hefur sett sér stefnu um viðhald eigna er lýsir áherslum í viðhaldi fasteigna og annarra stærri eigna sem heyra undir Eignasjóð Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að ná jafnvægi í viðhaldi eigna á næstu árum en nú er töluverð uppsöfnuð viðhaldsþörf.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar leggur áherslu á þróun sérhæfðra atvinnusvæða samkvæmt því sem ákveðið er með nýju aðalskipulagi og nýrri atvinnustefnu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan vinnur að því, í samstarfi við stjórnvöld og stofnanir, félög, fyrirtæki og einstaklinga, að skapa kjöraðstæður fyrir atvinnufyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, og verður lögð áhersla á að laða til borgarinnar nýsköpunarfyrirtæki, frumkvöðla og þekkingarstarfsmenn auk þess sem stuðlað verður að klasamyndun og þróunarsamstarfi innan atvinnulífsins.

Metanvæðingu bílaflota Reykjavíkurborgar verður haldið áfram en á síðasta ári voru keyptir 40 nýir metanbílur. Einnig verður rafknúnum bílum og vinnutækjum fjölgað.

Skrifstofan leiðir upplýsinga- og samráðshóp borgarstjóra um málefni miðborgarinnar og tekur einnig þátt í samstarfi ýmissa hagsmunaaðila, slökkviliðs, lögreglu o.fl. um verkefni sem miða að því að efla öryggi í miðborginni.

## Skrifstofa borgarstjórnar

Á árinu 2014 er gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum. Stærsta verkefni ársins er án efa undirbúningur, framkvæmd og frágangur borgarstjórnarkosninganna sem fram fara 31. maí nk., en að þeim frátöldum verður unnið áfram að því að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem ætlunin er að halda áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Áfram verður unnið að þróun og vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar.

## Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögræðileg ráðgjöf, álitserðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Borgarlögmaður annast fyrirvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflytning en fjöldi dómsmála er til meðferðar fyrir báðum dómstigum. Sömuleiðis er reiknað með að töluverður tími starfsmanna fari í fyrirvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Mat á bótgrundvelli skaðabóta er á ábyrgð borgarlögmanns og jafnframt uppgjör bótagreiðslna. Borgarlögmaður gefur álit á bótaskyldu um tjón sem tryggð eru með samningum við tryggingafélög auk þess að gera upp slysabætur á grundvelli kjarasamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar eða utan samninga. Vinna við afgreiðslu bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg er stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi borgarlögmanns.

## Innri endurskoðun

Á árinu 2014 verður lögð áhersla á að skoða hvernig ábendingum í fyrri úttektum hefur verið fylgt eftir sem og ábendingum ytri aðila svo sem úttektarnefndar borgarstjórnar. Gerð verður úttekt á sameiningum innan skóla- og frístundasviðs sem borgarstjórn samþykkti vorið 2011. Lögð verður áhersla á áframhaldandi þekkingaruppbyggingu á sviði áhættustýringar og leiða leitað til að greina mögulegar misferlisáhættur í rekstri borgarinnar. Áfram eru fyrirhugaðar úttektir sem snúa að upplýsingaöryggismálum. Þá verður tekið saman í skýrslu til borgarstjórnar heildarmat á eftirlitsumhverfi borgarinnar þar sem farið verður yfir stöðu stjórnarháttá, áhættustýringar og innra eftirlits.



## Lykiltölur

	2011	2012	2013	Áætlun 2014
<b>Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara</b>				
Stjórnsýsluerindi	1.885	1.372	960 <sup>1</sup>	1.500
Par af til borgarráðs	483	352	144 <sup>1</sup>	350
Móttökur	44	120	95 <sup>1</sup>	140
Fréttatilkynningar	138	458	436 <sup>2</sup>	600
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	103	67	90 <sup>2</sup>	80
Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjólum	233	314	250 <sup>3</sup>	250
Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspurna	1.633	1724	1776 <sup>3</sup>	1750
Vefur - vikulegt innlit	44.948	44.059	46.001 <sup>2</sup>	55.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	199.850	206.213	212.413 <sup>2</sup>	300.000
<b>Skrifstofa þjónustu og rekstrar</b>				
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma	76%	67,1%	70% <sup>1</sup>	72%
IP símtæki	2.200	2.400	2.500 <sup>1</sup>	2.600
Þjónustuver – fjöldi símtala	204.212	187.977	186.350 <sup>1</sup>	185.900
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsókna	46.369	50.286	49.800 <sup>1</sup>	49.800
Netspjall		3.262	3.900 <sup>1</sup>	4.100
Rafræn Reykjavík - fjöldi umsókna	24.114	25.166	23.923 <sup>1</sup>	30.000
Rafræn Reykjavík - fjöldi notenda	37.266	40.744	44.325 <sup>1</sup>	47.000
<b>Borgarlögmaður</b>				
<b>Dómsmál</b>				
Lokið	68	86	103 <sup>4</sup>	
Í rekstri	37	42	23 <sup>4</sup>	
Samtals	105	128	126 <sup>4</sup>	
Par af fyrir Velferðarsvið	45	46	64 <sup>4</sup>	
<b>Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum</b>				
Innkomin	65	67	103 <sup>4</sup>	
Í vinnslu	43 <sup>5</sup>	75 <sup>5</sup>	80 <sup>5</sup>	
Fullnaðaruppgjör bóta	31	43	38 <sup>4</sup>	
Samtals greiddar bætur, kr.	23.591.415	40.833.047	33.930.507 <sup>4</sup>	

1) Miðað við 19. september 2013.

2) Miðað við 24. september 2013.

3) Útkomuspá 2013.

4) Viðmiðunartímabil 1. september. 2012-30. ágúst 2013.

5) Lokauppgjör geta dregist milli ára, vegna úrvinnslu gagna s.s. matsgerða.

# SKRIFSTOFA EIGNA OG ATVINNUPRÓUNAR



## Leiðarljós

*Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar - og með hag allra borgarbúa í huga.*


## Fjárhagsáætlun 2014

Rekstur (Fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2014
Rekstrartekjur	16.225.949
Söluhagnaður eigna og lóða	1.600.000
<b>Samtals tekjur:</b>	<b>17.825.949</b>
Laun og launatengd gjöld	115.409
Annar rekstrarkostnaður	2.546.599
Afskriftir	3.750.428
<b>Samtals gjöld:</b>	<b>6.412.436</b>
Fjármunatekjur/(gjöld)	-4.914.205
<b>Rekstrarniðurstaða:</b>	<b>6.499.308</b>

Starfsfólk	2014
Fjöldi starfsfólks	12
Fjöldi stöðugilda	11,9

## Skipurit

Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja meginéininga og tveggja stöðeininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.



Skrifstofustjóri SEA er Hrólfur Jónsson.

## Hlutverk

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir gildandi stefnum um skipulag, þróun atvinnusvæða og atvinnuuppbyggingu sem hluta af heildstæðri og sjálfbærri borgarþróun. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvæðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Þótt verkefni séu mörg og sum umfangsmikil er aðeins gert ráð fyrir 12-13 starfsmönnum. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er á hverju sinni.

- SEA fer með málefni Eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaráætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingarverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).
- SEA kemur til með að hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða Eignasjóði Reykjavíkurborgar.
- SEA leiðir sérstök verkefni tengd miðborginni, tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar í samstarfi við aðila verslunar og þjónustu, veitingafólk og aðra hagsmunaaðila. SEA mun vinna að því að efla öryggi miðborgarinnar í samstarfi við lögreglu, slökkvilið og önnur svið borgarinnar. Borgarstjóri hefur skipað sérstakan miðborgarhóp sem SEA leiðir.
- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.



## Helstu fjárhagslegar breytingar milli ára

Þrátt fyrir að Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar yrði til við skipulagsbreytingar í stjórnslu Reykjavíkurborgar haustið 2012 á grundvelli samþykktar borgarráðs 1. september 2012 var ekki tekið mið af því við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 heldur var SEA hluti af Framkvæmda- og eignasviði. Í apríl s.l. var lögð fram ný fjárhagsáætlun þar sem áætlun Framkvæmda- og eignasviðs var skipt upp á milli Umhverfis og skipulagssvið annars vegar og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hins vegar.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar er alfarið rekin í Eignasjóði Reykjavíkurborgar.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2014 var enn hnykkt á verkaskiptingu milli sviðanna til samræmis við ákvæði í þjónustusamningi.

## Fjárfestinga og framkvæmdaáætlun 2014

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2014 gerir ráð fyrir að ríflega 6,8 milljörðum króna verði varið til fjárfestinga. Það er um 200 mkr hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2013.

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 70% með eigin fé og 30% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu framkvæmdir sem áætlaðar eru árið 2014.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2014
Byggingaframkvæmdir	3.560.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	2.765.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	265.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	700.000
Sérstök átaksverkefni	1.075.000
<b>Fjárfestingar samtals:</b>	<b>8.365.000</b>
Gatnagerðargjöld	1.100.000
<b>Fjárfestingar nettó:</b>	<b>7.265.000</b>



## Helstu byggingaframkvæmdir 2014

<b>Menningar- og ferðamálasvið</b>	
Árbæjarsafn	Ný geymslubygging
Stofnanir MOF	Ýmsar nýframkvæmdir og endurbætur
<b>Skóla- og frístundasvið</b>	
Leik- og grunnskóli við Úlfarsbraut	Nýbygging
Klettaskóli	Viðbygging
Fimm nýjar færarlegar kennslustofur	Nýsmíði
Endurbygging skólalóða, boltagerði	Framkvæmdir samkvæmt forgangsröðun
Endurbygging leikskólalóða, öryggismál	Endurgerð og lagfæringar
Framlög til framhaldsskóla	Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í stofnframkvæmdum
<b>Íþrótt- og tómstundasvið</b>	
Úlfarsárdalur, íþróttasvæði Fram	Æfingavellir
Sundhöll Reykjavíkur	Útlaug
Fjölskyldu- og húsdýragarður Laugardal	Nýframkvæmdir og endurbætur á eldra
Íþróttahús og sundlaug Úlfarsárdal	Nýframkvæmdir
<b>Velferðarsvið</b>	
Spöngin 43	Bygging félagsmiðstöðvar
Gistiskýli	Standsetning húsnæðis
<b>Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni</b>	
Leikvellir, torg og opin svæði	Ýmsar framkvæmdir í eldri hverfum
Meiriháttar viðhaldsverkefni fasteigna	Ýmis verkefni
Betri hverfi	Í samvinnu við íbúa og hverfaráð

## Helstu gatna- og umhverfisframkvæmdir 2014

<b>Þjóðvegir og aðrar umferðargötur</b>	
Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni	Samstarf við Vegagerðin
Forgangur Strætó og úrbætur	Forgangsreinar / biðstöðvar
<b>Nýbyggingarhverfi</b>	
Göngleiðir, ræktun og frágangur	Stofnframkvæmdir í eldri hverfum
Þétting byggðar	Þétting byggðar í eldri hverfum
Lambhagavegur	Stofnframkvæmd
Úlfarsárdalur	Gatnagerð og umhverfisframkvæmd
<b>Miðborgin</b>	
Hverfisgata	Endurgerð
Frakkastígur	Endurgerð, 2. áfangi
Pósthússtræti	Endurgerð
<b>Umhverfis- og aðgengismál</b>	
Gönguleiðir í eldri hverfum, endurnýjun	Endurnýjun göngu- og hjólastíga í eldri borgarhverfum
Gönguleiðir skólabarna og aldraðra	Endurbætur m.t.t. Aðgengis- og öryggismála
Göngu- og hjólastígar. Hjólreiðaáætlun o.fl.	Breikkun og/eða nýir stígar eftir aðstæðum
Breiðholtsbraut við Norðlingabraut, göngubrú	Samstarf við Vegagerðina
Hofsvallagata	Endurgerð
<b>Umferðaröryggismál</b>	
Hraðahindrandi aðgerðir, vástaðir	Úrbætur m.t.t. umferðaröryggis

## Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
<b>Lóðaúthlutun</b>					
Úthlutun og sala byggingaréttar 1)	-27 íbúðir	-10 íbúðir	5 íbúðir	92 íbúðir	192 íbúðir
Eftir húsgerðum;					
Einbýli	-7 íbúðir	1 íbúð	3 íbúðir	7 íbúðir	5 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	-2 íbúðir	-11 íbúðir	2 íbúðir	18 íbúðir	11 íbúðir
Fjölbýlishús	-18 íbúðir	0	0	67 íbúðir	176 íbúðir
<b>Eignarekstur</b>					
Fjöldi fasteigna í rekstri	339	342	344	345	345
Flatarmál fasteigna í rekstri	498.952 m <sup>2</sup>	501.682 m <sup>2</sup>	518.452 m <sup>2</sup>	525.103 m <sup>2</sup>	526.200 m <sup>2</sup>
Fjöldi bifreiða í eigu Eignasjóðs	0	69	71	126	130
Fjöldi vinnuvéla í eigu Eignasjóðs	0	0	7	7	8

1) Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2013 miðast við 22 október 2013.

## Leiðarljós

Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum .

## Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur	819.210	836.819	854.858	873.340	892.276
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>819.210</b>	<b>836.819</b>	<b>854.858</b>	<b>873.340</b>	<b>892.276</b>
Laun og launatengd gjöld	219.132	223.733	228.432	233.229	238.127
Annar rekstrarkostnaður	378.587	387.776	397.776	406.851	416.747
Afskriftir	63.060	78.560	94.560	106.560	73.354
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>660.779</b>	<b>690.069</b>	<b>720.188</b>	<b>745.640</b>	<b>728.228</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>150</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>158.581</b>	<b>146.850</b>	<b>134.770</b>	<b>127.800</b>	<b>164.048</b>

## Megináherslur 2014 og helstu breytingar milli ára

Megináherslur árið 2014 eru frekari útvíkkun gjaldsvæða. Má þar nefna norðan Hverfisgötu, Borgartún og nágrenni og í Þingholtunum. Lítið hefur dregið úr fjölda stöðvunarbrotagjalda og því hefur verið samþykkt hækkun stöðvunarbrotagjalda með það að markmiðið að draga úr fjölda gjaldanna, sérstaklega vegna bílastæða hreyfihamlaðra þar sem gjöldum er að fjölga þrátt fyrir að gjaldið sé nú 10.000 kr. Þá er stefnan sett á að bæta enn frekar upplýsingakerfi sjóðsins og ráðast í gerð á appi fyrir stöðuverði til notkunar við álagningu stöðvunarbrotagjalda og auka þjónustu við viðskiptavinum bílahúsa, þannig þeir geti, hvort heldur í snjallsíma eða í tölvu séð hvar eru laus bílastæði í bílahúsum á rauntíma. Þá mun árið meðal annars einkennast af stefnumótunarvinnu í kjölfar nýrrar eigendastefnu Bílastæðasjóðs þar sem tekin eru fyrir málefni er varða meðal annars gjaldskyld svæði, fjölgun gjaldskyldra bílastæða og þjónustu við viðskiptavinum .

## Megináherslur 2014-2017 Framtíðarsýn

Áfram verður útvíkkun gjaldskyldra svæða til skoðunar sem og endurskoðun á gjaldskrá, en nauðsynlegt er að fara í slíka vinnu a.m.k. annað hvert ár til að koma í veg fyrir að grípa þurfi til tugi eða hundruð prósentu hækkunar ef of langt líður á milli. Þá er líklegt að uppbygging við Hörpu haldi áfram að hluta á þessum árum en Bílastæðasjóður á stæði í bílahúsinu þar og er skuldbundinn til að koma enn frekar að verkinu.

## Fjárfestingar

Bílastæðasjóður hyggst kaupa fleiri miðamæla næstu árin, bæði fyrir ný svæði sem og til að skipta út fyrir gamla mæla auk þess sem frekar verður bætt í upplýsingakerfi, m.a. app smíðað fyrir stöðuverði og aukin þjónustu við viðskiptavinum bílahúsa, þannig þeir geti séð hvar eru laus stæði á rauntíma.

## Fjárförf

Bílastæðasjóður er skuldlaus og er ekki fjárförf til staðar nema til komi frekari uppbygging bílahúsa.





## SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

**Styrkir og ýmis framlög** eru áætluð 444 mkr. Þar af eru 335 mkr vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 30 mkr, styrkur til Kirkjubyggingasjóðs 11,7 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur 67,4 mkr.

**Framlög til atvinnumála** eru áætluð 345 mkr. Þar af eru áætlaðar 320 mkr til atvinnuátaks með það að markmiði að gefa atvinnuleitendum ný tækifæri á vinnumarkaði, fyrirbyggja félagslegar afleiðingar atvinnuleysis og draga úr útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar. Áætlaðar eru 25 mkr til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

**Rekstur miðlægra bókhalds og launakerfa** er áætlaður 116,6 mkr.

**Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá.** Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 341 mkr. Innheimtukostnaður staðgreiðslu er áætlaður 286 mkr. Útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðist til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 55 mkr. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 125,4 mkr en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og eru 1% af tekjum af fasteignasköttum.

**Starfsmannakostnaður.** Undir liðinn starfsmannakostnaður eru færð áætluð útgjöld vegna breytinga á kjara-samningum. Miðað er við að útgjöld vegna þessa verði ekki hærri en sem nemur 3% af launakostnaði eða 1.326 mkr. Slysabætur eru áætlaðar 47 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 40 mkr.

**Kosningar.** Gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmd borgarstjórnarkosninga vorið 2014 verði 65 mkr.

**Breyting lífeyrisskuldbindinga.** Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.564 mkr árið 2014. Áætlunin tekur mið af forsendum um hækkun launavísitölu þar sem varfærnisjórnarmið eru höfð að leiðarljósi, en gert er ráð fyrir að 1% hækkun launa hækki lífeyrisskuldbindinguna um 440 mkr. Auk þess er gert ráð fyrir lítilsháttar magnbreytingum. Ekki er gert ráð fyrir teljandi áhrifum af breytingum á eignum sjóðsins. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar undir forsendum fjárhagsáætlunar.

**Ýmis kostnaður** fyrir utan liðinn ófyrirséð er áætlaður 449 mkr, þar af er hluti af leigu Ráðhúss og innri leigu tækja og áhalda 269 mkr. Gert er ráð fyrir 30 mkr til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 31 mkr til reksturs Höfða og 18 mkr til Úlfjótsskála. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 mkr og 12 mkr við endurskoðunarnefnd.

Tekið hefur verið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 575 mkr sem eru til þess að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála.

# FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 928 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlagið verði 729,3 mkr eða 79,5 mkr hærra en árið 2013 sem er hækkun um 12,2%. Framlag í fjárfestingasjóð er áætlað 50,1 mkr og hækkar um 18,6 mkr frá árinu 2013. Auk þess er áætlað stofnframlag vegna bygginga á nýrri slökkvistöð við Skarhólbraut 148,6 mkr.

Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1.251 mkr, þar af 6,6 mkr til Almanna- og tekjur frá ríkinu vegna sjúkraflutninga nemi 786 mkr. Áætlunin miðar við að ríkið greiði í samræmi við samninga sem gerðir voru á milli aðila snemma árs 2013 um að ríkið greiddi 708 mkr hlutdeild í rekstrar-kostnaði Slökkviliðsins vegna þjónustu við sjúkraflutninga m.v. vísitölu janúar 2013. Samningar við ríkið vegna sjúkraflutninga hafa nú verið lausir í tæp tvö ár, eða frá því um áramótin 2011/12 en mat fagaðila er að mikið skorti á að ríkið greiði eðlilegan hlut í rekstri Slökkviliðsins vegna þjónustu við sjúkraflutninga. Það liggur fyrir samkomulagsgrundvöllur milli Velferðarráðuneytis og SHS um að ríkið axli í áföngum hlutdeild í kostnaði í samræmi við mat fagaðila. Drög að samningi hafa ekki verið staðfest af Fjármálaráðuneytinu og greiðslur samkvæmt honum ekki efndar vegna árána 2012 og 2013. Málið er því í uppnámi og óvíst um niðurstöður þess, en áætlun SHS miðast við að samkomulagsgrundvöllurinn haldi.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins, en hún miðar við að ríkið efni samninginn frá því í janúar sl. Rekstrarframlag miðar við samantekið framlag til Slökkviliðsins og Almanna- og tekjur.

<i>Fjárhæðir í mkr.</i>	<b>Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda</b>	<b>Rekstarframlag SHS og AHS</b>	<b>Framlag í fjárfestingasjóð</b>	<b>Stofnframlag vegna byggingaframkvæmda</b>	<b>Samtals framlög til SHS</b>
<b>Samtals framlög eigenda</b>		<b>1.251,0</b>	<b>86,0</b>	<b>255,0</b>	<b>1.592,0</b>
Reykjavík	58,29%	729,3	50,1	148,6	928,0
Kópavogur	15,44%	193,1	13,3	39,4	245,8
Hafnarfjörður	13,04%	163,1	11,2,	33,3	207,6
Garðabær	6,76%	84,6	5,8	17,2	107,6
Mosfellsbær	4,36%	54,5	3,7	11,1	69,4
Seltjarnarnes	2,11%	26,4	1,8	5,4	33,6

Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2014 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

**Strætó bs.**

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 1.846 mkr, sem skiptast annars vegar í rekstrarframlag 1.689 mkr og hins vegar í framlög vegna nemafargjalda 158 mkr. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlög til Strætó hækki um 90 mkr m.v. áætlun Reykjavíkurborgar 2013 eða um 5,7%. Framlög vegna nemafargjalda standa hins vegar í stað.

Fjárhagsáætlun Strætó miðar við að heildartekjur verði um 5.290 mkr. Þar af nemi framlög eigenda 2.871 mkr, sem skiptast í rekstrarframlög 2.626 mkr og framlög til niðurgreiðslu á nemafargjöldum 245 mkr. Strætó gerir ráð fyrir að rekstrarframlögin hækki um 4,8% eða í samræmi við sk. Strætó-vísitölu m.v. apríl spá Hagstofu Íslands og að við bætist 30 mkr framlag vegna aukins aksturs á sunnudögum. Áætlað er að tekjur af fargjöldum nemi 1.457 mkr og aukist um tæp 14% m.v. áætlun 2013. Gert er ráð fyrir að framlag frá ríkinu nemi 956 mkr og aukist í samræmi við vísitölu neysluverðs. Þess ber að geta að samningur Vegagerðarinnar f.h. innanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerir ráð fyrir að framlög verðbætist í samræmi við Strætó-vísitölu sem og framlög aðildarsveitarfélaga. Þá er bent á að frumvarp að fjárlögum er ekki að endurspeglar þennan samning og gerir aðeins ráð fyrir 914 mkr og að hlutur Strætó verði 90% af því eða 822 mkr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptireglu sem tilgreind er í eigendasamkomu-lagi. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó og hlutdeild Reykjavíkurborgar:

<i>Fjárhæðir í mkr.</i>	<b>Hlutfallsleg skipting</b>	<b>Heildarframlag</b>	<b>Rekstrarframlag</b>	<b>Nemaframlög</b>
<b>Samtals</b>		<b>2.871</b>	<b>2.626</b>	<b>245</b>
Reykjavík	64,3%	1.846	1.689	158
Kópavogur	13,4%	385	352	33
Hafnarfjörður	9,6%	276	252	24
Garðabær	6,3%	180	165	15
Mosfellsbær	4,6%	132	121	11
Seltjarnarnes	1,8%	52	47	4

Ekki er gert ráð fyrir stofnframlögum eigenda til Strætó, en að rými sé til fjárfestinga í vögnum af framlagi ríkisins og handbæru fé sem er sterkt.

Nánari útlitun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2014 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

# NÝ UPPLÝSINGAKERFI 2013

## Þróun upplýsingakerfa Reykjavíkurborgar 2014

### Fjármálaskrifstofa

Undirbúin verður opnun fjármálagagnagáttar til að auka aðgengi íbúa að fjármálaupplýsingum hjá borginni. Stefnt er að vali og innleiðingu nýs launa- og mannauðskerfis hjá borginni með það að markmiði að lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta upplýsingagjöf. Farið verður í innleiðingu á 1. áfanga innkaupakerfis fyrir borgina ásamt rafrænni birtingu útboðsgagna og rafrænu útboðsferli. Innleiðing rafrænna reikninga heldur áfram á árinu og er gert ráð fyrir stórrri uppfærslu á Agresso fjárhagskerfinu.

*Áætluð fjárförf er samtals 44 mkr.*

### Skrifstofa þjónustu og reksturs

Átaki í uppbyggingu þráðlausra neta hjá borginni og fyrir almenning verður haldið áfram. Áframhaldandi uppbygging rafrænnar íbúagáttar og rafrænum samskiptum við borgara. Stefnt verður að vali og innleiðingu á SAM (Software Asset Management) kerfi og gjaldskrártalningarbúnaði o.fl.

*Áætluð fjárförf er samtals 10 mkr.*

### Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Vefir borgarinnar verða færðir í opið (Open Source) vefumsjónarkerfi og aðlagðir að snjalltækjum. Hafist verður handa við skipulagða skráningu mynda í miðlægum ljósmyndagrunni borgarinnar og vefir tengdir við það kerfi. Samráðsvefurinn Betri Reykjavík verður þróaður áfram með átaksvirkni og betra upplýsingaflæði og jafnframt verður öryggi íbúakosningahlutans Betri hverfa aukið í samræmi við niðurstöður úttektar. Haldið verður áfram skilgreiningu stjórnendaupplýsinga og lykiltalna fyrir helstu markhópa ásamt innleiðingu QlikView hjá fleiri sviðum borgarinnar. Hafinn verður undirbúningur langtímavarðveislu gagna skv. reglum um vörsluútgáfu rafrænna gagna.

*Áætluð fjárförf er samtals 35 mkr.*

### Skrifstofa borgarstjórnar

Ferli við upptöku og útsendingu í borgarstjórn einfaldað og gert hagkvæmara. Fundaumsjónarkerfi innleitt í borgarstjórn og stefnt að rafrænum, pappírslausum og öruggum fundum borgarráðs og borgarstjórnar. Stefnt er að spjaldtölvuvæðingu borgarráðs á árinu.

*Áætluð fjárförf er samtals 6 mkr.*

### Íþrótt- og tómstundasvið

Settur verði upp gagnvirkur upplýsinga- og skráningarvefur fyrir allt húsnæði sem félög og almenningur hefur aðgang að til frístundastarfsemi með það að markmiði að bæta nýtingu fjármuna og auka gegnsæi í rekstri með betri yfirsýn yfir nýtingu húsnæðis til frístundastarfsemi.

*Áætluð fjárförf er samtals 5 mkr.*

### **Skóla- og frístundasvið**

Innleitt verður kerfi sem styður við samþykktan þjónustustaðal um hollan og næringarútreiknaðan mat fyrir grunn- og leikskólabörn í Reykjavík. Þróað verður skilvirkara og hagkvæmara kerfi fyrir frístundaheimili sem gefur aukna yfirsýn og betri nýtingu starfsfólks. Haldið verður áfram þróun skráningarkerfis fyrir leikskóla borgarinnar sem tekið var í notkun á árinu 2010 en kerfið hefur skilað skýrum ávinningi í betri innheimtu.

*Áætluð fjárförf er 20 mkr.*

### **Velferðarsvið**

Meðal brýnustu verkefna er áframhaldandi þróun málaskrár m.t.t. laga um málefni fatlaðs fólks. Einnig aukið innbyggt eftirlit í málaskrá við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar.

*Áætluð fjárförf er samtals 20 mkr.*

### **Umhverfis- og skipulagssvið**

Framsetningu uppdráttar og gagna á vef er að mestu lokið og verður í framhaldinu hafinn undirbúningur á rafvæðingu ferils við umsóknir byggingarleyfa. Þróað verður smáforrit, „app“ til að gera íbúum kleyft að nota snjalltæki og síma til að senda inn ábendingar með myndum og nákvæmum staðsetningum á korti.

*Áætluð fjárförf er 5 mkr.*

### **Niðurstaða**

Áætlun fyrir ný upplýsingakerfi 2014 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar.

*Áætluð fjárförf er samtals 150 mkr. en þar af er gert ráð fyrir 5 mkr. í ófyrirséð verkefni.*



B–hluta fyrirtæki





# FAXAFLÓAHAFNIR SF.

## Leiðarljós

Að tryggja fullnægjandi hafnaraðstöðu á starfssvæði Faxaflóahafna sf. og athafnasvæði fyrir nauðsynlega starfsemi þannig að Faxaflóahafnir sf. verði ávallt í forystu varðandi flutninga, löndun á fiski, mót-töku farþegaskipa og þjónustu við útgerðir og fyrirtæki. Öflug hafnasvæði eru lykill að þróun efnahags- og atvinnulífs.

## Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.827.870
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.827.870</b>
Laun og launatengd gjöld	692.000
Annar rekstrarkostnaður	958.502
Afskriftir	810.000
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.460.502</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>-90.572</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>276.796</b>

## Megináherslur 2014 og helstu breytingar milli ára

Umfang rekstrar og verkefni eru með hefðbundnum hætti á milli ára. Framkvæmdir eru í samræmi við langtíma-áætlun hafnarinnar. Meginverkefni ársins 2014 eru: Umhverfisbætur í Gömlu höfninni, lokaáfangi lengingar Skarfabakka og lenging Tangabakka um 120 metra, niðurrekstur stálpils og bakkagerð. Aukin áhersla lögð á sér-greind viðhaldsverkefni.

## Framtíðarsýn

Faxaflóahafnir sf. eru leiðandi fyrirtæki á Íslandi í rekstri hafna og þróun lóða og atvinnusvæða. Mikilvægi þeirra hafnasvæða sem fyrirtækið á og rekur kemur m.a. fram í langtíma samgönguáætlun Alþingis. Fyrirtækið hefur verið sjálfbært varðandi rekstur og framkvæmdir og mikilvægast er að Faxaflóahafnir sf. haldi þeirri stöðu sinni um leið og áfram verði þróuð aðstaða á sjó og landi sem skapar tækifæri til uppbyggingar atvinnu- og efnahagslífs á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar.

## Fjárfestingar

Stærstu verkefni ársins eru lenging Tangabakka á Grundartanga og tilheyrandi verk og lokaáfangi lengingar Skarfabakka í Sundahöfn. Samtals er áætlað að verja til þessara verkefna um 390,0 mkr. Þá er innrétting 2. hæðar Bakkaskemmu veigamikil verkefni sem væntanlega lýkur á árinu 2014. Áfram verður haldið með umhverfisfrágang við Vesturbugt og lokið við gerð timburvirkis við Sjóminjasafnið, sem tengja mun Verbúðarbryggjuna við timburmannvirki við innagang Sjóminjasafnsins. Áfram verður haldið við undirbúning hafnarbakka-gerðar utan Klepps en það verður meginverkefni fyrirtækisins á árunum 2015 – 2018.

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að skiptingu fjármuna til verkefna með eftirfarandi hætti:

Gamla höfnin	215 m.kr.
Sundahöfn	320 m.kr.
Grundartangi	345 m.kr.
Akranes	15 m.kr.
Borgarnes	8 m.kr.
Tæki og áhöld	30 m.kr.
<b>Alls</b>	<b>933 m.kr.</b>

## Fjárförð

Rekstur og framkvæmdir eru fjármagnaðar af reglulegum tekjum og tekjum af úthlutun lóða án lántaka.

# FÉLAGSBÚSTAÐIR HF

## Meginforsendur

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2013-2018 samkvæmt gangvirðisuppgjöri í samræmi við framsetningu á ársuppgjörum félagsins frá árinu 2003.

Forsendur áætlunarinnar varðandi þróun neysluverðs til verðtryggingar eru samkvæmt forsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar 2,6% innan árs vegna lána og fjármagnskostnaðar fyrir árið 2013 og 5% fyrir árið 2014 og 3% fyrir tímabilið 2015-2018. Þróun neysluverðs milli ára vegna rekstrar verði 3,5% árið 2013 og 3% 2014 og 2,5% fyrir tímabilið 2015-2018 miðað við forsendur þjóðhagsspár. Gert er ráð fyrir að nafnverð eignasafns Félagsbústaða hækki um 3,5% á yfirstandandi ári og 4,5% á árinu 2014 og fylgi þjóðhagsspá út tímabilið til 2018.

## Kaup og sala íbúða

Í árslok 2012 áttu Félagsbústaðir samtals 2212 íbúðir. Á yfirstandandi ári er áætlað að fjölga íbúðum félagsins um 5 sem er langt undir ráðgerðum kaupum fyrir árið sem skýrist af takmörkuðu framboði á litlum íbúðum á markaði í borginni. Í áætluninni fyrir tímabilið 2014-2018 er gert ráð fyrir að kaupa 30 litlar íbúðir á ári út tímabilið, eða samtals 150 íbúðir en um 430 umsækjendur á biðlista Velferðarsviðs eftir félagslegu leiguhúsnæði sem skilgreindir hafa verið í brýnni þörf eru að biða eftir litlum íbúðum, 1-2ja. herbergja að stærð.

Skortur á leiguhúsnæði kemur vel fram í greiningu Þjóðskrár Íslands á leigumarkaði. Þar kemur fram að hækkun á leiguverði íbúða í Reykjavík er langt umfram verðlagshækkunir á síðustu misserum. Hjá Félagsbústöðum er þessi skortur áberandi en tilraunir félagsins til þess að fjölga litlum íbúðum bera lítinn árangur þar sem framboð er mjög takmarkað eins og raun ber vitni.

Reykjavíkurborg er í samvinnu við Félagsbústaði að vinna að metnaðarfullri áætlun um fjölgun lítilla íbúða á skilgreindum þéttingarreitum víðsvegar í borgarlandinu á næstu árum til þess að mæta vaxandi þörf sem skapast hefur á undanförunum árum eftir slíkum íbúðum. Áætlunin er langt á veg komin og standa vonir til að hún verði kynnt formlega í október n.k. og mun fjárhagsáætlun Félagsbústaða því taka breytingum samkvæmt því. Ráðgert hafði verið að halda áfram fækkun íbúða í Fellahverfi með sölu á 14 4ra.herbergja íbúðum í Unufelli en fallið var frá því vegna andstöðu Velferðarsviðs borgarinnar

## Rekstur

### 2013

Leigutekjur Félagsbústaða taka breytingum ársfjórðungslega samkvæmt vísitölu til verðtryggingar sem hækkaði um 4,3% á árinu (okt-okt). Gert er ráð fyrir að leigutekjur Félagsbústaða nemi 2.959 millj.kr. á yfirstandandi ári sem er 6% hækkun frá fyrra ári sem skýrist að mestu af betri nýtingu íbúða í útleigu.

Rekstrargjöld eru áætluð 1.487 millj.kr., sem er 7% aukning frá árinu á undan og áætlaður rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað og matsbreytingu eigna á árinu 2013 því 1.472 millj.kr. sem er um 4% aukning frá fyrra ári.

Áætluð afkoma rekstrar fyrir verðbætur lána og matsbreytingu eigna á árinu 2013 nemur 489 millj.kr., en var 396 millj.kr. 2012, sem er 23% bætt afkoma frá fyrra ári.

Áætluð verðbreyting lána á yfirstandandi ári lækkar um 40% milli ára vegna forsendna áætlunarinnar um lægri verðlagsbreytingar á árinu 2013. Matsbreyting fjárfestingaeigna að frádreginni eignfærslu langtímakostnaðar er áætluð 1.160 millj.kr. sem er um 60% lækkun frá fyrra ári. Áætlaður hagnaður ársins 2013 er því 936 millj.kr. en var 2.266 millj.kr. árið á undan.

### 2014

Leigutekjur ársins 2014 eru áætlaðar 3.128 millj.kr. sem er 6% aukning frá fyrra ári, eða 1% umfram áætlaða verðlagshækkun ársins. Áætluð rekstrargjöld hækka um 6% frá árinu 2013 en vaxtagjöld lækka hinsvegar um 5% sem rekja má til endurfjármögnunar lána á árinu 2013. Afkoma fyrir verðbætur lána og matsbreytingu eigna er áætluð 549 millj.kr. eða um 18% leigutekna sem er svipað hlutfall frá fyrra ári.

Áætlaðar verðbætur hækka um 97% sem skýrist af nær tvöfalt hærri forsendum um verðlag frá árinu á undan. Að teknu tilliti til 4,5% matsbreytingar fjárfestingaeigna að fjárhæð 1.698 millj.kr. nemur áætlaður hagnaður af rekstri Félagsbústaða 838 millj.kr. á árinu 2014.

### 2015-2018

Gert er ráð fyrir að rekstur Félagsbústaða þróist með svipuðum hætti árin 2015-2018 enda forsendur þær sömu yfir tímabilið varðandi árlega 30 íbúða fjölgun. Afkoma rekstrar fyrir verðbreytingu lána og matsbreytingu eigna er að meðaltali um 640 millj.kr. sem er um 18% af leigutekjum.

Áætlaður árlegur hagnaður tímabilsins 2015-2018 nemur að meðaltali um 2.000 millj.kr.

## Efnahagur

### 2013

Áætlaðar heildareignir Félagsbústaða í árslok 2013 nema 41,5 milljörðum kr. og eigið fé tæpir 12 milljarðar kr., eða 28,9% heildareigna en var 27,6% í árslok 2012.

### 2014

Gert er ráð fyrir að heildareignir í árslok 2014 nemi 43,9 millj.kr. og eigið fé 12,9 milljörðum kr., eða 29,3% eiginfjárlutfall.

### 2015-2018

Gert er ráð fyrir að heildareignir félagsins á tímabilinu 2015-2018 hækki í 56 milljarða í árslok 2018 og eiginfjárlutfall verði 37,6% í lok tímabilsins.

## Hlutfjármagn

Í áætluninni er gert ráð fyrir að árlegt hlutfjárframlag Reykjavíkurborgar vegna fjölgunar íbúða sem verið hefur óbreytt 45 millj.kr. frá árinu 2004 taki breytingum frá árinu 2014 og nemi 10% af kostnaðarverði keypra íbúða að frádregnu söluvirði seldra íbúða.

Eins og áður hefur komið fram er áætluð árleg fjölgun íbúða 30 íbúðir. Áætlað árlegt hlutfjárframlag miðað við framangreindar forsendur um fjölgun íbúða á tímabilinu 2014-2018 er að meðaltali 63,5 millj.kr.

## Sjóðstreymi

### 2013

Veltufjárframlag rekstrar á árinu 2013 er áætlað 496 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 391 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar ársins eru áætlaðar 325 millj.kr., sem fela í sér fjárfestingar í íbúðarhúsnæði að fjárhæð 414 millj.kr. að frátöldu 89 millj.kr. söluandvirði eigna. Áætlaðar fjármögnunarhreyfingar ársins eru neikvæðar um 31 millj.kr., Hækkun handbærs fjár á árinu 2013 nemur því samtals 35 millj.kr. og áætlað handbært fé 40 millj.kr. í árslok 2013.

### 2014

Veltufjárframlag rekstrar á árinu 2014 er áætlað 557 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 548 millj.kr. Áætlaðar fjárfestingahreyfingar nema 727 millj.kr., sem fela í sér 828 millj.kr. vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og 101 millj.kr. söluandvirði eigna. Fjármögnunarhreyfingar eru áætlaðar 155 millj.kr. Handbært fé lækkar því um 24 millj.kr. á árinu og staðan í lok árs 15,6 millj.kr.

### 2015-2018

Árlegt áætlað veltufjárframlag rekstrar á tímabilinu 2015-2018 nemur að meðaltali 644 millj.kr. og handbært fé 640 millj.kr. Árlegar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar að meðaltali 775 millj.kr. sem skýrist af 887 millj.kr. fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á tímabilinu og 114 millj.kr. söluandvirði eigna. Áætlaðar fjármögnunarhreyfingar nema að meðaltali 133 millj.kr. á ári. Handbært fé lækkar að meðaltali um 1,5 millj.kr. á ári og staða handbærs fjár að meðaltali í árslok 19,9 millj.kr.

## Að lokum

Staða á leigumarkaði í Reykjavík er í dag afar erfið, nánast neyðarástand sökum skorts á leiguhúsnæði til langtímaleigu sem kallar fram hækkandi leiguverð umfram verðlag auk þess sem vaxandi fjöldi þeirra íbúða sem í boði eru uppfylla ekki lágmarksskilyrði varðandi öryggi og aðbúnað enda ekki ætlaðar til búsetu í upphafi. Markaðsbrestur lýsir sér einnig í því að skortur er einna mestur á minni íbúðum 1-2 herbergja. Þannig er staðan á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá velferðarsviði borgarinnar sú að rúm 80% þeirra sem eru í brýnni þörf eru að bíða eftir úthlutun á 1-2ja. herbergja íbúð, en íbúðir af þeirri stærð hafa markvisst ekki verið byggðar til almennra nota í áratugi nema sem afgangsrými í einbýlis- jafnt sem í fjölbýlishúsum.

Á vettvangi vinnuhóps um húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar hefur verið litið til þessarar stöðu á húsnæðismarkaði, almennum sem og félagslegum. Á vegum Félagsbústaða hefur verið unnið að frumhönnun að litlum fjölbýlishúsum hagkvæmum í uppbyggingu og rekstri þar sem aðaláhersla er lögð á minni íbúðir. Ákjósanleg staðsetning slíkra húsa er að þau verði stök á þéttingarreytum víðsvegar í borgarlandinu til þess að koma í veg fyrir að húsin fái á sig félagslegan stimpil. Þá er mikilvægt að við úthlutun íbúða verði lögð áhersla á félagslega blöndun fólks eftir aldri, félags- og fjárhagslegri stöðu sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins um félagslegar íbúðir. Hér er einkum litið til: barnlausra einstaklinga og fólks í sambúð sem uppfylla skilyrði um sérstakar húsaleigubætur, lágtekju- og efnaminna fólks sem uppfyllir skilyrði um almennar húsaleigubætur og nema á háskólastigi úr Reykjavík sem ekki fá inni hjá Félagsstofnun stúdenta.

Ekki hefur verið tekið tillit til þessara nýframkvæmda í ofangreindri áætlun þar sem þær eru hluti af nýrri ósamþykktri stefnumótum Félagsbústaða sem væntanlega verður samþykkt í haust. Um leið og stefnumótun hefur verið samþykkt og nánari útfærsla á uppbyggingaráformum liggur fyrir munu áætlanir félagsins verða uppfærðar til samræmis.

# MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF

## Fjárhagsáætlun

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	<b>Áætlun 2014</b>
Rekstrartekjur	1.120.000.000
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>1.120.000.000</b>
Laun og launatengd gjöld	245.000.000
Annar rekstrarkostnaður	800.000.000
Afskriftir	66.000.000
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>1.111.000.000</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>2.000.000</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>7.000.000</b>

## Megináherslur 2013

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum milli árána 2013 og 2014. Framleiðsla bæði Grjótmulningsstöðvar og Malbikunarstöðvar árið 2013 verður sú lægsta frá því að Malbikunarstöðin Höfði var stofnuð. Fara þarf aftur til ársins 1969 til að finna jafn lágar framleiðslutölur malbiks á höfuðborgarsvæðinu. Allt stefnir í að útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins verði sú næst minnsta frá stofnun fyrirtækisins. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2014 verði örlítið betri, en þó bendir fátt til þess að framboð verkefna aukist að einhverju marki. Reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún er 2013.

Forgangsatíði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

## Framtíðarsýn

Fyrirtækið starfar á útboðs- og samkeppnismarkaði og velta þess og afkoma ræðst af markaðsaðstæðum og hagsveiflu hverju sinni. Á næstu árum virðist sem stórar framkvæmdir á vegum ríkisins séu ekki í auglýsingu á höfuðborgarsvæðinu. Ekki eru heldur horfur á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu muni auka framlög til malbiksframkvæmda á næsta ári. Nýbyggingar vega og gatna verða minni en nokkru sinni fyrr, en meiri óvissa er varðandi hefðbundnar yfirlagnir, einkum þegar til lengri tíma er lítið. Allt bendir til þess að einkaaðilar munu einnig halda að sér höndum og lítið er um stór verkefni á þeirra vegum í auglýsingu. Gera má ráð fyrir því að mjög hart verði barist um þau verkefni sem til falla. Engu að síður er vonast til að úr rætist smátt og smátt frá og með næsta ári, en það mun taka nokkur ár áður en hægt er að reikna með að malbiksframleiðsla nálgist meðalframleiðslu árána 1997-2009.

## Fjárfestingar

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2014 og líklegt er að þær verði með minnsta móti. Hugað verður að hagsveifum leiðum til að verja steinefni gegn raka, en engar ákvarðanir hafa verið teknar í því sambandi. Á næstu árum þarf að huga að uppsetningu blöndunarbúnaðar fyrir ýmis íblöndunarefni til að ná fram meiri gæðum í framleiðslu fyrirtækisins. Klára þarf minni háttar framkvæmdir vegna lóðamála og næstu ár mun koma að því að endurnýja þurfi hluta af tækjum og jafnvel vörubílum fyrirtækisins. Þá þarf að fylgjast með nýjungum á markaði og bregðast við þeim. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

## Fjárför

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa, en til þess gæti komið á næsta ári, ef ekki rofar til í rekstrarumhverfi þess. Verði ákveðið að fara í fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.



# SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

## Leiðarljós

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.



## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.242.681
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.242.681</b>
Laun og launatengd gjöld	1.694.869
Annar rekstrarkostnaður	326.627
Afskriftir	77.415
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>2.098.911</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>53.653</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>80.257</b>

## Megináherslur 2014 og helstu breytingar milli ára

Markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000 er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Ábyrgð sveitarstjórna er skilgreind í 10. gr. laganna og 16. gr. kveður á um skyldur slökkviliðsstjóra til þess að sjá til þess að lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt.

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar vegnar rekstur árið 2014 hækka um 168 m.kr. frá árinu 2013. Framlag eigenda til reksturs slökkviliðs og almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 141 m.kr. og er það vegna verðlagsbreytinga og hækkunar launa vegna kjarasamninga. Sértekjur lækka um 12 m.kr. og gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 39 m.kr. Þess ber þó að geta að enn er ekki búið að skrifa undir nýjan samning um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands. Framkvæmdir við nýja slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ eru komnar á fullt skrið og gert er ráð fyrir að þeim ljúki um áramótin 2014-2015.

## Framtíðarsýn

Framkvæmdir við nýja slökkvistöð við Skarhólabraut hófust um mitt ár 2013. Fjölga þarf starfsfólki og er gert ráð fyrir ráðningum í lok árs 2014. Nokkurn tíma tekur að þjálfra nýtt starfsfólk þannig að það sé tilbúið að hefja störf þegar ný slökkvistöð verður tilbúin í byrjun árs 2015. Um leið þarf að kaupa nýjan slökkvibíl og annan búnað.

## Fjárfestingar

Í 11. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins er kveðið á um framlag í fjárfestingarsjóð, til þess að tryggja eðlilega endurnýjun á fjárfestingum liðsins, þ.e. slökkvibifreiðum og öðrum nauðsynlegum björgunarbúnaði og tækjakosti. Framlagið tekur mið af gengi SDR. Fyrir árið 2014 hækkar framlag eigenda um 32 m.kr og fer í rúmar 86 m.kr. sem miðast við endurnýjun búnaðar vegna þriggja slökkvistöðva.

Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að kaupa nýja slökkvibifreið vegna nýrrar slökkvistöðvar og endurnýja eldri bifreiðar, sem flestar eru komnar vel til ára sinna. Gert er ráð fyrir að hefja undirbúning að því að panta nýjar bifreiðar en ekki gert ráð fyrir því að þær verði komnar til landsins fyrr en í byrjun árs 2015.

Áætlaður byggingarkostnaður nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ er um 510 m.kr. Eigendur SHS, þ.e. sveitarfélögin, fjármagna helming kostnaðarins með aukningu á stofnfé á árinu 2014, eða 255 m.kr., en búið er að taka lán fyrir hinum helmingnum hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Áætlað er að sveitarfélögin þurfi að greiða aukninguna á stofnfénu eigi síðar en í apríl árið 2014.

## Fjárförf

<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Breytingar í þús. kr.
Rekstrarframlag vegna SHS	725.421	645.501	79.920
Fjárfestingarframlag SHS	50.445	31.570	18.874
Framlag vegna SHS alls:	775.866	677.071	98.794
Framlag vegna AHS	3.827	3.712	116
<b>Samtals framlag vegna SHS og AHS</b>	<b>779.693</b>	<b>680.783</b>	<b>98.910</b>

## Leiðarljós

Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita almenna þjónustu á sviði almenningsamgangna, innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara.



## Fjárhagsáætlun 2014

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2014
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	5.290.080
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>5.290.080</b>
Laun og launatengd gjöld	1.617.396
Annar rekstrarkostnaður	3.132.198
Afskriftir	148.150
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>4.898.150</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	<b>1.417</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>390.919</b>

## Megináherslur 2014 og helstu breytingar milli ára

Gert er ráð fyrir að tekjur félagsins hækki um 303 m.kr. á milli ára eða um 6,1%. Áætlunin gerir ráð fyrir að gjaldskrá Strætó hækki um 7% að jafnaði og að farþegum fjölgi um 7% og verði samtals um tæplega 12 milljónir í lok árs 2014. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir að fargjaldtekjur hækki um 123 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að framlag sveitarfélaga til Strætó hækki umfram verðlag milli ára.

Gert er ráð fyrir óverulegri hækkun á rekstrargjöldum félagsins umfram verðlag milli ára.

## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með strætó vegna þess að það sé mun hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.

Þessu verður aðeins náð með því að byggja upp og reka víðtækt en þétttrið leiðakerfi og beina auðlindum okkar að því að mæta eftirspurn þar sem hennar er hvað mest þörf. Við gerum okkur enn fremur grein fyrir því að við verðum að bæta upplýsingaflæði og bjóða upp á gæði sem gerir kröfur um hátt þjónustustig, forgang í umferðinni, þægindi og öryggi.

## Fjárfestingar


Áætlunin gerir ráð fyrir a fjárfest verði fyrir 750 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2014.

## Fjárförf

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2014.

# SORPA bs.

Rekstraráætlun 2014 -2018



Samþykkt í stjórn SORPU bs. 23. september 2013



### Greinargerð rekstraráætlunar

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2014 – 2018 var samþykkt á stjórnarfundum samlagsins þann 23. september síðastliðinn.

#### FORSENDUR

Á eigendafundi þann 2. september sl. voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur, gjaldskrárbreytingar, afkomu, fjárfestingar og lántöku. Almennar ytri forsendur komu fram í bréfi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar dagsettu 8. júlí 2013 og bréfi dagsettu 21. ágúst 2013. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2013 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum Reykjavíkurborgar er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2014 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2013 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2013, nema að gert er ráð fyrir að magn heimilisúrgangs minnki en magn endurvinnsluefnis (s.k. blátunnuefnis) aukist að sama skapi. Gert er ráð fyrir að blátunnuefni berist SORPU í breyttu hirðufyrirkomulagi sveitarfélaganna.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2013. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2014 og útkomuspá fyrir árið 2013 segir til um. Fram til 2016 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Árið 2014 er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna á endurvinnslustöðvunum en þar hefur verið skorið verulega niður á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að auka fræðslu meðal starfsmanna og m.a. gert ráð fyrir að á næstu tveimur til þremur árum verði starfsmönnum kynnt fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs í nágrannalöndunum með heimsóknum. Verður sérstök áhersla lögð á gas- og jarðgerð. Fyrirkomulag hefur ekki verið ákveðið en í verkefnið eru áætlaðar 6 milljónir á næsta ári.

Allir afslættir hjá fyrirtækinu voru aflagðir síðastliðinn febrúar og er ekki gert ráð fyrir að afsláttarfyrirkomulag verði tekið upp aftur. Þó er rétt að hafa í huga að sú ákvörðun stjórnar að fella niður afslættina hefur einnig verið kærð til Samkeppniseftirlits og er þar í meðferð.

Áætlun 2015 – 2018 er gerð á föstu verðlagi ársins 2014.

## Rekstraráætlun SORPU bs. fyrir 2014 – 2018

### FJÁRFESTINGAR

#### Álfsnes

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gasgerðarstöðvar. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 2 milljarðar fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi<sup>1</sup>. Erfitt er að ákvarða nákvæmar tímasetningar eða hvenær má gera ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist eða þeim ljúki. Í áætluninni er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2014 en þeim ljúki árið 2016 og að verkið verði framkvæmt í einum áfanga. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Hins vegar er samþykkt rekstraráætlunar hvorki ávísun á heimild eigenda til lántöku eða endanleg ákvörðun um framkvæmd verkefnisins, heldur verður framkvæmda- og fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun verður tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 500 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2014 og 2015. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

Fjármögnun	Ár			SAMTALS
	2014	2015	2016	
Stofnfé	250	250		500
Langtíma lántaka	300	300	-	600
Skammtíma lántaka			300	300
Af rekstri	130	490	325	945
<b>SAMTALS</b>	<b>680</b>	<b>1.040</b>	<b>625</b>	<b>2.345</b>

Í áætluninn er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árið 2016 verði greidd upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2014 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi og bregðast við aukinni eftirspurn. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árið 2013.

Á árunum 2016 – 2018 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, nýútkominni landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.

<sup>1</sup> Kostnaðaráætlunin byggir á staðsetningu í Álfsnesi en ekki liggur fyrir ákvörðun um að gasgerðarstöðin verði staðsett þar.

## Rekstraráætlun SORPU bs. fyrir 2014 – 2018



### Gufunes

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2014 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari mólunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á föstum og hreyfanlegum vinnutækjum auk þess sem ætlunin er að bæta aðstöðu við lestun pappírsgáma en það er verkefni sem hefur verið frestað í tvígang vegna annarra mikilvægra verkefna.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvukerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

### Endurvinnslustöðvar

Árið 2014 er gert ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Ánanaustum verði stækkuð og þar komið fyrir nýrri móttöku fyrir skilagjaldskyldar umbúðir. Endurvinnslustöðin að Blíðubakka í Mosfellsbæ verður einnig stækkuð og komið fyrir bættri aðstöðu við móttöku og handflokkun skilagjaldskyldra umbúða. Gert er ráð fyrir að hafin verði undirbúningur að byggingu nýrrar stöðvar á norðursvæði höfuðborgarsvæðisins árið 2016, stöðin byggð árið 2017 og tekin í notkun árið 2018.



## REKSTUR

### Tekjur

Árin 2014 og 2015 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2016 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin



## Rekstraráætlun SORPU bs. fyrir 2014 – 2018

2015 – 2018 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári.

### Gjöld

Í áætlun ársins 2014 er gert ráð fyrir þeim þekktu launabreytingum sem þegar hefur verið samið um – sé launabreyting ekki þekkt s.k. kjarasamningi eru forsendur Reykjavíkurborgar um þróun launavísitölu notuð sem áætlun um breytingu á launakostnaði. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna á endurvinnslustöðvum um fjóra, m.a. af öryggisástæðum en starfsfólki á endurvinnslustöðvum hefur verið fækkað um of á síðustu árum. Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár en tekjur af innheimtu hafa nánast staðið í stað. Nýjum stafsmönnum verður dreift á þær endurvinnslustöðvar þar sem álag er mest og þörf er mest af öryggisástæðum. Rekstrarkostnaður endurvinnslustöðvanna mun aukast við þessa aðgerð en gert er ráð fyrir að með fjölgun starfsmanna megi bæta innheimtu vegna gjaldskylds úrgangs.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar hafa eigin tekjur m.a. af sölu klippikorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Nýtt fyrirkomulag er í bígerð með samningi við Endurvinnsluna og er ætlunin að koma upp móttökuskemmmum fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á Breiðhelli í Hafnarfirði og Ánanaustum í Reykjavík. Við breytt fyrirkomulag er ljóst að tekjur endurvinnslustöðvanna munu eitthvað lækka en heildaráhrifin koma í ljós á nýju ári.



Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum í móttöku skilagjaldsskyldra umbúða eftir árið 2014.

Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að byggð verði ný endurvinnslustöð á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins eins og áður hefur komið fram. Á móti er gert ráð fyrir að aflagðar verði ein eða tvær stöðvar á móti. Verkefnið er áætlað árið 2017 og eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur.

Ný rein á urðunarstaðnum var tekin í notkun árið 2011 og hefur kostnaður við gerð hennar verið gjaldfærður eftir notkun. Gert er ráð fyrir að árið 2014 verði 30 milljónir gjaldfærðar vegna þessa og

## Rekstraráætlun SORPU bs. fyrir 2014 – 2018

Það sé síðasti hluti þessa fyrirframgreidda kostnaðar. Eigi síðar en árið 2016 þarf að fara í nýja rein og er gert ráð fyrir að gjaldfæra 50 milljónir árið 2016 og árið 2017 vegna þessa.

Á tímabilinu verður þjónusta við móttökustöðina boðin út sem og þjónusta í Álfsnesi. Breytt vinnslufyrirkomulag í Gufunesi og gasgerð í stað urðunar leiðir til nýrra kostnaðarpáttanna en á móti er gert ráð fyrir að hægt sé að lækka annan kostnað. Því er almennt ekki gert ráð fyrir að almennur rekstarkostnaður byggðasamlagsins hækki.

### SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
		2013	2014	2015	2016	2017	
Framlegð/tekjur	10,9%	12,2%	13,6%	18,6%	17,5%	18,4%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	10,2%	11,7%	13,3%	17,6%	16,7%	17,6%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	30,8%	43,9%	52,5%	67,9%	59,1%	49,2%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	157	318	896	333	447	391	jákvætt

Skygðu reitirnir sýna niðurstöðu þar sem viðmiðum er ekki fullnægt, en rétt er að horfa á alla þætti saman, við mat á því hvort skilyrðum í heild sé fullnægt.



## Rekstrarreikningur áætlun 2014 - 2018

Rekstrartekjur	Ársreikningur 2012	Árshlutareikningur 1/1 -30/6 2013	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Þjónustutekjur .....	2.273.379.846	1.168.700.871	2.470.444.840	2.571.112.585	2.618.942.236	2.800.369.543	2.848.973.977	2.899.661.665
Aðrar tekjur .....	19.088.397	10.019.402	16.323.597	16.775.000				
	<u>2.292.468.243</u>	<u>1.178.720.273</u>	<u>2.486.768.437</u>	<u>2.587.887.585</u>	<u>2.618.942.236</u>	<u>2.800.369.543</u>	<u>2.848.973.977</u>	<u>2.899.661.665</u>
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og tengd gjöld .....	628.145.191	321.686.823	641.225.359	703.640.854	720.880.055	736.739.416	757.368.120	774.787.587
